U. M. F.
Glóðafeykir

4240 2/60

# Lög
## fyrir
## Ungmennafélag Akrahrepps.

1. gr.

Félagið heitir Glóðafeykir.

2. gr.

Félagssvæðið er Akrahreppur.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að glæða félagslíf á félagssvæðinu, að efla hverskyns manndáð og drengskap, auka samvinnu og bróðurhug, og örfa menn og auka þeim möguleika á að starfa í þeim anda.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið að ná

með málfundum, íþróttum, skemtunum og nytsamlegri vinnu.

5. gr.

Fundir skulu haldnir a.m.k. 5 á starfsári hverju. Einn þeirra er aðalfundur. Skal hann haldinn síðari hluta maí ár hvert. Á aðalfundi eru lagðir fram reikningar félagsins og stjórn kosin.
Á fundum félagsins skulu rædd félagsmál og auk þeirra ýmis velferðarmál sveitar og þjóðar, svo og önnur mál er heyrt geta undir tilgang félagsins.
Félagið vill glæða nytsamar íþróttir meðal meðlima sinna.
Það vill auka saklausa gleði meðal manna með ýmsum skemtunum svo sem útileikum, skemtiferðum og dansi.
Skal haldin a.m.k. ein myndarleg skemtisamkoma á ári hverju. – Þá skal og lögð sérstök stund á að auka sönglist innan félagssvæðisins.
Félagið vill, eftir því sem geta þess



leyfir, gangast fyrir að komið sé í framkvæmd ýmsu, sem verða má sveitinni til hagsældar eða einstaklingum hennar til gagns.

6. gr.

Starfsár félagsins er frá aðalfundi ár hvert, fram að næsta aðalfundi. Reikningsár félagsins er frá 1. maí til 30. apríl.

7. gr.

Félagar geta þeir einir orðið, sem búsettir eru innan félagssvæðisins, eða hafa þar dvöl um lengri tíma, og eru orðnir fullra 12 ára að aldri.
Skal hver og einn skrifa nafn sitt undir lög félagsins um leið og hann gengur í félagið.

8. gr.

Ársgjald er kr. 2.00 fyrir karlmenn fullra 16 ára og eldri, kr. 1.50 fyrir konur á sama aldri, kr. 1.00 fyrir börn 12-16 ára

Ársgjald sé greitt á aðalfundi og fyrir nýja meðlimi við upptöku þeirra í félagið.

9. gr.

Úrsögn úr félaginu er bundin við aðalfund og skal hún koma fram skriflega. Þegar maður flytur af félagssvæðinu er hann sjálfgenginn úr félaginu. Þó má með samþykt á aðalfundi veita slíkum manni leyfi til að vera áfram í félaginu.

10. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður ritari og gjaldkeri. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn á aðalfundi.
Þegar maður hefur verið í stjórn, eða innt af hendi annað starf í þágu félagsins 3 ár í röð eða lengur skal honum heimilt að skorast undan kosningu um jafnlangan tíma.
Stjórnin annast framkvæmdir í stjórn félagsins að svo miklu leyti sem þær



eru ekki faldar sérstökum nefndum.
Formaður setur fundi og stýrir þeim eða útnefnir fundarstjóra. Ritari heldur gerðabók yfir framkvæmdir stjórnarinnar og félagsins í heild, og ritar fundargerðir eða útnefnir fundarskrifara.
Gjaldkeri heimtar inn tillög, semur reikninga félagsins ásamt formanni, og greiðir reikninga þess eftir fyrirsögn hans, og innfærir aðalreikninga félagsins í þar til ætlað. bók.
Hann ávaxtar á tryggum stað fé það sem félagið kann að eignast, og sé eigi meira en kr. 100.00 til lengdar í vörslum hans, en þá upphæð má hann hafa rentulaust.
Kjósa skal á aðalfundi 2 endurskoðendur reikninga til eins árs í senn. Á aðalfundi skal og kosin varastjórn skipuð þremur mönnum.
Á fundi má kjósa sérstakar nefndir til þess að hafa á hendi ýmsar framkvæmdir félagsins (sbr. 5. gr.) og skulu þeir starfa í sambandi við

stjórn félagsins til svo langs tíma
sem ákveðið hefur verið við kosningu
þeirra.
Skylt er hverjum félagsmanni að taka
á móti kosningu eða útnefningu í
þágu félagsins, með þeim takmörkum
sem segir í grein þessari.

11. gr.

Kosning í stjórn félagsins fer fram
skriflega á einum stjórnarmanni í senn
Endurskoðendur reikninga varastjórn
og nefndir skal kosið hvort um sig
í einu lagi skriflega.

12. gr.

Til fundar skal boðað með skrif-
legum fundarboðum með nægum fyrir-
vara. Í þeim skal tekið fram hið helsta
sem ræða skal á fundinum, svo sem laga-
breytingar umræðuefni o. fl.
Fundur er lögmætur ef löglega hefur
verið til hans boðað, þó skal aðal-
fundur því aðeins lögmætur að 1/3
félagsmanna mæti og óviðráðanleg forföll
hamli ei fundarsókn allmargra félags-
manna.
Ef kært er yfir því, að fundur hafi
verið ólögmætur, ákveður næsti lögmæt-
ur fundur, hvort ákvarðanir hans
skuli ónýttar eða ekki. Slík kæra
skal hafa komið til stjórnarinnar
innan mánaðar frá því að fundur
sá er kært var yfir var haldinn.
Á fundum ræður afl atkvæða úr-
slitum mála (sbr. þó 18. og 19. gr.)

13. gr.

Í lok hvers fundar útnefnir formaður
2-3 menn til þess að sjá næsta fundi
fyrir umræðuefni, - þá les og ritari
fundar upp fundargerð.

14. gr.

Fundir skulu fara skipulega fram.
Ber fundarstjóra og formanni að gæta
þess. Ef félagsmaður veldur óspekt-
um á fundinum, er fundarstjóra heim

-ilt að vísa honum af fundi.

### 15. gr.

Ekki er félagsmönnum leyfilegt að hafa nokkuð það í frammi á innbyrðissamkomum félagsins, né félaginu í heild í starfsemi sinni er geti verið félagsmönnum til siðspillingar eða afvegaleiðslu. Þannig skal öll vínnautn bönnuð á slíkum samkomum.

### 16. gr.

Ef einhver félagsmaður gerir sig sekan í verulegum brotum á lögum félagsins eða vítaverðum vanrækslum við það, skal stjórninni heimilt að víkja honum úr félaginu, um lengri eða skemmri tíma. Á sama hátt getur fundur refsað stjórnarmanni fyrir samskonar brot. Ef stjórn brýtur lög félagsins í verulegu atriði skal hún ekki endurkosin.

### 17. gr.

Ef vafi leikur á hvernig fara skuli með mál á fundum, sker formaður (eða fundarstjóri) úr.
Ef vafi leikur á, hvernig skilja beri lögin, sker stjórnin úr, að svo miklu leyti sem greinargerð þeirra nær ekki til. Ef mál koma fyrir félagið svo að ekki heyra undir lög þessi, skal þeim ráðið með fundarsamþykktum.

### 18. gr.

Félag þetta má því aðeins leggja niður, að slíkt nái samþykkt á 2 lögLegum aðalfundum í röð, og greiði minnst 4/5 hlutar fundarmanna því atkvæði sitt, enda hafi og málið verið auglýst í fundarboði.
Ef félagið verður lagt niður skal hreppsnefnd Akrahrepps falið að geyma sjóð félagsins til ávöxtunar, þar til nýtt félag með svipaðri stefnuskrá og þetta félag hefir, verður

stofnað innan félagssvæðisins.
Ef 20 ár líða frá slitum félagsins þannig að slíkt félag sé óstofnað, skal sjóði þess ráðstafað af núverandi sóknarprestinum í Kirkjubæjar prestakalli, hreppstjóri og oddviti Akrahrepps, skipa, og skal sjóðnum ráðstafað fyrir félagssvæðið.

19. gr.
Breytingar á lögum þessum má því aðeins fram að ganga, að 3/4 hl. félagsmanna á lögmætum aðalfundi gefi þeim samþykki sitt. Sama gildir og um hverja þá breytingu á lögum félagsins sem að einhverju leyti útrúi í bága við lög þessi eða anda félagsins.
Þó má breyta ákvæðum um árstillag og hlutfallstölu félagsmanna sem mæta þurfi til að gera aðalfund lögmætan, með einföldum meirihluta.

20. gr.
Lög þessi öðlast gildi við samþykkt og undirskrift félagsmanna.

D. u. s.

Jón Eiríksson Björn Sigtryggsson Laufásmóðir
Guðrún Jónsdóttir Ingibjörg Jónsdóttir
Þuríður Jónsdóttir Ingibjörg Eiríksdóttir
Anna Hjörtardóttir Nikólína Jóhannsdóttir
Valgerður Eiríksdóttir Gunnhildur Björnsd.
Erlendur Jónsson Þórarinn Hallgrímsson
Jón Agnarsson Ingimar Jónsson
Valgarður Pjetursson Kristinn Helgason
Stefanía Jónsdóttir Guðrún Björnsdóttir
María Hjálmarsdóttir
Björn Björnsson Guðjón Hallgrímsson
Þorsteinn A Einarsson Arnljótur Pjetursson
Einar Jónsson Jón Jónsson
Þóranna V. Hjálmarsdóttir

27. júní 1926

Ingibjörg Jóhannsdóttir Herluf R. A. Ryel.
Árni Jónsson

4. des. 1926

Jensína Björnsdóttir.

Snúið við!

6. jan. 1927 Vagn Gíslason. [illegible] Óskar Gíslason
Stefán Jónsson Aðalbjörg Gísladóttir Árni Gíslason
Steindór Pétursson 5. febr. 1927 Rögnvaldur Jónsson
22/5. 1927 Hildur Gunnlaugsdóttir
26. júní 1927. Nanna Þorbergsdóttir. Anna Sveinsdóttir
26 Mars 1928. Þórunn Gunnarsdóttir Gunnar Valdimarsson
26. maí 1929 María Þorsteinsdóttir Stefán Vagnsson.
Jón Hallsson Svanin Jóhannsdóttir
Hólmfríður Jóhannsdóttir Pálmey Haraldsdóttir
15. Júní 1930 Halldóra Jónsdóttir Ágúst Jónsson
Gísli Sigurðsson Jó. Pétur Jóhannsson
Ólafur Bjarnason.

20. nóv. 1933. Gísli Sigurðsson
Gunnlaugur Jóhannsson Gísli Jónsson

Birna Jónsson

## I. — Greinargerð

### fyrir

### lögum ungmennafélagsins „Glóðafeykis",

lesin upp og samþykt á stofnfundi félagsins

á Stóru Ökrum 2. maí 19[illegible]

Fyrirsögn laganna.

Félagið kallast ungmennafélag, því það vill tileinka sér framfarir framsóknar æsku.

1. gr.

Þótti vel til fallið, að nefna félagið eftir fjallinu sem landfræðilega séð er einkenni þessa félags, enda á og félagið að vera eldlegur félagsskapur.

3. gr.

Félaginu er ljóst, hver máttur liggur á bak við samtök og samvinnu. Því vill það safna mönnum saman undir merki sín, til þess, 1° að venja menn á að vinna í félagsskap, og 2° að skera upp herör til framkvæmda fagurra hugsjóna.

4. og 5. gr.

Félaginu er ljóst, hve mikils virði það er fyrir mann, að geta sómasamlega leitt skoðun sína í ræðu á almennum mannfundi, og hver máttur til slíks, eins og til hvers eins, liggur í æfingu og vana. — Þá sér það, hver heilsubót, menningarauki og gleðilind er í hollum íþróttum. — Það fer þá eigi dulist þess, hver aflgjafi til félagslífs skemtanir eru, og sést eigi yfir, að það sé til gagns, sem veitir gleði inn í lífið, án þess að það sé gert á kostnað nokkurs þess, sem gott er og þarflegt. — En því má þó síst gleyma, sem drýgst verður að halda lífi voru uppi, en það er hin uppbyggjandi nauðsynlega vinna.

5. gr.

Félagið telur, að ekki sé um of, að meðlimir þess komi saman á reglulegan fund 5 sinnum á ári. Það vill vera félag af lífi og sál, en ekki sofandi nafnfélagsskapur. Það dylst eigi þess, að fundarhald með undirbúningi tekur tíma. En það vill ekki vera haldið uppi af öðrum mönnum en þeim, sem tíma að eyða til þess einhverju af kröftum sínum og tíma, og það hyggst eigi þurfa að lifa á beiningum, en vill borga það tvöfalt aftur, sem því er gert.

6. gr.

Starfsár og reikningsár er eigi látið falla saman til þess að tími vinnist til að endurskoða reikninga, áður þeir séu lagðir fram fyrir félagsmenn.

7. gr.

Félagið vill ekki útiloka neinn frá sér fyrir aldurs sakir eingöngu, eigi hann eldmóð æskunnar yfir að ráða. Hins vegar þykir rétt að gera það eigi að barnafélagi og er því sett takmark aldurs að neðan. Þó þykir eigi hyggilegt, að útiloka menn frá félagsskapnum langt fram eftir aldri, því gott er börnum að venjast snemma í hollum félagsskap og siðum. — og hvað ungur nemur, gamall temur.

8. gr.

Félagið vill eigi ganga fram hjá þeim mismuni, sem er á kaupgjaldi og gjaldþoli karla, kvenna og barna. Því vill það veita þeim kröfuvægari tilslökun á gjaldi, án þess að skerða nokkuð fyrir það réttindi hans.

9. gr.

Þykir hyggilegt og sanngjarnt að mega veita gömlum og góðum félaga setu áfram í félaginu, þótt hann sé vikinn skamt út fyrir takmörk félagssvæðisins. Ennfremur að meina eigi þátttöku þeim er dvelur um talsverða hríð innan félagssvæðisins, þótt lögheimili hans sé utan þess.

10. gr.

Rétt þykir að lögbinda eigi formann eða ritara við stjórn og ritstörf funda, þar sem það er nokkuð bindandi, og auk þess getur verið gott að sem flestir venjist þessum störfum í félagsskapnum.

15. gr.

Félagið vill um fram alt vera siðferðilegur félagsskapur. Í þeim efnum vill það vera strangt við sjálft sig og meðlimi sína. En sökum þess að það vill að sem minstu leyti [illegible] gripa inn í persónulegt einstaklingsfrelsi manna, þá lætur það siðgæðiskröfur sínar að eins ná til innbyrðis samkoma sinna. En þó ætlast félagið til þess af meðlimum sínum, að þeir komi alt af sómasamlega fram og eins og góðum drengjum sæmir.

16. gr.

Félagið hefir ekki — og vill ekki hafa aðra refsingu yfir að ráða, en útilokun frá félagsskapnum, sem í hámarki sínu er burtrekstur.

18. gr.

Rétt þykir að hafa talsverða erfiðleika á, að leggja félag eins og þetta niður, enda getur og nokkuð brot af því — verði það mannmargt, orðið nægilegt til að halda uppi félagsskap í anda og stefnu þessa félags.

19. gr.

Svo þykir og, að festa fáist því að eins í framkvæmd félags, að mikið sé eigi hringlað með lög þess.

— " —

## 1. fundur (stofnfundur)

Sunnudaginn 2. maí 1926 (eftir messu á Flugumýri) var settur og haldinn stofnfundur ungmennafélags Akrahrepps á Stóru Ökrum, skv. fundarboðinu. Jón Eiríksson í Djúpadal setti fundinn og sá um kosningu fundarstjóra. Var Björn Sigtryggsson í Framnesi kosinn fundarstjóri. Vegna þess að ætlast var til að lög félagsins yrðu undirskrifuð í fundarlokin, voru kosnir 2 skrifarar og voru það þeir Jón Eiríksson og Guðjón Hallgrímsson á Flugumýri. Skiftu þeir þannig verkum með sér, að Jón skrifaði lögin, en Guðjón fundargerð.

Eftir kosningu fundarstjóra hóf sr. Lárus Arnórsson þar sögu að hinum verðandi lögum félagsins. Skýrði hann frá því, sem valdið hafði á því, að þessi stofnfundur hefði komist á, og aftraði hann af langvinnum veikindum og dauða eins mannsins, er upphaflega hefði verið kosinn í lagasmíðanefndina — Jóns [Kristjáns] Árnasonar á Víðivöllum. Bað hann fundarmenn að minnast hans með því að standa upp og var svo gert.

Síðan las sr. Lárus upp lögin og skýrði hverja grein þeirra fyrir sig og las upp greinargerð fyrir lögunum. Urðu



mjög litlar umræður um lögin og greinargerð þeirra. — Að þessu loknu bar fundarstjóri upp hverja grein laganna fyrir sig og var hver þeirra samþykt með öllum greiddum atkvæðum og því næst lögin í heild sömuleiðis, ásamt greinargerðinni.

Þá er lögin voru samþykt og hreinskrifuð var gengið til að undirskrifa þau. Af fundarmönnum rituðu 27 undir lögin og skoðast þeir stofnendur ungmennafélagsins „Glóðafeykir".

Eftir undirskrift laganna gat fundarstjóri þess, að hér eftir yrði fundurinn lokaður og bað þá, er eigi ætluðu sér að gerast félagsmenn þá á fundinum að ganga út. — Hóf þá einn fundarmanna máls til andmæla einni grein laganna (15. gr.), en lagasmíðanefndin varði og urðu um þetta nokkrar umræður. Ítrekaði þá fundarstjóri tilmæli sín, að þeir sem ekki væri félagsmenn gengi út, og var svo gert.

Eftir þetta urðu litlar umræður en gengið til stjórnarkosningar. Kosningu hlutu: Form. Björn Sigtryggsson (11 atkv.), ritari Jón Eiríksson (15 atkv.), gjaldkeri Lárus Arnórsson (19 atkv.). Varastjórn: Form. jfr. Guðrún Björnsdóttir (9 atkv.), ritari Gunnh. Björnsd. (6 atkv.), gjaldk. Nikolína J. Hannesd. (4 atkv.). Endurskoðendur reikninga Guðrún Björnsd. og Gunnhildur Björnsd. (8 atkv.)

Fleira var ekki tekið fyrir, en fundi slitið.

Eftir fundinn var stiginn dans stundarkorn.

# 1926 – 27.

## 2. fundur (1. aukafundur)

Sunnudaginn 27. júní 1926 (eftir messu á         ) var fundur settur og haldinn í Glóðafeyki á Stóru-Ökrum, skv. fundarboðum.

Formaður félagsins setti fundinn og skipaði honum í fjarveru ritara og vararitara tilnefndi formaður til fundaskrifara Björn Björnsson í Torfumýri.

Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum:

1. Framtíðarstarfsemi félagsins. Framsögu hafði formaður fél. Björn Sigtryggsson. Rakti hvernig starfsemi félagsins skyldi háttað í framtíðinni og mintist þar sérstaklega á skógrækt, er æskilegt væri að félagsmenn hlyntu eitthvað að. Í annan stað mintist hann á nauðsyn félagsins að afla sér verulegra tekna, en til þess taldi hann heyskap fyrir félagið helsta og besta ráðið. – Um málið urðu allmiklar umræður. Hvatti séra Lárus til þess að félagið beittist fyrir vegagerð innan félagssvæðisins, og hvatti til að félagar legðu fram vinnu í því skyni. – Annars snerust umræður aðallega um heyskapinn og viðvíkjandi honum það helst hvort heyja skyldi á virkum degi eða helgum. Hneigðust flestir að því síðara, en séra Lárus mælti í móti. Var engin ákvörðun tekin í því efni, en að eins samþykt að heyja skyldi á sumri komanda (samþ. með 11 atkv.: 6.). Að öðru leyti var ákvörðun um málið frestað til næsta fundar, sem ákveðinn var að haldinn yrði innan skamms.

2. Félagið og skemtanirnar. Framsögu hafði séra Lárus. Rakti í ítarlegri ræðu afstöðu félagsins til skemtananna og færði ástæður fyrir hversvegna skemtanirnar væru svo hátt settar innan félagsins, sem raun væri á. – Taldi hann þeim það m.a. til gildis, hversu sterkur tengiliður þær mættu, frá aðdráttarafl sitt, verða milli félagsmanna, hver gleðigjafi einstaklingunum og tekjulind félagsheildinni. – Um málið urðu töluverðar en fjörugar umræður.

3. Harmonika. Séra Lárus vakti máls á nauðsyn félagsins að eignast harmoniku, ef eitthvað ætti skemt sér eftir fundi og bar upp tillögu um kaup á harmoniku, ef viðunandi verð fengist. Samþ. með 9 atkv.: 1. Nefnd kosin til að hrinda málinu í framkvæmd. Kosningu hlutu: Björn Björnsson, Torfm., Jón Eiríksson í Djúpadal, og Þuríður Jónsdóttir á Flugumýri.

Skipaðir í nefnd til að sjá næsta fundi fyrir umræðuefni: Jón Eiríksson í Djúpadal og Björn Björnsson í Torfumýri.

Fleira var ekki tekið fyrir – en fundi slitið.

4. Séra Lárus vakti máls á því, að farin yrði skemtiferð af félagsmönnum, og var eftir nokkrar umræður ákveðið, að farið skyldi upp á fjallið „Glóðafeyki“, og haldinn fundur um leið, eftir messu á Flugumýri.

Björn Björnsson

Það skal tekið fram, að skemtiferð sú sem ákveðið var að fara, á fundinum 27. júní upp á Glóðafeyki og fundur sá er átti að vera í sambandi við hann, fórst hvorttveggja fyrir sökum óveðurs þann dag er fara átti.

3. fundur. (2. aukafundur.)

Sunnudaginn 22. ágúst 1926 var fundur settur og haldinn á Stóru-Ökrum af ungmennafjelaginu "Glóðafeyki" að undangengnum fundarboðum.
Formaður fjelagsins Björn Sigtryggsson Framnesi var ekki mættur á fundinum svo varaformaður frú Guðrún Björnsdóttir Miklabæ nefndi til fundarstjóra Lárus Arnórsson Miklabæ.
Dagskrá fundarins var þessi:
1. Rætt um heyskap
2. Óákveðið (framm. Jón Eiríksson.)

I. Þar sem síðasti fundur hefði eigi ákveðið tekið um heyskaparmálið, lá það fyrir þessum fundi, til úrlausnar.
Urðu talsvert miklar umræður um málið einkum um það hvort heyja skyldi á virkum degi eða sunnudegi. Voru það aðall. frú í Dal og sjera Lárus sem þar deildu.
Að lokum umræðum kom fram tilmæli frá sjera Lárusi um það að atkvæðagreiðsla færi fram í þrennu lagi.
1.) Þeir sem aðeins vilja vinna á virkum degi — 1 atkv.
2) Þeir sem heldur vilja vinna á sunnud. en myndu þó vinna virkan dag — 2 atkv.
3) Þeir sem aðeins vilja vinna á sunnud. 21 atkv.
Var því ákveðið að vinna n.k. sunnud. í Miklabæjarnesinu þar sem sjera Lárus hafði lofað að láta heyja.
II. Þar sem mjög var orðið áliðið dags var frestað samkvæmt lagi milli frúar í Dal og fundarmanna að hann frestaði málefni sínu til næsta fundar.
III. Sjera Lárus hvatti fjelagsmenn til meiri stundvísi hvað fundi fjel. áhrærði, hvað það áríðandi þegar langt væri komið fram yfir tilsettan fundartíma að fjelagsmenn væru að fara fjárskatt útundan sem hefði fundinn.
IIII Fundargjörðin lesin upp og samþykt. Fundi slitið.

Lárus Arnórsson (fundarst.) Jón Eiríksson. (ritari)

4. fundur (3. aukafundur)

Laugardaginn 4 des. 1926. var fundur settur og haldinn í ungmennafjelaginu Glóðafeykir á Stóru-Ökrum. Formaður fjel. Björn Sigtryggsson setti fundinn og stýrði honum. Í fjarveru ritara og vararitara tilnefndi formaður Jensínu Björnsdóttur til fundarskrifara. Auk þeirra voru þessir fjelagar mættir á fundinum: Séra Lárus Arnórsson. Nikólína Jóhannsdóttir. Valgerður Eiríksdóttir. Sigrún Jónsdóttir. Jóhanna Hjálmarsdóttir. Guðrún Jónsdóttir. Valgard Pjetursson. Jón Eysteinsson. Björn Björnsson. Ingibjörg Jónsdóttir. og Ingimar Jónsson. Þessi mál voru tekin til umræðu á fundinum

1. Björn Björnsson flutti erindi um fjelagslíf. Sýndi hann fram á helstu kosti fjelagslífs, svo sem aukin kynni og aukna samúð meðal manna. Til máls-töku þeir sra Lárus og Björn Sigtryggsson, og frummælandi aftur og urðu um málið nokkrar umræður.

2. Form. mintist annars máls á dagskrá fundarins: hvernig afla skyldi fjelaginu skjótra tekna. Talað aðall. um skemtisamkomu. Um það urðu nokkrar umræður. Mælti form. með því að reynt yrði að koma á sjónleik, en sra Lárus mælti með að reynt yrði að hafa söng til skemtunar.

Kosin var 5 manna nefnd til að koma á fyrirhugaðri skemtisamkomu, og hlutu kosningu: Jón Eiríksson. Ingibjörg Jónsdóttir. Björn Björnsson. Björn Sigtryggsson og Sigrún Jónsdóttir.

3. Björn Björnsson vakti máls á því hve æskilegt væri að ungmennafjelagar einkum úr Miklabæjar og Flugumýrarsóknum, mættu til að aðstoða við söng við messugjörð á Miklabæ og Flugumýri og gat þess jafnframt að sér fyndist tilhlýðilegt að hver ungmennafjel. fundur byrjaði og endaði með söng. Tók sra Lárus í sama streng, og þakkaði Birni fyrir uppástunguna um kirkjusönginn.—

4. Sra Lárus vakti máls á, að á fundi kvenfjel. Akrahrepps hefði verið

gerð samþykkt um tilraun til útrýmingar lúsa í Akrahreppi, og að ákveðið hefði verið þar að leita samtaka við Ungmennafjel. í því skyni. Bað menn að hafa það í huga, og hyggja á bardaga-aðferðir. Um þetta urðu litlar umræður.

5° Séra Lárus gat þess, að hann hefði þekkt til þess í fjelögum, að L að leyft hefði verið að L spurningum til ákveðinna fundarmanna í því skyni, að þeir svöruðu þeim annaðhvort á sama fundi eða þeim næsta, og hvatti til að slíkt yrði tekið upp í Glóðafeykir.

Lagði hann þessar tvær spurningar fyrir fundarmenn, og bað að svarað yrði á næsta fundi: 1) Fyrir Nikólínu Jóhannsdóttur: Hvað fælir unga fólkið úr sveitunum? 2) fyrir Ingibjörgu Jónsdóttur: Er viðeigandi að stúlkur skeri hár sitt sem karlar, og búist karlmannsfötum á ferðum? –

6. Form. tilnefndi Ingimar Jónsson í málanefnd til næsta fundar ásamt Jóni Eiríkssyni, sem hafði átt að hafa framsögu á hinum síðasta fundinum, en kom ekki á fundinn.

Þegar hjer var komið hafði fundur staðið nál. 3½ kl.st. Var ekki fleira tekið fyrir en fundi slitið. Að fundinum loknum voru sungin nokkur ættjarðarkvæði.

Jensína Björnsdóttir

5. fundur (4. aukafundur)

Fimtudaginn 6. Jan. 1927 var settur og haldinn aukafundur í ungmennafjel. Glóðafeykir samkvæmt fundarboði auglýstu 1. Jan á skemtisamkomu á Miklabæ.

Á fundinum voru mættir þessir fjelagsmenn: Sra Lárus Arnórsson. Jón Eiríksson. Björn Björnsson. Jón Agnarsson. Erlendur Jónsson. Þórarinn Hallgrímsson. Jensína Björnsdóttir. Anna Marteinsd. Guðrún Jónsd. og Þóranna Hjálmarsd.

Í fundarbyrjun gengu í fjelagið: Björn Sigurðsson, Stóru-Ökrum. Stefán Jónsson

Höskuldsstöðum. Óskar Gíslason Miðhúsum
Vagn Gíslason s. st. Árni Gíslason s. st.
Aðalbjörg Gísladóttir s. st. Á fundinum
óskaði Steindór Pjetursson, sem á heimili
utan fjelagssvæðis, en dvelur innan fjelags-
svæðis í vetur, inntöku í fjelagið og
var honum leyft inngöngu í fjelagið
með öllum greiddum atkvæðum.

Þar eð formaður fjel. var ekki mættur
og varaform. gat ekki heldur komið vegna
forfalla, þá hafði Jón Eiríksson fundarstjórn
en nefndi til skrifara: Stefán Jónsson

Þessi voru fundarmálefni:

1. Framtíð Skagafjarðar. Frummælandi:
Jón Eiríksson: Flutti hann allangt
og ítarlegt erindi um framtíð hjeraðsins.

Minntist hann þar og á fjölmargt
það, sem lægi fyrir þessari kynslóð, og
næstu kynslóðum að koma í framkvæmd.
Því margt væri það sem hefði legið, og
lægi ógert, af því sem kröfur nútímans
heimtuðu bæði á þessum tímum og
í framtíðinni.. Kom ræðumaður víða
við. Talaði hann allítarlega um ræktun-

hjeraðsins, verslun, samgöngur þess, byggingar
í sveitum, skólamál hjeraðsins o. fl.

Taldi hann að ræktun landsins þyrfti
að aukast hröðum fetum, og hjeraðs-
búar þyrftu að hafa það að takmarki
sínu til að keppa að, að allt það
land er til slægna er haft, sé ræktað
bæði með áburði og áveitu. Rányrkjan
þyrfti að hverfa úr sögunni, menn þyrftu
að hætta að brenna áburðinum en taka
rafmagnið í staðinn í þjónustu sína.

Þá taldi ræðumaður að fjelagsskapinn
eða samvinnufjelagsskapurinn í verslun
þyrfti að aukast, og gat um í því
sambandi að sláturhús lægi fram í
firðinum myndi til mikilla hagsbóta
bændum hjeraðsins. Samhliða stórbættum
samgöngum, þegar sá tími kæmi að vega-
kerfi hjeraðsins væri komið í fyrirhugað
form, með bifreiðafærum brautum
um þvert og endilangt hjeraðið.- Þegar
bændur notuðu einungis til flutninga
sinna, annaðhvort einkabifreiðar sínar
eða þá að þeir hefðu þau flutningstæki

í félagi. Byggingar í sveitum kvað ræðumaður að væru eins og menn vissu í mjög slæmu lagi hér í firðinum jafnvel að mun lakari en í ýmsum nærliggjandi sveitum: Framtíðarbyggingar í sveitum taldi ræðumaður steinsteypu-byggingar í fjörlegum stíl: Bæi með burstarlaginu gamla og grasi grónum þökum. Sólríka og hlýja, upplýsta með rafmagni, og upphitaða með miðstöðvarhitun.- Eitt það sem frum-mælandi taldi að vera lífsnauðsyn undir velmegun og framförum héraðsins, það var góð höfn á Sauðárkróki.- Reyndi að færa rök fyrir því hvernig slíkt mætti verða.- Taldi að góð höfn mundi auka útgerð,- jafnvel í stórum stíl, og að sérstaklega útgerðin mundi veita peninga-straum inn í héraðið, og verða þannig til þess að framfarir mundu aukast.

Þá talaði ræðumaður nokkuð um trúarlíf manna, sveitamenningu og skólamál.- Taldi að æskilegt væri að Skagfirðingar eignuðust sveitaskóla fyrir sig, og að hann mundi ef gjörlegt væri á haldið, geta orðið útvörður og aflgjafi hinnar íslensku sveitamenningar hér innan sýslu.

Umræður urðu töluverðar um einstök atriði í ræðu frummælanda, voru þar átalleg milli tveggja manna: séra Lárusar og frummælanda. Snérust þar meðal annars að nokkru leyti um trúarlíf og trúmál, og sýndist þar sitt hverjum eins og gengur. Að umræðum loknum var þetta mál tekið út af dagskrá.

2. Málefnanefnd fyrra fundar.

Ingimar Jónsson, sem ásamt Jóni Eiríkssyni hafði átt að sjá um málefni til umræðu á þessum fundi, var ekki mættur.- Ennfremur voru ekki mættar Nikólína Jóhanns og Ingibjörg Jónsdóttir, sem báðar áttu að svara spurningum frá síðasta fundi (sbr. síðustu fundargjörð.)

3. Upplestur. Jón í Djúpadal las upp kvæðið „Hafísinn" eftir Stgr. Thorsteinsson Er hann hafði lokið upplestrinum,

gerði svo Hávus nokkrar leiðbeinandi aðfinslur og athugasemdir við upplesturinn. Fundarritari síðasta fundar las upp síðustu fundargjörð. Var hún borin undir atkvæði fundarmanna og samþykt án athugasemda.

4. Málefnanefnd. Til næsta fundar voru alkvaddir í málefnanefnd: Ingimar Jónsson, sem framsögu átti að hafa á þessum fundi, Arngrímur Björnsson og Jón Agnarsson.

5. Spurningar. Þá kom svo Hávus með 2 svohljóðandi spurningar: 1) Hvað er hið rjetta trúarlíf, og hvert er samband þess við hina ytri guðrækni? 2) Hvert er aðalmein íslensks landbúnaðar? Spurningum svari Jón Eiríksson, á næsta fundi.

Fundargjörð lesin upp og samþykt. Fundi slitið.

Jón Eiríksson (fundarstjóri)

Stefán Jónsson.

## 6. Fundur (5. aukafundur)

Fundur settur og haldinn í ungmennafjel. „Glerárþyki" laugardaginn 5. febr. 1927, að Stóru-Okrum.

Til fundarins var boðað samkvæmt fjelagslögunum. 22 fjelagsmenn voru mættir á fundinum. Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

I. Líkamsmentin. málshf. Ingimar Jónsson
II. Hver er mannsins besti eign? Arngrímur Björnss.
III. Hvað mun hönd in ein og ein. o.s. frv. Jón Agnarss.
IIII. Spurningum svarað:

a) Hvað felur unga fólkið úr sveitinni?
Nikólína Jóhannsd. svari.

b) Er viðeigandi að stúlkur skeri hár sitt, og karlar og búist karlmannafötum á fundum.
Ingibjörg Jónsdóttir svari.

c) Hvað er hið rjetta trúarlíf, og hvert er samband þess við hina ytri guðrækni?
Jón Eiríksson svari.

d) Hvert er aðalmein íslensks landbúnaðar?
Jón Eiríksson svari.

V Upplestur

## Þetta gjörðist á fundinum

I. Fyrsta mál á dagskrá tekið fyrir.

Framm. flutti stutt en snoturt erindi og kom þar með hvatningu á gott málefni. Framm. taldi að líkamsmenntun hreysti, ýtursemi og hreinmenska væri í afturför hjá hinni ungu kynslóð.

Þó kvað leitaðist hann við að færa máli sínu til sönnunar. — Um málið urðu talsverðar umræður og sýndist sitt hverjum eins og venja er til á fundum. Nokkrir fylgdu málsh. að málum og töldu að um afturför væri að ræða.

Aðrir aftur mótmæltu þessu og héldu því fram að, um afturför væri ekki að ræða – heldur breyttu lifnaðarhætti, sem hefði það í för með sér að líkamsáreynsla ætti sér tæplega stað lengur, — ennfremur væri nú allt um samgöngum bæði á sjó og landi; nú þyrftu menn t.d. ekki lengur að leggja þungar byrðar á sinn eiginn hrygg, eins og oft átti sér stað hér á tímum — meðan samgöngur voru erfiðar. Einnig væri nú allt verkfæri, flutningstæki o. fl. o. fl.

Engin tillaga kom fram í málinu, og það því tekið út af dagskrá.

II. Mál á dagskrá tekið fyrir:

Framm. flutti talsvert ítarlegt erindi, og drap á það að margt væri það í eign mannsins, sem honum fyndist gott og nytsamlegt, — svo sem: Góður hestur, góð kýr, góður bíll; miklir fjármunir — og ennfremur heyforði og gott land.

Það síðasta taldi sýndi hann fram á með rökum að hefði stórfenglegri kosti fram yfir hitt annað er hann hefði talið upp.

Um málið urðu litlar umræður — þeir sem tóku til máls voru framm. ekki að öllu leyti sammála — töldu góða samvisku og góða trú hina allra bestu eign mannsins.

Málið tekið út af dagskrá

II. Jón Eiríksson, las upp söguna úr Ein—reiðinni; Beinagrindin eftir Rabindranath Tagore (þýdd)

III. Kosin íþróttanefnd. Þessir hlutu kosningu: Árni Gíslason. Vagn Gíslason. Jón Eiríksson.

Í fundarlokin gekk í fjel. Rögnvaldur Jónsson Rettarholti.

Sungið á undan og eftir fundi. Þar sem fundur hafði þegar staðið í 5 klt. sáu fundar—menn sjer ekki fært að sitja lengur — og var

því afráðið að slíta fundi
Fundargjörð upplesin og samþykt

Björn Sigtryggsson (fundarstjóri)

Björn Sigurðsson (ritari)

1. fundur (aðalfundur)

Sunnudaginn 22. maí 1927 var fundur (aðalfundur) settur og haldinn í ungmennafjel. „Glóðafeykir“ að Stóru-Ökrum.

Form. fjel. setti fundi og nefndi til ritara Björn Sigurðsson þar, sem aðalritari var ekki mættur. Til fundarins var boðað samkvæmt fjelagslögunum.

Sökum óveðurs voru aðeins 13 fjelagsmenn mættir á fundinum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Lagðir fram reikningar fjelagsins ásamt fylgiskjölum, af gjaldkera þess hra. Lárusi Arnórssyni. Reikningar samþyktir án nokkurra breytinga.

II. Form. fjel. skýrði með nokkrum orðum frá starfsemi fjel. á hinu liðnu ári. Starfsemi var aðallega fólgin í því að nokkrir málfundir voru haldnir á árinu, og flutt á þeim nytsöm og þörf málefni ásamt fjörugum umræðum.

Skemt sjer á eftir fundum með söng dans og leik. Einnig hefðu fjelagsmenn ákveðið að heyja- fara skemtiferð upp á fjallið Glóðafeyki og þetta hvorttveggja farist fyrir sökum óblíðrar veðráttu.

III. Framtíð fjel., um hana urðu litlar umræður þar, sem fundur var svo fámennur. Ákveðið var að fundum skyldi heldur fjölga en fækka og einnig var ákveðið að reyndi í framkvæmd því, sem farist hafði fyrir á hinu liðnu ári- svo sem- heyskap og skemtiferð.

Skemtisamkoma skyldi haldin til ágóða fyrir fjelagið hið allra fyrsta.

IIII. Kosin stjórn fjel. þessir hlutu kosningu:

Björn Sigtryggsson með 3 atkvæðum
Jón Eiríksson —„— 6 —„—
Lárus Arnórsson —„— 4 —„—

Varastjórn:

Guðrún Bjarnadóttir með 5 atkvæðum
Stefán Jónsson — " — 5 — " —
Árni Gíslason — " — 2 — " —

V. Kosnir endurskoðendur:
Stefán Jónsson
Björn Sigurðsson

VI. Vagni Gíslasyni og Árna Gíslasyni var falið að sjá um hreingjörningu á fundarhúsi Akrahrepps vegna fundarhalds ungmennafjel. í húsinu.

Úr fjelaginu sögðu sig:
Guðrún Bjarnad. María Hjálmarsd.
Herluf Baldvinsson.

Í fjelagið gekk:
Hildur Gunnlaugsdóttir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Fundarbók upplesin og samþykt

Björn Sigtryggsson (fundarstjóri) Björn Sigurðsson (ritari)



## 2. fundur (1. aukafundur)

Hinn 26. júní 1927 var fundur settur og haldinn á Stóru-Ökrum í ungmennafjel. „Glóðafeykir“. Fundinn setti form. fjel. Björn Sigtryggsson.

Hjelt hann ítarlegt erindi um starfsemi fjel. á þessu nýbyrjaða starfsári. Fór hann út í ýmislegt s.s. heyskap, inngöngu í Samb. Ungmennafjel. Skagafjarðar – Skemtiferð og ýmislegt fleira. Gaf hann svo orðið laust um heyskapar~~málið~~

Um málið urðu litlar umræður, var svo gengið til atkvæða – voru allir fjelagsmenn með því að heyjað yrði á þessu sumri

I. Kosin nefnd til að annast framkvæmdir í málinu. Kosningu hlutu: Árni Gíslason, Björn Sigtryggsson, Jón Eiríksson.

II. Rætt um inngöngu fjelagsins í Samb. ungmfjel. Skagafjarðar. Um málið urðu talsverðar umræður, kom það fram undir umræðum – frá sra Lárusi að, æskilegt væri að fresta ákvörðun um inngöngu í Samb. ungmfjel. Skagafjarðar, þar, sem lög þess. lægju ekki:

frammi á fundinum

II. Umræðurnar snjerust talsvert um íþrótta-kenslu, unglingafræðslu, og trjeskurðar-námsskeið. Urðu heldur skiftar skoðanir um þessar leiðir — hverjar fyrir skildi og hverjar framkvæmdir yrðu. Hjelt form. með því að fá mann frá Samb. til íþróttakenslu, en aðrir vildu nota þá krafta, sem innan fjelagsins væru í þeirri ment, og áttu þá við Árna Gíslason — sem lært hefir íþróttir á erlendum skólum.

Málið tekið út af dagskrá

III. Rætt um fyrirhugaða skemtiferð fjelagsins. Um málið urðu nokkrar umræður, að síðustu var samþykt með 13 atkvæðum gegn 7 að fara skemtiferð uppá Glóðafeyki á þessu sumri —

V. Nokkuð var rætt um ræktun — var það nokkuð út í bláinn, og engin ákvörðun tekin — en ákveðið að halda málinu vakandi og því ákveðið að fresta því a. m. k. til næsta fundar. Þessir fjelagsmenn voru mættir: Björn Sigtryggsson, sra Lárus A. Árni Gíslason, Vagn Gíslason, Óskar Gíslason

Rögnvaldur Jónsson, Þórarinn Hallgrímsson, Guðjón Hallgrímsson, Steindór Pjetursson, Björn Björnsson, Ingimar Jónsson, Erlendur J. Jón Jónasson, Jón Eiríksson, Árni Jónsson, Nikolína Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Þuríður Jónsdóttir, Anna Hjartard., Sigrún Jónsdóttir.

Í fjelagið gengu:

Gísli Gottskálksson Syðstu-Grund.
Sigríður Eiríksdóttir Djúpadal.
Nanna Þorbergsdóttir Djúpadal.
Anna Sveinsdóttir Flugumýri.

— Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Eiríksson
(ritari)

Björn Sigtryggsson
(fundarstjóri)

## 3. fundur (2. aukafundur)

Ár 1927, sunnud. hinn 28. ágúst, sem helginn er eftir hinum heilaga Augústínusi, var fundur settur og haldinn í Ungmennafjel. Akrahrepps, að Stóru-Ökrum.

Fundinn setti formaður fjel., Björn Sigtryggsson bóndi á Framnesi, og kvaddi hann Gísla Frosta til fundarskrifara (Innan sviga skal það sagt, að það hjer hyggjum vjer óhæfilegt verið hafa, – enda þekkjum vjer Björn bónda að því, að hlíta hvorki guðs- nje manna lögum – og það þykir oss sennilegast, að einmitt þess vegna hafi hann verið gerður að formanni fjelagsins).

Skotið var því að skrifaranum af hárvísi presti, sem er útsmoginn í öllum lögum og venjum bæði himneskum og jarðneskum, að sú væri venja, að tilgreina í fundargjörðum, hverir mættir væri á fundi. En til þess treystist ritari ekki, og bar það mest til, að hann var ekki á því hreinu með hvað af þingheimi væri sveinar, og

hvað meyjar. Sumir, sem höfðu andlitsfall og hárbragð þvílíkt, sem meyjar mundu hafa, voru þó karlmenn eftir klæðburði að dæma. Gat ritarinn ekki áttað sig á þeim ósköpum, jafnvel þótt hann setti gleraugu á sitt gríðarnef – því að alt til þessa dags hafði hann haldið að hann kynni nokkur skil á að þekkja í sundur karl og konu.

Einn var þó sá fundarmaður, er ritari kunni gerla að þekkja, það var Gísli Frosti. Virtist svo, sem hans náttúrsamlegu tignarvísi lesaði fagurlega um málbeinið á formanni. Bauð hann fyrst Gísla velkominn á fundinn, og talaði síðan langt mál honum til lofs og dýrðar. Kvaðst hann vonast eftir, að enginn fundarmanna mundi mæla í gegn því, að Gísli Magnússon – sem átti sínar rætur í Blönduhlíð – gæti orðið stoð og stytta („ja – þvílík stytta!" tautaði einhver) – því fjelagi, sem ætlaði sjer að vinna að forsæld þessarar sveitar.

– Engi gat ritari náð ræðu formanns orðrjettri, þótt eigi brysti hann löngun til. – En öll var ræðan hin fegursta, bæði að flutningi og orðfæri – og þá var nú ekki að tala um efnið.

Ámátti segja um ræðumann hið sama, og áður

var sagt um annan mann: „Rómurinn blíður, hár, og snjall." En Gísli gaf fögrum tárum, sem von var.

Dauðaþögn var í salnum meðan form. talaði. En að vörum hans lékinn varð ákveðið nokkur. Ei ákvæðin slökvaðist þó um leið og sóknarprestur stóð upp og lýsti því yfir með valdsmannslegum svip, sem fór honum vel, að engum myndi leyfast að verða í móti Gísla, þeirra, er hann liti. Mátti af því ráða, að maðurinn væri býsna ógilegur ásýndum. — Og er nú Gísli úr sögunni — um stund.

Þá skipti form. með fáum orðum frá heyskapsfjel. síðastl. sumardag. Síðan athugaði rækilega ásjónu formanns, gegnum gleraugun; en að því er best varð sjeð, virtist hann engan kinnroða bera fyrir það, að hafa leitt saklausan æskulýð sveitarinnar út á þá hálu braut, að fjóra manna á helgum degi. — Gaf form. þá næst höfuðpaur heyskaparnefndarinnar, herra gimnastik[illegible] Árna Gíslasyni, orðið. Hjelt hann einn heljarmikla heyskaparræðu, og skörulega að því skapi — með drynjandi röddu —, svo að undir tók í hvömmum og hólum. Er maðurinn fjarskalærður í leikfimi hjá Niels Buck, og ber sig ágætlega. Fara þar saman fagrar hreifingar búks og munns, svo unun er á að horfa og hlýða, enda steinhætti nú Gísli að gráta. Virtist svo, sem ekki væri heiglum hent að fara í hendurnar á Árna. En þó vitað sje fráleitt það ekki fyrir sjer — enda er maðurinn ólíklegur sagður í orrustu, og „hvergi hræddur hjörs í þrá".

Hafði hann margt við gjörðir heyskaparnefndar að athuga, sem eðlilegt var, og mótmælti því harðlega, að hún hefði nokkurt vald til að leggja skatt á leti manna. —

Þá fjekk hann Akra-Björn orðið um stund
og afsagur þótti sú lestur —:
Fjelagið gjörn með fjársjóði hamul
að fjeþúfu atlaði prestur

En það þótti prestinum helvíti hart
að heyra af sóknarbarns vörum
Og byggja' ekki engjarnar það var nú nart
með þvílíkum fyrirtaks kjörum.

Tá sló upp höfuðpaur heyskaparnevndar
herra Árni. Var hann svo grimmur, at hárini
risu á höfdinum, en orðunum hreytti hann
út úr sær, líkt og tey ár vel er hreytt á vøll.
Næstur honum við Bjørn í Torfmýri fram
á vígvøllin, og var stórhøggur nakað svo.
Hlífar hevði hann og gøtar, og skaut skildi
fyri heyskaparnevndina, en greiddi gøtumanninum
mong høgg og stór —. Heygger nú so, er hlífi
skyldi," heyrdist ritaranum prestur lauta undir
rok Bjørns. —
Ætli nú prestur allmjøg í vón at verjast
og so, at svo búið mátti ekki standa. Fleygði
hann nú vápnum sínum, sum fórin voru at
sløvast, og fekk sær önnur ný í staðin, —
búin til úr frelsi. Hjó hann með teim
og legði hlífarlaust, hvar sum við gat komið
á skrokkum andstøðinganna. Fanst honum
frelsið nakað svakalig fyri bæði bæði,
ef hetta heyskaparnevndarkrílið gat sett mönnum
sektir fyri at vanrøkja luttøku í heyskaparfelags
manna "Góðum hagi", Strond í Árna. —
Bardist klerkur af hinni mestu prýði,
við slíkt ofurefli, sum var at etja, og var
nú frekar sakin en vøn af hans hálfu. —
— En tá komu strikin til søgunnar, —
hesi frægu strik, sum gjørdu fjandans ári
mikið strik í reikningin. Herra Árni var hinum
versti vitnisnýnar. Hann er líka ramgöltrøttur
og geitur, sum kunnugt er, bregðst sær í allar dýra
og manna líki. En eigi þurfti hann at vísa
til þess at taka í hetta sinn. — Bar hann
nú 5 strikir brot á prest, og hló honum
hugur við.
Svo mangstrikað brot móttók prestur
aldri. En eitthvat móttók hann.
Í formannssalinum hevði verið ókyrt
um hríð. Var fram á at sjá sum eldfjall,
er búast mátti við gosi úr á hvørjari stund. —
— Og gosið kom. Og gosið var ógurligt.
Form. reis upp, og var ófrýniligur í mesta
lagi. Hevði hann ekki tikið tátt í orrustuni
fyrr, og vóru tí vápn hans hvøss og skørp.
Hjó hann með hørðustu til allar, er
felagsskilir mátti kallast, en til tess flokks
manna taldi hann allar tá ungmennafelags, er
ekki nentu at heyggja og ekki tímdu at bergja.
Veittist hann mest at gøtumanninum

eins og fleiri, og sýndi þetta dável, hvað veraldarhyggjan er mögnuð á vorri eymdarlegu jörð. —

Hjelt hann öllum gangi góða stund og gerði alla hrædda, — svo að hjörtun sigu eitthvað niður á við — nema prestinn og herra Árna, því að þeir kunna ekkert að hræðast, hvorki í jörðu nje á, yfir eða undir. — Settist síðan hann niður og var reiður — svo að eldur brann úr augum hans, og hvassbrýndur eins og Guðmundur landlæknir.

Upp stóð þá Ingibjörg,
elskulegt vífið,
— brestur þar aldrei djörfung nje dug.
Hlýddum vjer á hana
hrifnir og glaðir
og komumst brátt í helgiblæ.

Bað Ingibjörg menn að fara gætilega. Kom hún fram sem friðarins, og ljóssins engill, sem vonar allt, elskar allt og umber allt, og færði allt til betri vegar fyrir öllum — nema herra Árna, enda var hún nýkomin úr kaupavinnu frá honum. Bað hún heyskaparnefnd fyrir guðs skuld að koma sjer vel við sóknarprestinn sjera Lárus, því það myndi vissulega borga sig. Var það ekki ólíklega til getið hjá þeirri

stúlku, því einhver ráð átti drengur sá að hafa þar efra. — Um Gísla Frosta fannst henni það, að eiginlega væri hann „einn af oss." Taldi hún sjálfsagt, að annar eins heiðursmaður, 18 barna faðir eða guð veit hvað, yrði gerður að heiðursfjelaga. Þá hrópaði einhver: „Heyr!" En við nánari rannsókn kom í ljós, að það var fundarskrifarinn. —

Ef þetta sinn Ingibjörg sönn var við sig,
er samlyndið byrjað að kárna —:
Hún faðmaði prestinn og formann — og mig,
en — fætinum sparkaði í Árna

Þá stóð upp sjera Lárus, og var stórorður í mesta lagi. Kvaðst hann geta lýst formann ósannindamann að einhverju, sem skrifarinn vissi ekki hvað var, enda fannst enginn svartur blettur á formannstungunni, þótt vendilega væri rannsakað. En vel gat hann verið búinn að skola blettinn burtu með einhverju undralyfi, því að hann er bragðalur nokkuð, og hefir auk þess lært eitthvað í svartagaldri af herra Árna. — Fannst hann klerkur hafa kastað til sín ókrappuðum hnútum. Sendi hann þær aftur án þess að krappa frekar. Hendi prestur

þar á lofti af mikilli list.

Gekk í þessu þar til er báðir voru óvígir orðnir af móð og sárum og vitu dauð upp-gefnir í talfærunum. Þá bar formaður upp tillögu þess efnis, að atkvæði heyskaparnefndar yrði samþykt. Var tillagan samþykt með þorra atkvæða.

— Nú setti form. upp sitt besta og blíðasta andlit, snýr sjer að Ingibjörgu Jónsdóttur og spurði hana, hvort hún ætlaði ekki að svara fyrirspurn þeirri, er fyrir hana hefði verið lögð einhverntíma í fyrri daga. Hún hafði nú engar sveiflur á því, sú villta, en svaraði bláttáfram: „Nei takk"! — Nú þótti form. sjer óneitanlega formaður, þá er hann í raun og sannleika ekki nema 'maður, þegar þetta „fag" er tekið framan af. Og þó að hann sje formaður gagnvart fjelagsskilum, þá er hann þó aðeins maður gagnvart meyjum, því meyjar eru aldrei fjelagsskildar.

Og þessvegna hjet nú blessaður formaðurinn þetta svo góða heiti hjá blessaðri ungfrúnni.

Þá snýr hann sjer að Nikólínu Jóhannsd. með sömu spurningu, en sýnu dauflegri á svipinn. En þar fjekk hann ólíkari undirtekti

og varð heldur en ekki hjeldbrýnn við.

Hjelt nú Nikólína fyrirlestur sinn mikinn um fólksstrauminn úr sveitunum til sjávar: Rakti hún orsakir hans furðulega vel, og var góður rómur gerr að hennar máli.

— Sjera Lárus hafði nú náð sjer að mestu eftir ornahríðinni, og mun það mest hafa verið Ingibjörgu að þakka. Stóð hann nú upp og þakkaði fyrirlesturinn, og talaði síðan allangt mál um sama efni. Að því loknu reis upp Gísli Frosti, og var nú heldur en ekki völlur á sveig. Rann upp úr honum þvílíkur orðstraumur að vesalings ritarann snarsundlaði af að hlusta á slíkan vaðal. Beindi Gísli máli sínu mest að sra Lárusi.

Lentu þeim nú saman, Gísli og presti, og varð þeirra viðureign bæði hörð og löng. Voru ræður þeirra „legio" eins og lið djöflanna í heilagri ritningu. Töluðu þeir um alt milli himins og jarðar, og fór vel á, því að annar er himinkunnugur hið efra, en hinn hið neðra

— Báru þar á góma bankamál, sveitasæla, veltufje, húsgjörðin, gullkálfadans, matur, og m. fl. Töluðu þeir jafnan á víxl

og þeir bátur vigndu að troði og troði, sem allaf einhvers staðar galopin gat.

Gekk svo uns bátur voru þreyttir orðnir og það hyggjum vér, að á endanum hafi bátur ofan í dottið.

Og Gísli og prestarinn gátuð þar
þeir göspruð um hugsjón og mat
Og endirinn á þeirri viðureign var
að veslingar duttu' oní gat

Hóks stóð formaður upp og lýsti yfir því, að þar sem ekki væri fleiri mál á dagskrá, en hins vegar komið myrkur, og þess vegna alveg sjálfsagt að fá sér fáeinn orðinn ingi („allright!" drundi í hena Árna), þá sagði formaður fund slitið.

Björn Sigtryggsson (fundarst.)

Gísli Magnússon (ritari)

4. fundur (3. aukafundur)

Sunnudaginn 26. mars, ár 1921. var fundur settur og haldinn að Stóru-Ökrum, í ungmennafél. „Glóðafeykir".

Form. fél. setti fundinn og stýrði honum, en nefndi til ritara Vagn Gíslason

Í félagið gekk í byrjun fundarins: Þórunn Gunnarsdóttir Stóru-Ökrum. Fundinn sátu 18 félagsmenn og auk þess nokkrir gestir.

Þessi mál voru tekin fyrir og rædd á fundinum:

I. Rætt um skemtisamkomu félagsins. Formaður skemtinefndar Árni Gíslason, hafði fyrstur orðið. Gat hann þess hverjar ástæður væru fyrir því, að samkomunni væri frestað, en gat þess jafnframt að hann væri fylgjandi því, að samkoman yrði nú haldin sem fyrst, ef félagsmenn væri því ekki mótfallnir.

Umræður urðu nokkrar um samkomu þessa. Björn á Ökrum og Björn á Framnesi voru því fylgjandi að fresta samkomunni um óákveðinn tíma. Sra Lárus fylgdi Árna að málum, að samkoman yrði haldin, sem

fyrst, ef ekki fyndust sjerstakar ástæður til að fresta henni.

Eftir japl og juml var síðan eftirfarandi tillaga borin upp, og samþ. af fundinum:

Fundurinn álítur að fresta verði fyrirhugaðri samkomu fjelagsins um óákveðinn tíma, ef samkomulag næst ekki við Kvenfjelag Akrahrepps um að hún verði haldin á Sumardaginn fyrsta.

II. Ræktunarmálið. Björn á Ökrum talaði fyrst, skýrði hann frá störfum nefndarinnar, og þar með, að ákveðið væri að landið yrði keypt af Stefáni bónda á Hjaltastöðum, ef fundarmenn væri því ekki mótfallnir.

Fundurinn samþykti, að landið yrði keypt að Hjaltastöðum, og byrjað að brjóta það á næstkomandi vori. Ennfremur skýrði Björn frá því, að nefnd sú er starfað hefði að málinu, segði af sjer störfum — en stjórnin taki við, og sjái um framgang málsins.

III. Hvort er betra oftraust eða vantraust?

Framsögumaður Arnbjörn Pjetursson. Talaði hann um málið nokkuð á víð og dreif. — Tók nokkur dæmi, með og móti, sjálfur.

Áleit hann þó reyndar hvorutveggja oftraust, og vantraust ekki gott, og sem best hverjum að vera laus við, ef hægt væri.

Næstur talaði sra Lárus. Áleit hann að oftraustsmönnunum mundi að öllujöfnu ganga betur, en vantraustsmönnunum, eða þeim sem hefði, sem hefðu ekkert traust, og tilfók nokkur dæmi máli sínu til sönnunar.

Eftir litlar umræður var málið síðan tekið út af dagskrá.

III Þegnskylduvinnan. Framsögumaður Stefán Jónsson Ráðsmaður gat þess í byrjun ræðu, að sum mál sem væru góð til að tala um reyndust oft erfiðari í framkvæmdum, og þannig væri því farið með þegnskylduvinnumálið, en um það mál hefði verið ritaðar háfleygar greinar í blöð og út, er hefðu orðið til þess að hrífa hugi margra, og gera suma „spenta" fyrir þessari þegnskylduhugsjón — að minstakosti í bili.

Og þó að dofnað hefði yfir málinu í bili mætti búast við að það risi upp aftur.

Ráðsmaður sýndi fram á það, með gildum rökum, hve fráleit sjálfri manngildishugsjón þegnskylduvinnan væri, og eins og nú horfði

við myndi hún síst verið til uppbyggingar
í siðferðislegu tilliti. Var gerður góður
rómur að máli hans, nema sr. Lárus
reyndi eitthvað að andmæla, en sökum
tímaleysis var ákveðið að fresta umræðum
um málið til næsta fundar.

Þar næst var fundi slitið.

Björn Sigtryggsson (fundarst.)          Vagn Gíslason

1. fundur (aðalfundur

Mánudaginn 28. maí 1928 var aðal-
fundur ungmennafél. „Glóðafeykis", haldinn að
Stóru-Ökrum, að undan gengnu fundarboði.
21. félagsmenn voru mættir.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

I. Árni Gíslason las upp fundargjörð frá
fundi, er haldinn var í vetur, en fundargjörð
síðasta fundar var ekki til - svo ekki var
hægt að lesa hann upp. Fundargjörðin var
samþykkt.

II. Lesnir upp reikningar fél. af gjald-
kera félagsins sr. Lárusi Arnórssyni
Sýndu þeir sjóðeign: kr 111,00 (Annars eru
reikningarnir annarsstaðar bókaðir).

III. Formaður gaf um starfsemi fél. síðast-
liðið ár. Umframur gat hann um samkomu
fél. síðastliðið vor, heyskap þess í sumar,
og kaup á landi fyrir félagið til ræktunar.

Lá fyrir fundinum undirskrifaður kaup-
samningur á 5 dagsl. landi á Hjaltastöðum.

Ræddi form. þá næst um framtíðarstarf-
semi félagsins, Fór hann nokkrum orðum
um ræktun þessa bletts, sem fél. hefir nú
þegar keypt. Taldi æskilegt að reynt væri,
að girða stykkið, og byrja að brjóta það strax.
nú í vor og grafa þá skurði, sem þyrftu
til að þurka landið.

Fannst honum, að ein dagslátta væri
nóg nú í bili.— Þar næst minntist hann
á heyskapinn á komandi sumri, og skemti-
ferð félagsins.—

Sr. Lárus talaði um ræktun blettsins,
og bauð að gefa félaginu eitthvað af fræi
og höfrum til sáningar, ef eitthvað yrði brotið
af landinu í vor. — Björn á Ökrum hvatti
til þess að eitthvað yrði hafist handa í þessu

strax nú í vor. —
Svohljóðandi tillaga kom frá sömu bráinsi:
„Fundurinn samþykkir að girt í vor ný-keypten blett í Hjallastaðaland – þjárheldri girðingu, og taka til fullrar ræktunar 1 dagsláttu í vor, en fremur ger skurð eftir þörfum. –"
Till. samþykkt með 16 : 4. — Síðan var mikið rætt um vinnu einstaklinga við ræktun þessa bletts, og um það talsvert þref, hvort ætti að jafna niður vinnu á einstaklinga fél., eð ekki. — Svohljóðandi tillaga kom frá sama bráinsi: – Fundurinn samþ., að leitað sje fyrir um að fjelagsmenn leggi fram gefins, sem mest af fyrirhugaðri vinnu, að plægingu undanskilinni, við blett fjel. á Hjallastöðum á komandi vori.
Tillagan feld með 6 : 1 —
Önnur till. kom frá formanni:
„Fundurinn lýtur þannig á, að ekki sje ráðlegt að leggja meiri vinnu framlag á fjelags-menn við vinnslu landsins, en þá vinnu, sem þarf fyrir utan plægingu og herfingu. Sú vinna skal tekin af fjelagssjóð."

Till. samþykkt með 16: Svohljóðandi tillaga kom frá Stefáni Jónssyni: – „Fundurinn ákveður, að borgun fjelagsmanna þeirra, sem heldur vilja borga en vinna skylduvinnu við túnrækt á Þormóðsstaðhelli, sje fyrir þetta ár, – fyrir hvert dagsverk, fyrir karla: kr 6,00 kvenmenn og unglinga: kr 2,00"
Tillagan samþykkt
III. Rætt um inngöngu í „Samb. Skagfirskra ungmennafjelaga". – Form. las upp lög Samb. og var talsvert rætt um þau. Fanst sumum ekki ráðlegt að ganga í fjelagið að sinni.
Svohljóðandi till. kom frá Stefáni Jónssyni „Með því að fundurinn telur sig illa undir-búinn til að taka ákvörðun um að ganga í Samb. Ungm.fjel. Skagaf." – tekur hann fyrir næsta mál á dagskrá. Tillagan samþykkt.
IV Kosið í hey skaparnefnd. – Björn í Ökrum Óskar í Miklhúsum, Ingimar í Flugumýri.
Í fjelagið gengu á fundinum:
Jón Hallsson Kirkjubæ. Brynhildur Jónsd. Rettarholti. – Úr fjelaginu gengu:
Jensina Bjarnadóttir Siðheimum
frú Guðrún Bjarnadóttir Miklabæ og

Valgerður Eiríksdóttir Sólheimum.
Kosið í stjórn: – Formaður kosinn:
Björn Sigtryggsson með 13 atkvæðum
Ritari: Jón Eiríksson – " – 10 — " —
Gjaldkeri Stefán Jónsson – " – 7 — " —
Kosin varastjórn. Form. kosinn:
Sr. Lárus Arnórsson með 4 atkvæðum
Ritari: Vagn Gíslason – " – 5 — " —
Gjaldkeri: Ingimar Jónss. – " – 3 — " —
Endurskoðendur:
Björn Sigurðsson og Vagn Gíslason.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Björn Sigtryggsson (fundarstj.)    Jón Eiríksson (ritari?)

2. fundur (1. aukafundur)

Sunnudaginn 5. ágúst 1928 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjel. „Glóðafeykir" á Stóru-Ökrum. Fundinn setti form. fjel. Björn Sigtr. bóndi á Framnesi og stjórnaði honum. Var fundurinn settur 1 kl. 50 mín. eftir áætlun (kl. 3 síðdegis.)

Ritari fjel. var þá ekki mættur, og með því að ekki varð upplýst á fundinum hver væri vararitari, fjekk form. sr. Lárus Arnórsson í Miklabæ til að skrifa fundargjörð.

Á fundinum voru auk þess mættir: Björn í Torfmýri, Björn í Ökrum, Kristinn í Úlfsstöðum, Jón í Víðivöllum, Árni sst., Magnús í Framnesi, Erlingur í Flugumýri, Ingimar sst. Þórarinn Sjávarholti, Óskar í Miðhúsum, Jón Hallss. Þórunn í Ökrum, Þóranna sst. Hólm fr. Miklabæ, Nikólína Úlfsstöðum, Sigrún í Víðivöllum. Á fundinum gekk Gunnar Valdimarss. í fjelagið, og greiddi árstillag sitt kr. 2,00, og þar sem gjaldkeri fjel. var ekki mættur, veitti Björn á Ökrum því viðtöku.

Þetta var tekið fyrir:

I. Form. heyskaparnefndar, Björn Sigurðs., gat þess að nefndin hefði getað fengið lánað engi í Flugumýri og Torfmýri. Mælti hún með því að taka það í Flugumýri.

Ræðum. lagði til að unnið yrði í næstkomandi sumar dag. Tillaga þess efnis samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Svohljóðandi till. frá framsögumanni: – „Fundurinn er því samþykkur að vinnan standi yfir í 6 klt." –

Samþ. með öllum greiddum atkvæðum. Umræður litlar.

Svohljóðandi till. kom frá form.:

„Fundurinn lítur svo á, að þeir, sem ekki mæta hinn tiltekna heyvinnudag fjelagsins – greiði klst.: karlar kr. 0,80 konur og unglingar kr. 0,50."

Samþ. með öllum gr. atkvæðum gegn einu (sr. Lárus) Umræður engar.

Þegar hér var komið fundi mættu á fundinum: Flugumýrar systur, Anna Sveinsd., Aðalbjörg í Miðhúsum, Vagn og Árni sst.

Framsögum. skaut inn í fundinn til athugunar þeim möguleika, að selja varanl. heyfeng á staðnum í flekkjum. Umræður talsverðar, en hneigðust heldur á móti því.

II. Form. gat þess, að fyrir sitt leyti, vildi helst sleppa skemtiförinni að þessu sinni. Sr. Lárus andmælti því, og hjelt því fram að ef þetta stæði í lögum fjel., með engu átt að samþykkja það að ekki skyldi farið. – Undir umræðunum upplýstist það, að skemtiför væri lögákveðin.

(Þegar hér var komið fundi, kom ritari fjel. (Kl. 5, 50 mín) Jón í Djúpadal, Sigurbjörg sst. Pétur Frammesi)

Umræður talsverðar. – Var leitað álits manna með atkvgreiðslu, hvort þeir mundu vilja fara skemtiför, ef farin yrði, og greiddu 12 atkvæði. – Mótatkv. ekki leitað.

Eftir alllangar umræður kom frá sra Lárusi svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn samþykkir að hin árlega skemtiför fjelagsins, verði í þetta sinn farin fram að Valagilsá, og verið við messu í Silfrastöðum í frameftir leið." Feld með 8:6.

Svohljóðandi till. kom frá Árna í Miðhúsum:

„Fundurinn samþykkir að hin árlega skemtiför fjel. verði farin að þessu sinni að Reykjafossi og Reykjum." Samþ með 7:1

að því leiti var rætt um hvern veg farið
yrði. — Bent var á 18. sumarhelgi
Sr. Lárus tók það fram, að hann í sambandi
við að fellt hefði verið tillaga hans um skemti-
för í sambandi við messugerð á Silfrastöðum
krefðist þess, sem félagsmaður, að skemti-
förin yrði ekki farin á þeim tíma dags, sem
hann embættisanna vegna, gæti ekki verið
með í förinni, — og sem prestur að förin
kæmi ekki í bága við guðsþjónustu í
kirkjum sínum, þar sem svo margir sóknar-
bíarna voru í félaginu.

Um þetta atriði urðu allmiklar umræður
er lyktaði þannig, að samkomulag varð um
uppástungu Jóns í Djúpadal, að hefja förina
frá kirkjunni eftir messu þar.

Um þetta leyti kom Rögnvaldur í
Réttarholti á fundinn

III. Form. gat þess, að unnið hefði verið í
túni Gamalíels í Grundargerði í vor (sakir
veikinda hans. — Hugmyndin að það væri
félagsmál. Kostað ca. Kr. 13,00. Samþykt
í einu hljóði að taka þá upphæð af félags-
sjóði

IIII. Formaður gat bréfs, er hann hefði fengið
frá „Samb. Ungm.fél. Skagafj." um komu
Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara, í haust,
er hjeldi fyrirlestur á Steinsstöðum þriðjudag
komandi, snemma. — Tilboð um að félags-
menn mættu, þótt fjel. væri ekki í Samb.

Óskaði form. að einhverjir félagsmenn
mættu þar, eða maður yrði kosinn til
að mæta þar fyrir félagsins hönd.

Umræður nokkrar. Engin niðurstaða.

V Form. heyskaparnefndar Björn í Ökrum
lýsti yfir, að vinna byrjaði í heyskapardaginn
kl. 8 árdegis (símakl.) Áminti um stundvísi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargjörð
lesin upp.

Fundi slitið, er hafði staðið yfir í 4,30 klst.

Björn Sigtryggsson
(fundarst.)

Lárus Arnórsson
(ritari)

3. fundur (2. aukafundur)

Sunnudaginn 18. nóv. 1928, var fundur settur og haldinn í Stóru Ökrum, af form. félagsins Birni Sigtryggssyni, að undangengnum fundarboðum.

Fundarmál:

I. Starfsemi ungmennafélaga. Framsögum. Vagn Gíslason. — Flutti hann langt og snjallt erindi um starfsemi ungmennafél.; og kom víða við. Minntist hann á íþróttalíf s.s. sund, fótbolta o. fl. sögulestur. —

Um málið urðu talsverðar umræður. Gat Jón í Dal þess að fólkið í Víðivöllum hefði gefið félagsmönnum tilboð um að trjá-fræ — og gat þess að gjörlegt væri fyrir fél. að fá fræ til að sá í nokkrum blett innan girðingunni í bletti félagsins. —

Þessir tóku til máls auk frummælanda: Form. Jón í Dal, Björn Ökrum, Gísli Gottskálks, Árni Gíslason, Björn Torfmýri.

Tvær tillögur voru bornar fram — Var önnur þess efnis að keypt yrði trjáfræ að fólki í Víðivöllum til að gera tilraun í bletti félagsins samþykt með öllum atkvæðum.

Önnur tillaga þess efnis, að á hverjum fundi sé slengt upp í efni úr Fornsögunum til umræðu á næsta fundi, sem eigi að efla sögulestur og söguþekkingu félagsmanna.

Tillaga kom frá formanni um að kjósa nefnd til að athuga sundlaugarstæði innan félagssvæðisins. — Kosnir voru Vagn Gíslason, Stefán Jónsson og Jón Eiríksson. —

Málið tekið út af dagskrá.

II. Skemmtisamkoma —

Form. gat þess, að eftir lögum fél. þyrfti að halda skemmtisamkomu á árinu, og væri æskilegt að fundurinn léti í ljós álit sitt.

Tillaga kom frá Birni í Torfmýri, að fél. héldi samkomu ekki síðar en 1. des. Var feld með öllum atkvæðum gegn 1. — Mest vegna þess, að tími þótti of knappur til að halda tvær samkomur fyrir jól, en vitanlegt var að Lestrarfél. Flugumýrarsóknar var búið að ákveða að samkomu fyrir jól.

Önnur till. kom fram um að halda samkomuna á sumardaginn fyrsta. — Var hún samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

Kosin samkomunefnd —
Kosningu hlutu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Nikólína Jóhannsdóttir | 14. | atkvæði |
| | Aðalbjörg Gísladóttir | 12 | — " — |
| | Óskar Gíslason | 11 | — " — |
| | Magnús Vilhjálmss. | 8 | — " — |
| | Vagn Gíslason | 8 | — " — |
| Til vara | Árni Jónsson | 8 | — " — |

Síðan var fundi slitið

Björn Sigtryggsson (fundarstj.)          Jón Eiríksson (ritari)

4. fundur (3. aukafundur)

Ár 1929 hinn 9. mars var settur og haldinn fundur í ungmennafél. „Glóðafeykir" að Stóru-Ökrum. samkvæmt skriflegum fundarboðum.

Form. fél. Björn Sigtryggsson setti fundinn og stýrði honum. Þá er fundur var settur var klukkan 4,40' en það var 2 tímum og 40 mín. frá auglýstum tíma.

Voru þá 9 félagsmenn mættir. Voru þar auk fermanns þessir: Pétur fél. Jón í Dal, (Sveinn) gestur Nanna, og Ingibjörg s.st. og en Stóruakramönn.

Smám saman tíndust í fundinn þessir félagsmenn: Vagn og Óskar í Miklhúsum Anna Hjartardóttir, Guðríður í Flugumýri Gísli Gottskálksson, (Ingibjörg Hallgrímsdóttir) gestur Stefán í Höskuldsstöðum.

Sökum þess, að ritari fél. átti að hafa framsögu í fundinum kvaddi hann nokkra menn til aðstoðar sjer að rita fundargerð. Að lokum varð það úr, að sra Hannes Amasson í Miklabæ gjörði til þess starfs.

I. Eftir þetta gaf form. ritara orðið. Flutti hann þá langt og skörulegt erindi, er hann nefndi „Hver er besti maðurinn í Söguöldinni"—

Gat ræðumaður þess í upphafi máls síns, að tilefni þessa erindis væri tillaga sú, er á síðasta fund hefði komið frá Vagni í Miklhúsum, þess efnis að sjerhver væri í fjelaginu til þess gert að kynna mönnum framsögur voru framm

en nú væri. – Kvaðst þá hafa lofað að
sitt í votið. Og er menn þá hefðu viljað
vita um umtalsefni sitt, hefði hann að
lítt athuguðu máli, lofað því efni, er hann
nú væri kominn með. – Kvað hann sig
hafa hálfiðrast að lofa slíku umtalsefni
svo mikill vandi, sem væri að gera upp á
milli ýmissa fremstu ágætismanna væru í
Söguöld. – En eftir alvarlega íhugun
kvaðst hann hafa dæmt Halli af Síðu
heiðurinn. – Því næst rakti hann ætt
Halls og æfiatriði. Tvö atriði voru það
aðallega úr lífi Halls, er ræðumaður kvaðst
taka hann fram yfir alla aðra fyrir.
Er það var framkoma Halls í tveimur
opinberum málum við kristnitökuna, og
út af vígi Höskuldar Hvítanesgoða. –
Um málið, sem tók nál. kl.stund
urðu nokkrar umræður. – Form. tilnefndi
Njál, er hann taldi ágætastan verið hafa
í Söguöld.
Gísli Gottskálksson lýsti því yfir
að fyrir sjer hefði Ólafur Pá staðið, sem
ágætasti Íslendingur í Söguöld. – Stefán Vagns.

er sat sem gestur nokkurn hluta fundarins
tilnefndi Ingimund hinn gamla. – Stefán Jónss.
Áskel goða, svo sem sinn helsta ágætismann
í borð við Ingimund gamla. Taldi hann
því tvo, og jafnvel alla þá er taldir voru
nefndir hafa haft líka skapgerð og Síðu
Hallur, og hefðu verið líklegir, ef þeir hefðu
átt í stórmálum á þingi – til að koma líkt
fram og Síðu Hallur gerði. Þá nefndi hann
og Þorkel mána

II. Þá tók til máls Gísli Gottskálksson
og ræddi efnið: Sjálfsmentun og skólamentun
Var það skörulegt erindi og vel flutt.
Taldi hann þar fram helstu kosti hvorrar
stefnu fyrir sig. – Taldi sjálfsmentuninni það
sjerstaklega til gildis, hvernig menn hennar
í umliðnum öldum hefðu verndað íslenska
tungu, og sögu landsins. – Kvaðst þó fremur
fylgja skólamentun. Væri hún stefna tímanna
enda málin og skólarnir beri út um byggðir
landsins nýja strauma frá skólum.
Taldi og skólamentun það til ágætis, að
hún væri sjálfsmentun viðfeldnari, og
neyddi menn til að kryfja ýms vandamál

til mengjar.

Ræðumanni þakkaði form. og tók í svipaðan streng. — sr. Háns þakkaði og ræðuna, er hann taldi hóflega og sanngjarna, þótt mjög væri hann á öðru máli. — Taldi að skólamenn mundu almennt hlíta ofs hjá þeim viðfangsefnum, sem með náttúru ment svo, sem stærðfræði, og ísl. stíll ef áhugi væri ekki til fyrir. — Taldi sjálfsmentuninni í fám orðum það til ágætis, að þar leitaði maðurinn að því, sem hefði gildi fyrir hann og þroskaðist við aðferðina, þar sem með skólaverunni væri sú hætta opin að ná þeim stimpli, er skólinn veitti. —

Urðu um þetta mál nokkrar umræður

Þegar hér var komið fór ritari fundarins sr. Háns af fundi, en las fyrst upp það af fundargjörðinni, sem hann var búinn að skrifa, og voru engar athugasemdir gerðar við hana — ~~hun~~ málið, sem var til umræðu, var ekki frekar rætt, og það því tekið út af dagskrá —

III. Rætt um skemtisamkomu. Skemtinefndin hafði óskað eftir því við formann fél. að eitthvað yrði rætt um tilvonandi samkomu félagsins; það hafði gengið í miklum brösum, að fá það út hjá oddvitanum hvort félagið fengi húsið til samkomuhalds í sumardaginn fyrsta. — Halda sumir, að hann hafi byggt Kvenfélaginu húsið til lífstíðar nefndan dag. En það hvort nú hafi slakað af því, í ár, er og er það því loksins lofað Ungmennafél. til samkomuhalds í sumardaginn fyrsta.

Var talsvert rætt um þetta fram og aftur, og var loks ákveðið af þeim, sem töluðu, að samkoman yrði haldin í sumardaginn fyrsta og reynt að hafa hana svo myndarlega að önnur samkoma dragi ekki frá henni þótt hún yrði haldin skömmu áður.

Umræðefni til að koma fram með málefni í næsta fundi þeir Óskar Gíslason og Gunnar á Víðivöllum. — Fleira ekki tekið fyrir — Fundargjörðin lesin upp, og samþykt.

Fundi slitið.

Sr. Háns Árnason (ritari) — Jón Eiríksson

Björn Sigtryggsson (fundarst.)

Annan dag hvítasunnu 20. maí 1929
var aðalfundur ungmennafj. „Glóðafeykir"
settur og haldinn að Stóru-Ökrum að
undangengnu fundarboði.
Fundinn setti form. fjel. Björn Sigtryggsson
Framnesi og stjórnaði honum.
Dagskrá fundarins var þessi:

1. Lagðir fram reikningar fjel.
2. Starfsemi fjel. síðastliðið ár, og framtíðarstarfsemi þess.
3. Stofnun sambands ungmennafjel austan Hjeraðsvatna.
4. Flutningur Alþingis til Þingvalla.
5. Kosin stjórn og endurskoðendur.
6. Óákveðið.

— · — · —

I. Gjaldkeri fjel. Stefán Jónsson Höskuldsstöðum las upp reikninga fjel. endurskoðaða og sýndu þeir að í sjóði væri kr. 18.79. Voru reikningarnir samþyktir án nokkurrar athugasemda.

II. Formaður gat um starfsemi fjel. síðastl. ár, gat hann bæði um blett fjelagsins hvað við hann hefði verið gert á síðast ári, og hvað þyrfti að gera framvegis. Einnig mintist hann á heyskap fjel. hvar heyjað hefði verið, og hvað æskilegt væri að framvegis yrði reynt til að heyja annað en sinuhey, ef að kostur væri á, því sinuhey væri altaf mjög óútgengilegt. Einnig mintist hann á skemtiför fjel. og bjóst við að hún yrði ákveðin síðar meir.
Viðvíkjandi framtíðarstarfseminni kom svohljóðandi tillaga frá formanni:
„Fundurinn lítur þannig á að hefjast skuli handa á þessu vori að ljúka við að vinna dagsláttuna sem byrjað var á í fyrra, og ljúka við að grafa nauðsynl. skurði sem vanta, einnig reyna steypa hornstaura, og ef tími og geta leyfir að taka aðra dagsláttu til ræktunar, og skulu fjelagsmenn sjálfir að því vinna, og gjald þeirra er ekki vinna skal vera jafnhátt og í fyrra."
Tillagan samþykt með öllum greiddum atkv.

III. Stofnun ungm. fjel. sambands austan Vatna

Formaður gat þess að fjelögin austan
Vatna sjerstaklega í Hólahr. og Óslandshlíð
og fjel. úr Fljótunum hefði komið sjer
saman um að stofna sjerstakt ungm.
fjel. samb. austan Vatna, þó samvinna
væri óðrofin milli allra fjel. í sýslunni.
Svohl. tillaga kom frá formanni:
„Fundurinn ákveður að ganga í samband
ungmennafj. austan Hjeraðsvatna, ef væntan-
leg þess samband falla fjelagsmönnum
í geð."
Tillagan samþ. Kosnir voru 2/ fulltrúar
og tveir varamenn til að mæta á stofn-
fundi samb. á Hólum nú í vor.
Þessir voru kosnir:
Björn Framnesi með 15 atkv. Jón Dal 11 atkv.
Stefán Jónsson 9 atkv. Björn Ökrum 8.
Varamenn. Ingjón Jónsson 8 atkv. sjera Árni 5 –
IIII. Flutningur Alþingis til Þingvalla.
Formaður gat þess að sjer hefði borist brjef
frá Kristni Andrjessyni mag. art.
Var efni þess að lýsa því hvað sjálfsagt
það væri á 1000 ára ~~tíð~~ afmæli Alþingis
að það yrði þá flutt til Þingvalla.

og að þeir fram alþjóðar atkvæðagreiðslu
um það mál í sambandi við n.k.
landskjör.
Var brjefið (ordið) komið til form. þá fyrir
stuttu en hafði verið dagsett fyrir löngu
síðan og var komið fram yfir þann
tíma sem óskað var eftir svari;
þess vegna kom form. þessi tillaga:
„Þar sem brjef þetta kom svo seint í hendur
formanns, að lagt var hægt að bera
það upp fyr, og komu svarið því
ekki að ~~tilætluðum~~ notum, álítur
fundurinn ógjörlegt að sinna þessu
ekki, en taka fyrir næsta mál á dagskrá"
Tillagan samþ.
V. Formaður fjel. Björn í Framnesi neitaði
að gefa kost á sjer í stjórn fjel. framvegis,
enda þótt honum bærist skrifleg traustsyfirlýsing
frá 12 fundarmönnum.
Kosningu í stjórn fjel. hlutu þessir:
Formaður: Björn Ökrum með 11 atkv.
Ritari: Jón Eiríksson – 9 –
Gjaldkeri: Stefán Jónsson – 13 –
Varast: Form. Árni S. með 3 atkv.

Ritari: Ingibjörg Einarsdóttir með 3 atkv.
Gjaldkeri: Ingimar Jónsson — 5 —
Endurskoðendur: Vagn Gíslason
og Rögnvaldur Jónsson.
Í fjelagið gengu á fundinum Stefán Vagnsson Hjaltast. og María Þorsteinsdóttir Hrólfsst., en úr fjel. gengu þessi: Bergrós Jónsdóttir Rjettarholti, Guðrún Jónsdóttir Grundarkoti, Arnl. Ó. Pjetursson Brostast. Þorst. Einarsson Flatatungu og Jón Agnarsson Litlakoti.
Fleira ekki bókað fyrir.
Fundargjörðin lesin upp og samþykt.
Fundi slitið.

Jón Eiríksson.

Sunnudaginn 7. júlí 1929, var fundur settur og haldinn að Stóru-Ökrum, í ungmennafjel. "Glóðafeykir". Fundinn setti form. fjel. Björn Sigurðsson Ökrum.
Í fundarbyrjun voru 21 fjelagar mættir á fundinum.
Form. byrjaði á því að minnast með nokkrum orðum á ungmennafjelagsskapinn, á nauðsyn hans, og galla þá er ríktu innan okkar fjelags, og óskaði eftir að það gæti lagast.
Fyrsta mál á dagskrá var skemtiferð. Var nokkuð rætt um það fram og aftur. Eftir nokkra umræðu var ákveðið að fara yfir á Vatnsskarð þrettánda sunnudaginn.
Næst var rætt um vinnuna á Þormóðsholti. Gat form. þess að hann vildi helst að hægt væri að ganga svo frá þessu máli að maður þyrfti ekki að standa í þrefi um þessa vinnu frá ári til árs. Gat hann einnig um það að komið hefði fram kvörtun frá söknarprestinum viðkomandi vinnu fjelagsins á blettinum á þessu vori.
Las hann upp í því samb. leiðlangt brjef

frá prestinum. Urðu nokkrar umræður um málið fram og aftur. Engin tillaga kom fram á fundinum þessu viðvíkjandi, mest fyrir það að presturinn sra. Björn Arnórsson var ekki mættur á fundinum.

Þriðja málið var um heyskapinn.
Allir vildu að heyjað yrði. Samþykkt var að vinna 6 klst. og þeir sem ekki inni greiddu, karlar 0.80 kr. á kl.st. og kvenfólk 0.50 kr. á klst.
Kosin heyskaparnefnd. Kosningu hlutu:
Stefán Ragnarsson með 13 atkv.
Stefán Jónsson — 12 — og
Ragn. Gíslason — 7 —
Til vara Björn Sigtryggsson með 5 atkv.
Í lok fundarins gekk í fjel. Sigrún Jóhannsdóttir [illegible]
Fundargjörðin lesin upp og samþykkt
Fundi slitið.

Jón Eiríksson.

Sunnudaginn 24. nóv. 1929 var fundur haldinn í ungmennafjel. „Glóðafeykir" samkvæmt undangengnu fundarboði. Form. fjel. Björn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum, og nefndi til ritara Gísla Gottskálksson.
Á fundinum voru mættir 15 fjelagar. Þessi mál komu til umræðu á fundinum.
1. Rætt um skemtisamkomu. Þótti sjálfsagt eins og lög fjel. ákveða að halda skemtisamkomu. Voru þessi kosin í samkomunefnd: Gunnar Valdimarsson, Gísli Gottskálksson, Stefán Jónsson, Árni Gíslason, Þuríður Jónsdóttir, til vara Sigrún Jónsdóttir. Skemtinefnd falið að sjá um samkomuna skilyrðislaust bæði hvað hún snerti, og einnig hvað til skemtunar yrði.
2. Heyskapur fjelagsins. Stefán Jónsson skýrði frá heyskap fjelagsins s.l. sumar sem fór fram í Torfmýri. Gat hann þess að hey það sem ekki hefði verið aflað hefði verið selt þann sama dag í flekkjum á kr. 50.00, og áleit hann það vel selt fyrir fjelagið.

einnig gat hann þess að fáir hefðu verið mættir fyrir framan Dalsá, fleiri úr útpartinum. Heyskaparnefnd falið að annast innheimtu á heyskapargjöldum hjá þeim sem annaðhvort voru ekki mættir eða unnu ekki fullan tíma.

3. Samband ungmennafjel. austan Hjeraðsvatna. Form. las upp uppkast að lögum væntanl. sambands sem ungmennafjel. hefði verið sent. Um uppkast. þetta var lítið rætt; bæði vantaði fulltrúa þá er mættu fyrir hönd fjel. á undirbúningsfundi Samb. í Hólum s.l. vor, einnig var enga fullnaðarákvörðun hægt að taka um málið því á fundinum voru ekki mætt 2/3 fjelagsmanna sem uppkastið segði að nauðsynl. væri til þess að fullgild ákvörðun gæti orðið tekin um inngöngu í Samb.

4. Útnefndir í málefnanefnd til næsta fundar Gunnar Valdimarsson, og Óskar Gíslason.

Fleira kom ei til umræðu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Gísli Gottskálksson
(ritari)

Sunnudaginn 8. des. 1929 var fundur settur og haldinn að St. Ökrum í ungmennafjel. „Glóðafeykir“ – að undangengnum fundarboðum.

Þessir fjelagsmenn voru mættir: Stefán Vagnsson, Björn Sigurðsson, Stefán Jónsson, Jón Eiríksson, Ingibjörg Eiríksdóttir, Sigurin Jónsdóttir, Sigrún Jóhannsd., Óskar Gíslason, Hólmfríður Jóhannsdóttir, Aðalbjörg Gísladóttir, Þórunn Hjálmarsdóttir, Jón Jónasson, Jón Hallsson, Gunnar Valdimarss., Vagn Gíslason, svo Lárus Arnórsson.

Í fundarbyrjun gekk í fjelagið Pálmey Haraldsdóttir Bólu.

Formaður fjelagsins setti fundinn, en nefndi til fundarst. Lárus Arnórsson, en ritari fjel. Jón Eiríksson bað Ingibjörgu Eiríksd. að vera fundarritari.

Fundarst. gaf strax Stefáni Vagnssyni orðið laust um „Hátíðahöld heima í hjerað. 1930“. í sambandi við Alþingishátíðina á næsta vori. Talaði hann um nauðsyn þess að menn tjeðu sig þetta máf nokkru skifti, – sjerstakl. vegna hins mikla ferðamannastraums – ef um undirbúning væri að ræða.

Gat hann þess að fundur hefði verið haldinn og nefnd kosin í þessu máli.
Skýrði hann frá gjörðum nefndarinnar.
Skyldi haldnar 4 æfingar og hátíðin fara fram sunnud. í 12 viku sumars.
Þá minntist hann á að til tals hefði komið að efla söngkór helst um 100 manns, er einmitt ungmennafjel. starfaði að einhv. leyti fyrir, og mæltist til að "Glóðafeykir" tæki einn þátt í því. Benti ræðumaður sjerstakl. áskorun til sr Lárusar — sem hins helsta manns er hjer væri um að ræða til að stjórna því. Taldi hann, og að vel viðeigandi væri að sýna íþróttir er hann taldi að væri að hraka mjög hjer. Vildi hann að fengin yrði íþrótta kennari frá R.vík og stakk uppá að hann yrði á Hólum, færu svo nokkrir menn úr hverjum hreppi þangað til náms og kendi svo aftur þeim sem tæki þátt til að sýna íþróttir á hátíðinni. Hjelt hann að kensla mundi fást ókeypis.
Einnig stakk hann uppá að veðreiðar færu fram og taldi Skagfirðingum mikla skömm að því — sem ættu svo marga góðhesta — ef þeir vildu ekki taka þátt í því.
Margt fleira sagði hann og talaði yfirleitt mjög sannfærandi um þetta mál.
Sr. Lárus kom með fyrirspurn viðvíkjandi fjárhagshliðinni, hvort sýslan mundi ~~taka~~ að einhverju leyti styrkja þetta mál, og hjelt Stefán frekar að það mætti treysta.
Næstur talaði sr Lárus, og vildi hann að samkoman yrði sem allra fullkomnust. Kvaðst hann fús til að taka að sjer stjórn þess söngflokks er hjer gæti myndast, og bjóst við sæmilegri þátttöku. Talaði hann alllengi um væntanl. fyrirkomulag og æfingar flokksins. Var hann Stefáni O. að öllu sammála og bað menn að ræða málið frekar.
Þá fjekk Björn í Torfgarði orðið og var Stefáni á meiningunni eins og fyrri daginn — en þrátt fyrir það var hann þeim báðum sammála sr Lárusi og frummælanda um flest. Dóri í Djúpadal minntist á íþrótta-kensluna og taldi tölu verð mikið verra ef hver einstaklingur þyrfti að kosta sig á námskeiðinu á Hólum.

Einnig vildi hann að tekin ~~yrði~~ væri þáttur
í veðreiðum og minntist á að fengin yrði
Klukka er til þess væri ómissandi er hestar
væru afðir og reyndir.
Form. lýsti því yfir að tilvonandi vandkvæði
væru á að fá nógu unga og liðuga menn
innan fjel. til að taka þátt í íþróttum.
Helst byggði hann vonir sínar á þeim
fjelagsm. er nú væru við nám á Hólum
og svo stúlkunum!! Um hitt var hann
þeim hinum sammála. Formælandi
upplýsti (að uppihald þeirra manna er
dveldu á Hólum til íþróttanáms yrði
tiltölulega afar ódýrt. Talaði hann
um mikið og þakkaði mönnum góðar
undirtektir, og kom fram með svohl.
tillögu: „Fundurinn samþykkir að kjósa
5 manna nefnd til að beita sjer fyrir
þátttöku innan fjelagssvæðisins á væntanl.
hjeraðshátíð 1930." Tillagan samþykkt.
Nefndin kosin – þessir hlutu kosningu:
Björn Sigurðsson, Jón Eiríksson, Unga Sjál[illegible]
Óskar Gíslason og sr. Lárus Arnórsson,
er síðan skipti með sjer störfum.

II. Formaður las upp lagafrumvarp–
Sambands ungmennafjel. austan Hjeraðsvatna
leitaði hann álits fjelagsmanna um hvort
gengið skuli í sambandið. Urðu miklar
umræður um þetta mál. Jón í Dal
skýrði frá fulltrúafundi er haldinn
var á Hólum s.l. vor. Sr. Lárus gat
þess að fyrir sitt leyti væri hann þess
helst fylgjandi að öll ungmennafjel.
í Skag. gengju í eitt samband. Talaði
hann lengi um lögin og gerði margar athuga-
semdir þeim viðvíkjandi. H.O. talaði lengi
um þetta mál bæði með og móti.
Sr. Lárusi og fundarmönnum yfirleitt
fanst margt athugavert við frumvarpið
og ekki nema sjálfsagt að gera þar breyting-
ar tillögur er nauðsynl. þættu, ef gengið
yrði í Samb. Urðu miklar umræður um
málið sjerstakl. það atriði laganna
er hljóðaði um vínbindindi innan
samb., og mjög skiftar skoðanir um það.
Svohljóðandi tillaga kom fram. fundinn:
„Fundurinn aðhyllist að ganga í Samband
ungmennafj. austan Hjeraðsvatna ef það yrði

stofnað brúðkyn, og felur þar til kosnum fulltrúum sínum að ganga fyrir sín hönd í samb., með því að samþykktar verði nokkrar álcvéðnar breytingartillögur á frumvarpi til laga fyrir samb. er lagt verði fyrir fundinn "Tillagan samþ. með 12–4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli. Já sögðu: Ingibjörg Einarsd. St. Vagnss. Sigrún Sinnsdóttir, Sigrún Jóhannsd. Hólmfr. Jóh. Björn Sigurðss. Pálmey Haraldsd. Jóhanna H. Gunnar Valdimarss. Vagn Gíslason, Eiríkur Eiríksson Lárus Arnórsson. Nei sögðu Stefán Jónss. Eskar Gíslason, Jón Jónasson, Jón Hallsson. Aðrir voru ófáanl. til að greiða atkv. Ályktað var að leyfa álits þeirra fjelagsmanna sem ekki voru á fundinum. Tveir voru einnig heitar og fundarmenn litlar nær. Þá voru kosnir fulltrúar til að mæta á stofnfundi samb.
Þessir hlutu kosningu: Stefán V. Eiríkur Eiríks. Björn Sigtryggsson og Lárus Arnórsson. (Stefán Jónsson vildi alls ekki taka kosningu) Varamenn: Form. Gunnar V. Ingimar Jónsson Rögnv. Jónsson. Þarnæst var málið tekið út af dagskrá.

III Dómar; frummælandi Eskar Gíslason.
Erindi þetta var heldur stutt en vel hugsað og að mörgu leyti ágætt. Gerðist vetrarmaður þar talsmaður æskunnar og því gjörsamlega ungu stúlknanna er honum fundust oft ranglega dæmdar bæði í orði og riti, og á hinn vissulega allar þekktir skilda fyrir þeim. Annars kom hann víða við og tók dæmi bæði úr fortíð og nútíð eins og gengur. Var gerður góður rómur að erindi hans. Sr. Lárus þakkaði fremur fyrir hönd fundarins og gerði nokkrar athugas. var það gjörsamlega ætlaði til að draga úr þeim áhrifum er fremur hafði komið inn hjá áheyrendum viðvíkjandi kvenfólkinu og bókunum. Margt fl. sagði hann. Málið tekið út af dagskrá. Síðan hinn lesin var erindi Gunnarss. D. ekki tekið fyrir. Sjö menn höfðu tekið til máls á fundinum og 48 rétta fluttar. Með málefni til næsta fundar skyldu mæta St. V. og Ingibj. Einarsd.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Hafði því fundur staðið yfir í 6 kl.st.

Lárus Arnórsson (fundarst.) — Ingibjörg Einarsdóttir (ritari)

Ár 1930 15. dag. júnímánaðar var aðal-
fundur ungmfjel. Glóðafeykir settur
og haldinn að St. Ökrum að undangengu
skriflegu fundarboði. Form. setti fundinn
og stjórnaði honum, en vegna fjarveru
~~fjelagsins~~ ritara fjelagsins nefndi form.
Vagn Gíslason til fundarritara.

Dagskrá fundarins var þessi:

1. Lagðir fram reikningar fjel.
2. Starfsemi fjelagsins á liðnu árinu
3. Framtíðarstarfsemi fjel.
4. Kosin stjórn og varastjórn.
5. Kosnir endurskoðendur reikninga.

Gjaldkeri lagði fram reikninga fjel.
ásamt fylgiskjölum, er var endurskoðað
af öðrum endurskoðanda, og sýndi hann
að í sjóði voru Kr. 102.44.
Eftir nokkrar umræður var reikningurinn
samþykktur óbreyttur, nema hvað vantaði
eignareikning og var samþykkt að
eignareikningur yrði saminn framvegis.
Form. talaði um starfsemina síðastl.
ár, mintist hann á málfundina
og taldi hann þá hafa verið fremur
illa sótta, gat hann þess að reynandi væri
að breyta til og fækka málfundum en
hafa fleiri skemti eða útifundi. Þá
mintist hann á ræktunina á blettinum
er fjel. hefur keypt, og gat þess að nú
væri búið að plægja landið að mestu,
og væri ákveðið að fullvinna blettinn
á komandi sumri. Þá gat form. þess
að fjelagsm. hefðu heyjað s.l. sumar
en það sem fáir unnu við heyskapinn
var árangur ekki svo góður sem skyldi;
en þó seldist heyið fyrir Kr. 50.00 og var
það gott verð.
Næst talaði form. um framtíðarstarf.
fjel. og áleit hann að mikil nauðsyn
bæri til að hafist yrði handa nú í
ár og nýyrkja fjel. yrði fullunnin að
svo miklu leyti sem unt væri.
Þá talaði St. V. um það að fjelagsm.
ættu fyrst af öllu að hlú sem mest
og best að nýræktinni og sína þessum
litla bletti fjelagsins sem mestan sóma
svo hann geti orðið fjelaginu arð-
berandi eign í framtíðinni.

Nokkrar umræður urðu um málið og
voru fjelagar því samþykkir og vildu
að sem mest og best yrði gert í því máli
~~fy~~ til hagnaðar fyrir fjel. Ennfremur
samþykkti fundurinn að girðing og áburð:
skyldi fullunnið nú í vor og ennfrem.
að borin skyldi áburður á þann stykki
sem fullunnið væri, og skyldi vinna
þessi unnin sem gjafavinna af fjelagsm.
Var vinnutími ákveðinn 5 stundir en
þeir sem ekki ynnu skyldu greiða Karlar
60 aura í tímann og Konur 30 aurar.
Á fundinum kom fram tillaga þess
efnis að ungmennafj. legði fram nokkra
upphæð sem varið skyldi í krans á
Kistu Nönnu sál. Þorbergsdóttur, sem
var fjelagi í þessu ungmennafj. og á
kransinum að vera vottur þakklætis
til hinnar látnu fyrir samstarfið.
Þá var kosin stjórn fjelagsins, og
fjellu kosningar þannig:
Form: Björn Sigurðsson Ökrum
GjaldK: Stefán Jónsson Höskuldsst.
Ritari: Jón Eiríksson Djúpadal.

Varastjórn var kosin þannig:
Form. Vagn Gíslason Miðhúsum
GjaldK: Ingimar Jónsson Flugumýri
Ritari: Sigrún Jónsdóttir Viðvöllum.
Endurskoðendur reikninga kosnir:
Vagn Gíslason Miðhúsum
Rögnvaldur Jónsson Rjettarh.
Í fjelagið gekk á fundinum Halldóra
Jónsdóttir Vöglum, en úr fjelaginu
Jón Jónsson Viðvöllum.
Fundargerðin lesin upp og samþ.
Fundi slitið.

Vagn Gíslason
(ritari)

Sunnudaginn 20. júlí 1930 var fundur
haldinn í ungmennafj. „Glóðafeykir“ að Stóru-
Ökrum að undangengnum fundarboðum
Form. fjelagsins setti fundinn og stjórnaði honum
og nefndi til skrifara Ingimar Jónsson í
forföllum ritara.
Í fundarbyrjun gengu þessir í fjelagið:
Gísli Sigurðsson Litladal, Ágúst Jónsson
Flugumýri og Svava Jóhannesdóttir Rjettarholti

Þessir fjelagsmenn voru mættir á fundar-
teiginum: Björn Sigurðsson (form.) Björn
Björnsson, Magnús Vilhjálmsson, Ingimar
Jónsson, Jón Hallsson, Sigríður Jónsdóttir.
María Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir
Þuríður Jónsdóttir.

I. Mál á dagskrá: Rætt um heyskap
fjelagsins. Form. skýrði frá tilhögun
heyskaparins á undanförnum sumrum
fyrir nýjum fjelögum. Gaf síðan orðið
Birni í Torfunesi sem vildi eindregið
heyja eins og að undanförnu. Fundar-
skrifari vildi fela heyskaparnefnd alt
er (að) honum lýtur, einnig um vinnu-
tíma og gjald fyrir þá sem ekki vinna.
Form. taldi ekki ráðlegt að nefndin ákvæði
gjaldið vegna gamalla venja í því
sambandi. B.B. taldi fundarsamþykkt
nauðsynl. um heyskapargjaldið til að
fyrirbyggja ágreining og ljetta af
nefndinni margbrotnu starfi.
Þá samþykti fundurinn með öllum greidd.
atkv. að heyjað skyldi og einnig að
heyskapargjald yrði eins og að undanförnu

0,80 kr. um klukkust. fyrir karlm. og 0,50 kr.
á kl.st. fyrir stúlkur. Sjera Lárus sem þá
var nýkominn á fundinn, gat þess að
hann vildi ekki fela heyskaparnefnd
mikil völd í nefnd sem engum væri um
hver lenti í. Nefndi hann t.d. slæma
tilhögun hjá nefndum að undanförnu,
að láta vinna um messutíma á sunnu-
dögum. Taldi ennfremur: heppilegt að
stjórnin hefði hönd í bagga með nefnd
gagnvart tilboðum sem að þeim lytu.
Björn í Torfunesi taldi af eðlilegum ástæð-
um prestinum og öðrum fjelagsmönnum
þetta viðkvæmt mál, sem hjer væri til með-
ferðar, gat þess að hægt væri að vinna full-
komin tíma, sem ákveðinn væri eftir
messutíma. Fannst eðlilegt að nefndin
útvegaði engið a.m.k.
Sjera Lárus taldi óhæfu kirkjulega og borgara-
lega að skemma fundum eða öðrum störfum
fjelagsins í bága við kirkjuna. Fannst
ofsamt að byrja kl. 2 (síðd.), eins og
síðasti ræðumaður stakk uppá, en kvaðst
fús til að auglýsa messu kl. 12 til

þegiið og jafnvel kl. 11½ ef óskað væri
Taldi heppilegt að skytta messutímann
úr 6 kl.t. síðar í 5. kl.t. eins og komið
hafði til orða á meðal fundarmanna.
Form. gat þess að heyskaparvinnan undan-
farin sumur, hefði ekki komið í bága
við messur á Miklabæ nema síðastl.
sumar, sem stafað hefði af slæmri
stjórn nefndarmanna. Form. sagðist ekki
vilja færa messutímann fram eftir deg-
inum. Björn vildi láta þessu aðeins fara fram í
samráði við prestinn. Taldi best að öðru
leyti að heyja þegar messa væri á Silfrast.
Form. bar fram svohljóðandi ályktun frá
sjera Lárusi: „Fundurinn ályktar að
heyskapur á komandi sumri fari alls ekki
fram um messutíma á sunnudag
er því er messa væri á Silfrastöðum".
Samþykkt með öllum atkv.
Form. bar fram svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn er því samþykkur að
heyvinnutími fjelagsins heyvinnudaginn
sje færður síðar í 5 kl.st. Samþ.
Í heyskaparnefnd voru kosnir.

Björn Sigtryggsson með 10 atkv.
Árni Jónsson — 9 —
Gísli Gottskálksson — 9 —
Varam. Björn Björnsson
Málið tekið út af dagskrá.
II. Skemtiferð. Sjera Lárus tók þá til máls
um fyrirhugaða skemtiferð. Gerði fyrirspurn
til fundarins hvort ákvörðun hefði verið
tekin í málinu. Enginn sagði hann
hvað sem umtali um skemtiferð á aðal-
fundi liði þá yrði farin skemtiferð ef
þátttaka fengist. Vildi láta stjórn nefnd
að undirbúa skemtiferð. Björn var sjálfur
sjer samþ. og vildi þá fara skemtiferð, en
ljet sig minna skifta hvert farið yrði.
Form. gat þess að búnaðarfélagið hefði staðið
styrk fyrir skemtiferð sinni, og einnig að
ungmennafj. hefði verið að fara góða skemti-
ferð n.k. vor. Minntist á Gorðsbáhlíðinni
sem uppbót á þá skemtiferð yrði ekki
farin. Vildi ákveða á þessum fundi
ef skemtiferð ætti að fara.
Sjera Lárus áleit nefndina fullnægjandi.
Fannst form. verði að láta til sín taka

gagnvart þessu máli sem öðrum þ.e. gæti lagt mál í hvívetna.
Form. bar fram svohl. tillögu frá sjer hönum:
Fundurinn samþykkir að kosin sje 3ja manna nefnd, sem leitar eftir fjelagsmönnum þátttöku í skemmtiferð á komandi sumri, og sje í samráði við stjórnina, að fjelagsmönnum verði gefin kostur á að fara ferðina. Stungið var uppá þessum mönnum í skemtinefnd.
Sjera Hálfdáni, Stefáni Vagnssyni og Þuríði Þórsdóttir.
Sjera Hálfdán stakk upp á að farið yrði fram að Ábæ.
Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Ragnar Jónsson
(ritari)

14. Des. 1930 var fundur í ungmennafjelaginu „Glóðafeykir" settur og haldinn að Stóra Ökrum, samkvæmt áður gengnum skriflegum fundarboðum. Form. Björn Sigurðsson stýrði fundinum.
Fundarefni: Lesið upp brjef frá sambandsstjórn U.M.S. Skagfirðinga, þess efnis að fjelagsmenn væru hvattir til að styðja að þeim áhugamálum er sambandið beitist fyrir. Voru þar tilfærð nokkur af þeim helstu s.s. glímur leikfimi o.fl.
Þá fjekk Þór Eiríksson orðið, og hvatti ekkert á móti því að grenslast væri eftir því hjá fjelagsmönnum hvort þeir vildu taka þátt í fyrirhuguðu námskeiði sem að líkindum yrði haldið að Reykjum síðari hluta vetrar. Minntist að því loknu lítillega á sambandsmyndun meðal ungmennafjelaganna austan Hjeraðsvatna, hvað dansar horfur á að slíkt yrði á ndistunni, enda lítill ávinningur að því sem stæði.

stjórn í Tófmýri kom með fyrirspurn um hvort ekki bæri að skilja þetta bréf frá stjórninni sem boð til okkar um að ganga í sambandið. Form. kvaðst álíta að svo væri ekki, en bjóst þó við að í bréfi þessu lægi dálítil „Agitation" frá samb. stjórn - altaf verið á móti sambandsstofnun austan Vatna. Pjetur Símonsson kvaðst vonast eftir að bréfinu yrði svarað kurteislega, kvaðst hinsvegar ekkert sjá athugavert við að ganga í sambandið.
Fyrirspurn kom frá Gísla Sigurðssyni um hvort fjelagið sæi sjer fært að styrkja mann til leikfimisnáms á næstunni. Stefán Símonsson kvað slíkt ekki gjöra athugað hjá Gísla að fjelögin væru vön að styrkja fjelagsmenn til náms. Dálítið meiri umræður urðu um bréfið og kom að lokum fram svohljóðandi tillaga frá Birni Eiríkssyni:
„Fundurinn lítur svo á að þar sem ungmennafj. „Glóðafeykir" er ekki meðlimur í S.M.F.S. geti það ekki tekið þátt í störfum sambandsins eða áhugamálum, sem umrædd í bréfi frá sambandsstjórn til ungmennafj. „Glóðafeykis" dagsett 8. nóv. síðastl. nema ef vera skyldi til íþróttanáms, og vill í því tilliti fela stjórninni að grenslast eftir um væntanlega þátttöku í því, og svara bréfi háttvirtrar sambandsstjórnar á viðeigandi hátt." Samþykt með öllum samhljóða atkvæðum.
Málið tekið út af dagskrá.
Þvínæst var rætt um hina ákveðnu skemtisamkomu fjelagsins.
Form. kvaðst leggja til að hún yrði haldin að vetrinum. Pjetur Jónsson kvaðst vera því fylgjandi sjerstaklega með að hann þá við að Stefán Eiríksson yrði þá staddur hjer, og sagði væri ánægjandi að ef hann fengist til að segja frá æfintýrum sínum þar norður í óbygðum Ameríku.
Eftir nokkrar umræður var gengið til kosninga í nefndina. Kosningu hlutu þessir:

Björn Sigtryggsson með 8 atkv.
María Þorsteinsdóttir — 8 —
Ingibjörg Jónsdóttir — 8 —
Hjálmar Jónsson — 7 —
Óskar Gíslason — 5 —
Málið tekið út af dagskrá.
Í fjelagið gengu á fundinum Hjálmar Jónsson Rjettarholti og Ólafur Bjarnason Miklabæ.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið.

Björn Sigurðsson (fundarst.) Gísli Sigurðsson (ritari)

Ár 1931 25. dag Maímánaðar var aðalfundur ungmennafj. Glóðafeykir settur og haldinn að Stóru-Ökrum samkvæmt undangengnum fundarboðum.
Form. fjelagsins Björn Sigurðsson setti fundinn og nefndi til ritara Björn Sigtryggsson í forföllum aðalritara Jóns í Dal.
Fundarmál voru þessi:
I. Lesnir upp reikningar fjelagsins af gjaldkera, Stefáni Jónssyni. Urðu litlar umræður um reikningana er voru samþyktir með þeirri athugasemd að þau heystapargjöld sem enn voru óheimt inn, ætti að innheimtast og teljast á reikningum fjelagsins framvegis.
II. Starfsemi fjelagsins síðastl. ár.
Form. fjel. skýrði frá starfseminni. Talaði hann um ræktunina á bletti fjelagsins, taldi hann vel á veg komna, hafði fengist af blettinum 3 hestar af töðu sem form. heyjaði og rann til hans.
Næst skýrði hann frá fundarhöldunum

taldi hann fundi hafa verið fáa vegna slæmrar sóknar fjelagsmanna sjerstaklega framan Dalsár.
Eins fremur hafði verið haldin samkoma samkvæmt ákvæðum laga fjelagsins, með góðum árangri. Skipið hann fór því að skemtiför hefði verið farin á árinu til Ásgeirs, en aðeins af tveim eða þremur mönnum.
IV Framtíðarstarfsemi fjelagsins.
Formaður gat ~~[illegible]~~ framtíðarstarfsemi fjelagsins. Gat hann þess að brýnasta þörf fjelagsins væri að byrja ræktunina á bletti fjelagsins sem fyrst í framkvæmd, og svo vinna sem til þess þyrfti ætti að vera gjöf vinna fjelaginu. Þegar hjer var komið fundi varð formaður frá að hverfa og setti tún í Dal fundarst. sem þá var nýkominn ásamt sr. Þórarni. Hurfu þeir úr af sr. Þórarni og Stefán á Höskuldsstöðum, á meðan varð fundarhlje og almennt mas. Fundur hófst að nýju er þeir komu. Borin upp svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn skorar á næstu árs stjórn þessa fjelags, að hraða ræktun á bletti fjelagsins eins og hægt er, og stefna að því að undirbúningi ræktunarinnar verði lokið á þessu ári."
Tillagan samþ. með öllum atkv.
Borin upp tillaga um að vinna í Holtinu að bletti fjelagsins í 5 tíma skyldi þeir er ekki mættu greiða gjald er væri 0.60 fyrir karlmenn en 0.30 fyrir stúlkur í klukkustund. Samþ.
Þá var næst drukkið kaffi hjá Birni á Ökrum, og þá um leið sást sjera Þórarins iða af fundi um þess Tófuskinn.
Tók nú form. við fundarstjórn á ný. Hafði verið rætt nokkuð um skemtiför í yfirstandandi sumri, var rætt um það að fór ungmennafj. Hólahrepps og Höfðastrandar væri ákveðin til Drangeyjar og þau búin að leigja skip til fararinnar, og væri því spurning hvort ekki væri rjett að nota það tækifæri og vera með. Sögðu nokkrir að til orða hefði komið að fara austur í Vaglaskóg.

Urðu talsverðar umræður og mas um hvort haldið ætti að fara.
Að síðustu var leitað álits fundarm. um Drangeyjarför, og var fundurinn hlyntur þeirri för. Var svo stungið upp á mönnum í nefndina.
Kosnir voru, Björn Sigtryggsson Stefán Jónsson og Árni Jónsson.
Er hjer var komið málum kom Björn í dyrnar á fundinn. Slitið fundarsókn.
Næst fóru fram kosningar í stjórn fjelagsins
Form. var kosinn Ingimar Jónsson
Ritari: Gísli Gottskálksson og
Gjaldkeri: Rögnvaldur Jónsson.
Varaform. Vegn., vararitari Árni Jónsson og gjaldkeri Óskar. Kosnir voru endurskoð. reikninga Stefán Jónsson Björn Sigurðsson
Ein úrsögn kom í fundinum frá Stefáni Vagnssyni, og sagði hann sig úr vegna vöntunar á starfsskrótum í þeim fjel.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið.
Björn Sigurðsson. Björn Sigtryggsson.
(fundarst.) (ritari)

Sunnudaginn 28. júní 1931 var fundur settur og haldinn í ungmennafjel. „Glóðafeykir“ að Stóru-Ökrum að undangengnum fundarboðum.
Form. fjelagsins Ingimar Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum.
En ritari fjel. Gísli Gottskálksson nefndi til ritara fundarins Jón Eiríksson Djúpadal.
18 fjelagsmenn voru mættir á fundinum.
Form. byrjaði á því að þakka það traust sem fjelagsmenn hefðu sýnt sér með því að kjósa sig form. fjelagsins ~~og~~ kvaðst ekki vera þeim fjelagslund gæddur, sem þyrfti til að stjórna fjelagi sem þessu.
I. Mál á dagskrá var að ræða um fyrirhugaða skemmtiferð fjelagsins. Búið var að ákveða að fjelagsmenn færu austur í Vaglaskóg, því hætt var við Drangeyjarferð, sem áður hafði verið ákveðið. Skemmtinefnd sem kosin hafði verið á aðalfundi þóttist laus allra mála þegar úti var með Drangeyjarförina.
Talsverðar umræður urðu um málið fram og aftur, tillaga kom frá Birni á Framnesi um að fela stjórninni að sjá um undirbúning ferðarinnar en sú tillaga fékk engar undirtektir.

Tillaga kom frá Jóni Eiríkssyni um að kosin yrði 5 manna nefnd til að undirbúa og sjá um fjörðina að öllu leyti. Þessir voru kosnir:

| | |
|---|---|
| Gunnar Valdimarsson með | 13 atkv. |
| Jón Eiríksson | — 12 — |
| Stefán Jónsson | — 10 — |
| Árni Jónsson | — 8 — |
| Ingimar Jónsson | — 7 — |

Málið tekið út af dagskrá.

II. Um innheimtu á gjöldum til félagsins, bæði árstillögum og vinnugjöldum. Form. gat þess að félagið væri í fyllstu þörf fyrir peninga nú, þar sem jafnmikla væri búið til að kosta upp á blett fél. nú í vor. Óskaði hann því að sem flestir greiddu gjöld sín á þessum fundi og brugðust menn vel við því.

Í félagið gekk þá Sigurður Jóhannsson Ulfsstöðum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Ingimar Jónsson fundarstj. — Jón Eiríksson (ritari)

## Sunnudaginn þann 6. des. 1931

var fundur haldinn í ungmennafél. „Glóðafeykir" á St. Ökrum samkvæmt undangengnum fundarboðum. Formaður fél. Ingimar Jónsson stýrði fundinum.

Á fundinum voru mættir 22 félagsmenn.

I. Mál. Tún félagsins á Þormóðsholti, framsögum. Rögnvaldur Jónsson. Skýrði Rögnvaldur frá að blettinum væri nú allur brotinn, þó en dagsláttan væri ei svo vel úr garði gerð sem skyldi; taldi hann æskilegt að sá partur væri herfaður á ný. Sömuleiðis taldi hann girðinguna í ólagi og þörf að bæta úr því hið fyrsta. Taldi hann æskilegt að prýða blettinn t. d. með skraut- eða trjáplöntum meðfram jöðrum hans, því ei mundi enn tiltækilegt að byggja hús á blettinum.

Næstur talaði Björn á Framnesi og sagðist hafa heyrt raddir í þá átt að æskilegt væri að stækka tún fél. helst hjá þeim parti sem fyrir væri ef land fengist þar keypt. Í sama streng tók form. og nokkrir fleiri. —

Fram kom þá sú athugasemd frá Gunnari á Víðivöllum og Birni á Ökrum, hvort ekki mundi

heppilegra, ef um túnaukningu yrði að ræða, að hafa annan blett framar á félagssvæðinu. Taldi Björn á Íkrum það fyrirsjáanlegt að hús mundi ekki byggt á blettinum, því að svo stöddu, og lægi nær að klyma að þinghúsi hreppsins. Gunnar sagðist skilyrðislaust vilja að ef til túnaukningar komi þá yrði sá blettur fyrir framan Dalsá. Bauðst hann til að flytja girðingar efni fél. að kostnaðarlausu ef blettur-inn yrði framan Dalsár.

Eftir at búið var að ræða málið allmikið á við og dreif, var gengið til atkvæða um það: Hvort halda skyldi áfram túnrækt á Þormóðsholti, eða ekki næsta ár, ef land fengist. Atkv. féllu þannig að menn voru því samþykkir að stækka tún fél, en allmargir vildu að það yrði gert annarsstaðar en á Holtinu. Vildu allmargir að það yrði reynt að fá blett í Miklabæjarnesi. Að síðustu var stjórn fél. falin öll frekari framkvæmd í málinu. Málið tekið út af dagskrá.

II. Skemmtisamkoma félagsins.

Framsögum. Ingimar Jónsson.

Taldi hann sjálfsagt að hafa skemmtisamkomu eins og að undanförnu. Um þetta urðu nokkrar umræður. Töldu ýmsir félagsmenn að fél. væri misrétti beitt, þar sem það hefði pantað húsið milli jóla og nýárs, snemma vetrar, en ekki fengið það. Eftir nokkrar umræður var svohlj. tillaga, sem senda átti oddv. samin af Birni á Framnesi og borin upp:

Sökum þess, að fundurinn álítur, að Um.fél. „Glóðafeykir" hafi í láni á samkomuhúsi hreppsins, undanfarin ár, verið afskipt um heppilegan samkomutíma, í samanburði við önnur félög í sveitinni, skorar hann á oddvita hreppsnefndarinnar, að láta Um.fél. njóta í framtíðinni fulls jafnréttis í því efni við önnur félög.

Þessu næst var kosin samkomunefnd.

Kosningu hlutu:

Sigrún Jóhannsdóttir með 15 atkv.
Vagn Gíslason — 9 —
Gunnar Valdimarsson — 8 —
Rögnv. Jónsson — 7 —
Sigrún Jónsdóttir — 7 —

Málið tekið út af dagskrá.

Á fundinum gekk í fél. Hólmfríður Jóns-
dóttir á Víðivöllum.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Ingimar Jónsson (fundarstj.) — Gísli Gottskálksson (ritari)

Ath. Af sérstökum ástæðum vantar hér í bókina fundargerð frá seinnihl. vetrar 1932. Kom hún ei til ritara, en hann ei mættur.

Árið 1932 sunnudaginn 29. maí var aðal fundur settur og haldinn í Um. fél. „Glóðafeykir" að Stóru-Ökrum. Var fundurinn settur kl. 7.30 e.h. en hafði í fundarboðum dags. 22. maí verið stundsettur kl. 4 e.h. — Fundinn setti form. fél. Ingimar Jónsson á Flugumýri. Bauð hann fundarm. velkomna sérstakl. nýja félagsm. Form. kvaddi Vagn Gíslason Miklhúsum til að stjórna fundi, en svo Lárus Miklabæ til fundarskrifara. Þessir félagsm. voru mættir: Ingimar Jónsson form. fél. Rögnv. Jónsson gjaldk. fél. Vagn Gíslason. Jón Eiríksson, Þórunn Gunnarsd. Svava Jóh. Björn Björnsson, Halldóra Jónsd. Sigrún Jónsd. Ingibjörg Jónsd. Sigurður Jóhannsson. Vil. Jónum Hólmfr. Jónsd. Sigrún Jóhannsd. María Þorsteinsd. Aðalbjörg Gíslad. Þuríður Jónsd. Ágúst Jónsson. Lárus Arnórsson.

Í fundarbyrjun gengu í fél. þessir nýir félagar: Jóhanna Jónsdóttir Grundarkoti, Unnur Hallgrímsd. Flugumýri, Hólmfríður Jóhannesd. á Þorleifsstöðum og Bjarni S. Timbogason Mið-Grund. —

Sátu því 23. félagsmenn fundinn frá upphafi.

Lögð var fram dagskrá fyrir fundinn, og honum stjórnað eftir henni.

I. Reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár. Gjaldkerinn (R.J.) lagði fram reikningana og ~~var~~ hann á ~~þessa leið~~.

Aðeins annar endurskoðandi St. J. hafði séð reikningin, en reikn. var nokkuð endurskoðaður á fundinum, og að því lokinu bar fundarstj. hann upp til samþykktar, og var hann samþykktur með öllum greiddum atkv.

II. Starfsemi fél. á liðna árinu

Formaður reifaði málið. Minntist á þessi atriði.
1. Fundarstaður félagsins. Sagði form. hann vera í sérstakri niðurníðslu, lítið gert við hann, girðing í miklu ólagi og þar verkefni fyrir næstu stjórn.
2. Fundir á árinu að sumu 4. (með aðalf.) og því einum færi en lög mæltu fyrir. Kvað form. þetta refsiverða vanrækslu af hálfu stjórnarinnar, en ástæðan hefði verið fyrir því sú að verulegt nytjamál fyrir fél. hefðu ei legið fyrir, og fél. hefði enn eigi auðnast að verða algjört málfundafélag, sakir þess hvað sárfáir menn tækju til máls á fundum.
- 3. Skemmtiferð fél. hafði verið farin norður í Vaglaskóg, hefði vel tekist og verið mörgum til ánægju, þrátt fyrir óhagstætt veður að mörgu leyti. Taldi slíkar ferðir fél. til hagsbóta. - 4. Skemmtisamkomur tvær, önnur að sumrinu og hin að vetrinum. Um félagslífið í heild sagði formaður að á árinu hefði ekki verið að ræða um afturför, en það hefði þó verið dauft, og fáskrúðugt, og væri svo að sjá, að fél. hefði fest áður en það vissi til hv. það fæddist. -
Í sambandi við þetta minntist form. nokkrum orðum á framtíðarstarf fél. og drap í því samb. á það mikla og fagra verk, sem skógræktin væri, er hæfði slíku fél. sem þessu. Um þetta mál urðu talsverðar umræður, er gengu mest í þá átt að ræða um framtíðarstarfsemi félagsins. Sra. Lárus gat um þá starfsemi fél. að unnin var hjálparvinna á Hólfsstöðum um heyannir síðastl. sumar, í veikindum á heimilinu. Form. gat um samskotavinnu á Þormóðsholti. -

Nokkuð var rætt um það á hvern hátt félag þetta gæti orðið til þess með samtökum, að styðja innlendan iðnað, og jafnvel að létta á sveitinni einhverju fargi kostnaðarsamrar tízku, svo sem kaffidrykkju. Bar sra Lárus fram þessa tillögu í þessu máli: Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir því að sem flestir fél. „Glóðafeykis" taki að meiru eða minna leyti upp mjólkur og vatnsdrykkju í stað kaffis. Um tillöguna urðu allmiklar umræður, að lokum var tillagan

borin upp og samþ. með 12 atkv: 1.
Skemmtifund. Rætt var um málið, og beðið um ~~vilja félagsm.~~ tillögur til að sjá vilja félagsmanna. Aðeins ein tillaga kom fram: að fara fram í Vesturdal. Borin upp og samþykkt með 9:1. Fararnefnd kosin. Stungið upp á Rögnv. Rht. Birni Ókrum og Sra Lárusi.
Samþ. í einu hljóði
Sra Lárus lagði áherslu á, að félagið starfaði með meiri krafti hér eftir en hingað til sem málfundafélag og bauð í því efni að takast að sér að undirbúa annanhvern fund á næsta starfsári, gegn því að aðrir félagsmenn sæju um annan hvern. Var gerður að máli þessu sæmilegur rómur. Engin ákvörðun tekin, enda ekki til þess ætlast.
Stundvísi. Um það atriði var nokkuð rætt og bent á að starfsemi fél. sem málfundafél. væri að miklu leyti komin undir framförum á því sviði. Tillaga frá Jóni í Dal.
Fundurinn ákveður að á næsta starfsári Um. fél. skuli fundir ekki settir seinna en ½ klst. eftir að ákveðið er, ef eitthvað er því mótt af félagsmönnum. Tillagan borin upp. Samþ.

með 16 samhlj. atkv.
III. Kosin stjórn. Form: Ingimar Jónsson endurkosinn með 13 atkv. Vagn í Miðhúsum fékk 5 atkv. (26 atkv. greidd.)
Ritari: Gísli Gottskálksson endurkosinn með 9 atkv. B. Sig 5 atk. (alls greidd 19 atkv).
Gjaldkeri: Rögnv. Jónsson endurkosinn með 12 atkv. Stef. J. og Árni J. 3 hvor. (22. atkv. gr.)
Endurskoðendur voru kosnir munnlega í einu hljóði, samkv. uppástungu. Stungið upp á St. J. og Bj. S.
Varastjórn kosin með nafnakalli: Varaform.
Vagn Gíslason 15 atkv.
Vararitari: Jón Eiríksson 10 atkv.
Varagjaldkeri: Árni Jónsson 8 atkv.
Þegar hér var komið hafði fundur staðið í 4 tíma, til máls tóku auk fundarstj. Ingimar J. Jón Eir. Sra Lárus A. Björn Sig. Rögnv. J.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp.
Fundi slitið.

Vagn Gíslason
fundarstj.

Lárus Arnórsson
ritari.

Sunnudaginn 31. júlí 1932 var fundur haldinn í ungm.fél. „Glófaxi" að Stóru-Ökrum að undangengnum fundarboðum. Á fundinum mættir 16 fél. Fundinum stýrði form. fél. Ingimar Jónsson.
Gat hann þess að til fundar þessa væri boðað einkum vegna beiðni frá skemmtinefnd fél. en sökum þess að þegar hér var komið var ekki mættur nema 1 af 3. skemmtinefndarmönnum, þá mundi bezt að byrja á öðrum lið dagskrár, sem talinn hafði verið á fundarboði, en það var um heyskap félagsins á túnbletti fél. á Þormóðsholti.
Um þetta mál urðu litlar umræður, lagði form. til að bletturinn yrði heyjaður 14. sunnudaginn. Bauðst hann til að slá það sem tiltækilegt væri að slá með vél af blettinum fyrir kr. 10.00, fyrir þann tíma.
Þetta samþ. með öllum greiddum atkv.
Málið þarmeð tekið út af dagskrá.
II. Skemmtisamkoma fél.
Form. gat þess að síðastliðið sumar hefði verið haldin skemmtisamkoma í fél. og hefði nokkur ágóði orðið af henni.
Vakti hann nú máls á því hvort ekki mundi tiltækilegt að halda skemmtisamkomu á þessu sumri.
Um þetta urðu nokkrar umræður, og féllu þær þannig að rétt mundi að reyna til að halda samk.
Í skemmtinefnd voru þessir kosnir:
Björn Sigtryggsson, Gísli Gottskálksson og Sigríður Eiríksdóttir.
III. Skemmtiferð félagsins.
Um ferðina urðu nokkrar umræður. Töldu allir sjálfsagt að skemmtiferðin yrði farin, bæði væri það samkv. lögum fél. og einnig væru slíkar ferðir félögum til ánægjuauka. En allmjög urðu skiftar skoðanir manna um hvert fara ætti. Sá skemmtinefndarmaðurinn, sem mættur var, Rögnvaldur Jónsson lagði fyrst til að farið yrði út í Hegranes. Björn á Framnesi vildi að farið yrði út í Þórðarhöfða. Gísli Gottskálksson stakk upp á að farið yrði yfir í Sæmundarhlíð. Gat hann þess að skemmtiferðin hefði borið í tal milli sín og Lárusar og sín, og hefði sra. Lárus verið því hlynntur að farið yrði í Sæm.hl. en prestur var í skemmtinefndinni, en ekki mættur á fundinum. Eftir nokkrar

umræður var samþykkt með meirihluta atkv. félagsmanna að fara yfir í Sæmundarhlíð.
Fleiri mál lágu ei fyrir fundinum.
Fundargerð þessi var lesin upp og fundi slitið.

Ingimar Jónsson fundarstj. — Gísli Gottskálksson ritari

Mánudaginn 19. des. 1932 var fundur haldinn á Ungm. fél. „Glóðafeykir" á Stóru-Ökrum, samkv. undangengnum fundarboðum.
Á fundinum voru mættir 18 félagsmenn.
Í fél. gekk á fundinum Friðfinnur Magnússon
A. Formaður fél. Ingimar Jónsson stýrði fundinum.
I. Formaður vakti máls á því að kosin yrði skemmtinefnd vegna væntanlegrar skemmtisamkomu félagsins.
Kosningu hlutu:
Halldóra Jónsdóttir 8 atkv.
Sra Lárus Arnórsson 6 —
Björn Sigurðsson 6 —
Sigrún Jóhannsdóttir 6 atkv.
Erlendur Jónsson 5 —
II. Félagslíf. Erindi flutt af sra Lárusi Arnórssyni.
Var það ítarlegt erindi og skörulega flutt. Taldi frummælandi hugsjónir undirstöðu sanns félagsskapar, en jafnframt að því þyrfti að fylgja skilningsgóður vilji og samúðarfullar tungur, og hugsjóninni réttast fórnfúsar hendur til framkvæmda málum félagsins. Taldi félögin ekki eiga að skapa hugsjónir, heldur að hugsjónirnar ættu að skapa félögin. Framsögum. taldi að menn þyrftu stíð fyrst og fremst að hugsa um heill félagsins, og nauðsyn væri einkum að leiðtogar félaganna væru áhugamenn, sem beittu sér samkv. lögum félagsins, sem ósérhlífnir áhugamenn er hugsuðu stíð um heill og gengi félagsins. Framsögum. áleit að stundvísi væri einnig eitt af undirstöðuatriðum félagsskaparins.
Einnig taldi hann upp mörg þau blindsker, sem félagsskapur strandaði á, t.d. ef „klíkur" mynduðust innan

félaga eða ef hallað væri á einhverja einstaklinga, hvort heldur væri í stjórn félagsins eða einstaka meðlimi.
Frumm. minntist einnig á stofnfund fél. sem hann ásamt Jóni sál. á Víðivöllum var við riðinn. Minntist frumm. á sönginn í sambandi við stofnun félagsins þar sem svo hefði verið til ætlast að söngur væri efldur innan fél. hefði það verið gert í fyrstu, en nú væri söngur aldauða í félaginu, og meira að segja menn innan fél. væru nú í söngfél. annars hrepps. Taldi frumm. eitt mesta mein á sömu félagslífi hér, hörgul á huginu aut-legð, jafnframt því sem eftir því hjá mörgum að stjórna, og að hlýða lögum félagsins.
Um málið urðu all miklar umræður á við og dreif, einkum óstundvísi, sem allir töldu mikið félagsmein.
Málið tekið út af dagskrá.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð upplesin.

Ingimar Jónsson (fundarstj.)
Gísli Gottskálksson (ritari.)

Miðvikud. 15. mars 1933 var fundur settur og haldinn í U. M. F. „Glóðafeykir“ að Stóru-Ökrum samkvæmt undangengnum fundarboðum. Fundinum var stjórnað af form. félagsins Ingimar Jónssyni.
Ritari á fundinum var Stefán Jónsson.
Á fundinum gerðist þetta:
I. Bjargráð Íslands. Forsögumaður sra Lárus Arnórsson. Taldi framsögum. þegnskyldu-vinnuna helsta bjargráðið vegna þess að hún framkallaði orku sem yrði landi og þjóð til hamingju, hún væri vinna sem ekki yrði neinum til tjóns, en með henni kæmi fram vinna margra sem aldrei drepa hendi í kalt vatn.
Taldi framsögum. þegnskylduvinnuna geta orðið meðal til vakningar æskunnar. Rakti hann það á ýmsan hátt á hvern veg að þegnsk.v. hugmyndin kæmist í framkvæmd.
Umræður urðu ekki mjög langar en á andstæðri skoðun við málshefjanda voru Jón í Dal, Björn á Ökrum og Stefán á Höskuldsstöðum.
Að umræðum loknum var málið tekið út af dagskrá, án þess að nokkur ályktun væri tekin.
II. Skógrækt. Framsögum. Gísli Gottskálksson

Talaði hann fyrst um skógrækt almennt, hvað mikil prýði væri að skógum og gagn.
Síðar leiddi hann talið að hversu vel til fallið væri að ungmennafél. hefðu forystuna þegar um skógrækt væri að ræða.
Framsögum. talaði þar næst um skógrækt hér innan Skagafjarðar. Sagði hann að ungmenna fél. Seyluhrepps, Kvenfél. Seyluhrepps og Kvenf. Sauðárkróks hefðu þá þegar tekið skógræktarmál fjarðarins á arma sína.
Væri hugmynd þeirra fél. að reyna að koma upp skógræktarreit við Reykjarhól. Taldi framsögum. þann stað vel kjörinn vegna legu sinnar og fegurðar.
Framsögum. gat þess að hugmyndin væri hjá fyrnefndum fél. að halda fund, ~~vegna~~ á Sauðárkróki í sýslufundarvikunni, og stofna þá Skógræktarfélag Skagafjarðar. Hefðu fyrgreind fél. óskað að U.M.F. „Glóðafeykir" sendi fulltrúa á þann fund ef fél. síðarmeir hugsaði sér að verða með í þeim félagsskap. Um málið urðu nokkrar umræður á við og dreif, niðurstaða þeirra umræðna varð sú að þrír menn voru

kosnir til að mæta á hinum fyrirhugaða fundi á Skrók. Kosningu hlutu:

Gísli Gottskálksson
Stefán Jónsson
Rögnvaldur Jónsson

Þar næst var málið tekið út af dagskrá.
Fleira kom ei til umræðu.
Fundi slitið.

Ingimar Jónsson
fundarstj.

Stefán Jónsson
ritari.

Aðalfundur U. M. F. „Glóðafeykis“ var settur og haldinn á Stóru-Ökrum 2. júlí 1933 samkv. undangengnu fundarboði.
Á fundinum voru mættir 19 félagar.
I. Form. fél. Ingimar Jónsson Hóf fyrst máls, drap hann á það að fundur væri haldinn síðar en lög fél. mæltu fyrir, sagði hann að ýmislegt hefði stuðlað að slíku, en sagðist samt ekkert ætla að telja upp sér til afsökunar.
Form. gat þess að fundir á árinu hefðu verið 4 væri slíkt færra en lög mæltu fyrir, en fundarsóknin hefði verið góð þegar fundir hefðu verið haldnir.
Drap form. á að sér þætti æskilegt að skipt. yrði um stjórn því sannað væri að nýjir menn flyttu vanalega nýtt fjör, sagðist minnsta kosti óska þess hvað sig snerti að skipt yrði um.
Um framtíðarstarfsemi sagðist hann ekki geta að þessu sinni.
II. Næstur tók til máls gjaldkeri félagsins Rögnvaldur Jónsson. Las hann upp reikning félagsins síðastliðið ár, og lagði hann svo fram fyrir fundinn ásamt fylgiskjölum.
III. Spurt eftir hvort nokkrir nýjir menn ætluðu að ganga í félagið gaf enginn sig fram. Sömuleiðis komu engar úrsagnir.
IV. Skemmtiferð félagsins.
Formaður gat þess að samkvæmt lögum félagsins ætti að fara eina skemmtiferð á ári. Sagðist hann ekki hafa hugsað sér neinn sérstakan stað, sem æskilegt væri að fara til. En af stöðum hér innan sýslu gat formaður um dalina hér fram, einkum Vesturdal, en sagðist þó frekar leggja til að farið yrði vestur í Vatnsdal, því bílgjöld væru nú orðin lág, en dalurinn fagur.
Eftir nokkrar umræður var samþykkt að fara vestur í Vatnsdal.
Til að sjá um ferðina og frekari framkv. var kosin 3. manna nefnd.
Kosningu hlutu:
Jón Djúpadal
Ingimar Flugumýri
Árni Víðivöllum.

V. Kosin stjórn félagsins, kosningu hlutu:
Formadur: Vagn Gíslason Kosinn með 9 atkv.
Varaform. Jón Eiríksson — — 5 —
Gjaldkeri: Gísli Gottskálksson — — 3 —
Varagjaldkeri Aðalbjörg Gísladóttir — — 3 —
Ritari: Sigríður Jónsdóttir — — 9 —
Vararitari Sra Lárus Arnórsson — — 6 —
Endurskoðendur. Kosningu hlutu Björn Sigurðsson og Stefán Jónsson.

VI. Skógrækt. Gísli Gottskálksson gat þess að á fundi þeim, sem haldinn var á Sauðárkróki í Sýslufundarvikunni þá um veturinn, og getið var um á síðasta fundi félagsins að haldinn yrði, hefði verið stofnað félag, sem héti Skógræktarfélag Skagafjarðar.

Fleira kom ei til umræðu á fundinum.
Fundargerð upplesin. Samþykkt.
Sagði þá formadur fundi slitið.

Ingimar Jónsson. fundarstj. — Gísli Gottskálksson ritari.

Sunnudaginn 13. Ágúst 1933 var fundur settur og haldinn að Stóru-Ökrum í U.M.F. Glóðafeykir, samkvæmt undan gegnum fundarboðum. Fundur var frekar fámennur. 15 félagsmenn mættir af mér 40 meðlimum. Hefir eflaust legið það til grundvallar að veður var ekki, sem ákjósanlegast. Formaður félagsins setti fundinn og stýrði honum.

I. Umræður um heyskap á bletti félagsins.
Tók formaður það fyrstur til máls. Sagði hann ekkert tilboð hafa komið um að fá blettinn leigðan og áleit því heppilegast að félagsmenn ynnu sjálfir að heyskapnum og kepast um annað að gjöra. Jón í Dal stakk upp á að fá einhvern með sláttuvél til að slá blettinn og urðu dálitlar umræður um þetta fram og aftur.
Að lokum gjörði formaður það að tillögu sinni, að félagsmeðlimir heyjuðu blettinn sjálfir með handverkfærum 19. eða 20. sunnudaginn. Var hún borin upp og ekkert andmælt.
Málið því tekið út af dagskrá.

II. Átti að vera erindi hjá séra Lárusi, er hann nefndi „Framkoma" Þar hann mætti ekki á fundinum, sökum embættis anna.

III. Vákvætt málefni. Framsögumaður María Þorsteins

Kvaðst hún vera lítið undirbúin; hafa búist við að sleppa við að koma fram með sitt málefni sökum málefnis séra Lárusar. Þessu mest snéri hún máli sínu að skemtununum og þá helst að skemtunum okkar ungmennafélaga. Hvað þar mest koma fram í dansi. Vildi samt ekki lasta dansinn, en fanst hann of einhliða skemtun. Hvetti hún til þess að ungmennafélagar innan þessa félags, gengjust fyrir því að leiknar yrðu upp hér í sveit hinar gömlu þjóðlegu skemtanir, svo sem skíða og skauta ferðir, sem bæði væru hollar og skemtilegar hreyfingar. Fremur litlar umræður urðu um þetta mál, en fanst flestum að íhugandi væri að koma á nokkrum samtökum, með skíða og skauta ferðir, innan þessa félags, sökum þess hvað félagssvæðið væri stórt, og litlir staðhættir hér til þeirra hluta.

Þegar hér var komið, voru þau málefni, sem auglýst höfðu verið á fundarboði, útrædd.

Kom þá fram fyrirspurn – aðallega frá kvenfólkinu – hvort ekki ætti að halda skemtisamk. á þessu sumri, eins og að undan förnu.

Var þá farið að ræða þetta, fram og aftur og hafa víst sjaldan, eða aldrei verið jafn almennar umræður um nokkurt mál, sem þetta.

Að endingu var mynduð tillaga og hún borin upp, um hvort ekki skyldi halda opinbera skemtisamkomu á sumrinu. Var tillagan samþykt með miklum meiri hluta.

Síðan var kosin skemt[illegible]nefnd og hlutu kosningu:

Sigríður Jóhannsdóttir Úlfsstöðum

Hólmfríður Jónsdóttir Víðivöllum

og María Þorsteinsdóttir Hrólfsstöðum. Fundi slitið [illegible].

Vagn Gíslason. Sigríður Jónsdóttir (ritari)

Ár 1933 þann 20. dag nóvembermánaðar var fundur settur af formanni félagsins „Glóðafeykir" Vagni Gíslasyni í Miðhúsum, að Stóru-Ökrum.

Formaður félagsins stýrði fundi.

Í fundarbyrjun gengu þessi í félagið:

Gísli Sigurðsson frá [illegible], Gísli Jónsson Víðivöllum, Gunnlaugur Jónasson Úlfsstöðum og Hólmsteinn Jóhannss. Þorleifsd.

Fyrsta mál á dag-skrá var:

Upplestur fundargjörðar frá síðasta fundi, af ritara

félagsins og samþykkt.
Annað mál: Rætt um skemtisamkomu félagsins. Gat formaður þess að óhagstæð tíðar hefði jafnan verið til skaða fyrir samkomur félagsins. Einnig þess, að honum hefði tekist að fá því framgengt að fá loforð fyrir tímanum á milli jóla og Nýárs. Þakkaði séra Lárus fyrir framgöngu formanns í þessu efni.
Var þá gengið til kosningar til skemtinefndar. Þá hér var komið fundarins, hófust slagsmál og hnippingar á milli ritara félagsins og þess skrifstofu. Sjatnaði það að lokum niður, með væntanlegri sáttagjörð eftir fundartíma.
Kosningu hlutu þessir í skemtinefnd:
Gísli Sigurðsson Steinsstöðum með 8. atkv.
Ingibjörg Jónsdóttir Flugumýrarhvammi - 7. --
Þuríður Jónsdóttir Flugumýri - 6. —
Sigríður Eiríksdóttir Kjópadal - 5. —
og Ingimar Jónsson Flugumýri - 3. og hlut kesti
Þriðja mál. Framsaga séra Lárusar:
Hóf hann mál sitt á því að geta fundar, sem haldinn var að Miklabæ þann 14 þessa mánaðar að tilhlutun Guðbrandsdeildar. Gat hann starfshátta til undirbúnings þessa fundar.

Þar með að formönnum allra þeirra félaga er að andlegum málum starfa, hefði verið boðið á þennan fund. Með bréfum formanns ungmennafélags. Glóðafeykir hefði farið þannig, að honum hefði verið boðaður fundurinn áu tiltekins fundartíma, en þegar fundurinn var, þá var hann ekki heima.
Rakti séra Lárus starfsemi þessa fundar og gat þess hvað þar hefði gjörst og las upp lög þess félags er þar var stofnað. Gat hann þess að allir þeir, er hlut vildu að andlegum málum innan Miklabæjarprestakalls ættu inngöngu vísa í þetta félag. Um málið urðu engvar umræður, því tekið út af dagskrá
Fjórða mál: Næstur á mælendaskrá var Þorlendur Jónsson Flugumýrarhvammi. Hóf hann mál sitt á því að vekja máls á því að stofnað væri innan þessa félags barnadeild er hefði stuðning af ungmennafélaginu, sem slíku. Taldi hann þetta væri spor í áttina til þess að uppræta, drykkjuskap og hvert annað nautnalíf, innan þessa félags. Óskaði hann eftir því að þetta væri samþykkt hér. Nokkrar umræður urðu um þetta mál, en niðurstöður urðu þær að málið væri ekki fullburða og þess vegna, tekið út af dagskrá.

Fimta mál: „Hundurinn“ Framsögum. séra Haukur Krist...
Framsögumaður lýsti byggingu hundsins að nokkru, rakti hann skapgjörð hanns all ítarlega og dróg fram margt það í fari hundsins, sem jafnvel mennirnir sjálfir gætu tekið sér til fyrirmyndar: Svo sem ótakmarkaða tryggð hundsins og frostjsi í þágu yfirboðara síns. Sú nýregla var tekin upp í sambandi við þetta mál, að formaður hefði vald til þess að skipa alla fundarmenn, til að láta álit sitt í ljósi um þetta mál, að undanteknum þeim mönnum er mættir voru á þessum fundi í þeim tilgangi að ganga í félagið. Um þetta mál urðu all fjölbreyttar ræður og fór einn fundarmaður jafnvel fram á það, að ungmennafélagið tæki að sér auglýsingastarfsemi fyrir lapaða hunda.
Smá dofnaði svo yfir hundaræðum þessum og dóu að síðustu út, sem spangól í fjarska og þar með tekið út af dagskrá. – – –
Að síðustu gat formaður þess, að hann vildi útvega sér heimild þá er honum bæri til þess að kveðja menn til þess að koma með framsögn á næstkomandi fundi. þessir voru útnefndir: Halldóra á Vöglum Sigrún á Uppsölum og Ingimar á Fluginnýri.
Fundargjörðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið
Hagn Gíslason (fundarst.) Björn Sigtryggsson ritari

Fundur var haldinn í U. M. F. „Glóðafeykir“ sunnudaginn 7 janúar 1934.
Formaður nefndi til fundarstjóra Árna Jónsson Víðivöllum. Ritari var skipaður Ingimar Jónsson
Á fundinum voru mættir 15 félagar.
þetta gjörðist á fundinum:
1. Samkomunefnd skilaði af sér.
Ágóði af skemtuninni varð 30,60 kr.
Ingimar Jónsson talaði fyrir hönd nefndarinnar og gat þess að ágóði væri svo lítill, af því að inngangseyrir hefði verið of lágur, en aftur á móti alt dýrt, sem til þess var tekið. Ulikt í kaupstað, sem svarað: 1,00 kr af manni hverjum, sem greiddi inngangseyri. Kom til umræðu, að ráðstafa samkomulífinu þannig, að halda skemtifund, þar sem félagar keppa sig inn sameiginlega. Gísli Sigurðsson bar þetta upp fyrir fundinn og var það samþykkt að halda fundinn, með atkvæði þeirra manna sem fúsastir voru að beita kröftum sínum fyrir þetta málefni.
2. Vákortið málefni. Sigrún Jóhannsdóttir Hún taldi sig ekki við því búna að flytja

málefni og skrifari skildi það svo að um frest væri að ræða.

3. Félagsmál. Vagn Gíslason framsögum. Hann minntist á nýljum á tíma félagsins. Taldi skemmt fyrirkomulag á honum eins og verið hefði. Kom með þau nýmæli að leigja tímið yfir árið, á hverjum manni sem borgaði svo leigu eftir samkomulagi. Sá er tímið tæki á leigu, yrði að bera á það eins og krafist yrði.
Form. stakk upp á 60,00 kr. leigu.
Málið var tekið út af dagskrá, án þess að nokkrar breytingar væri gerðar um nýljum á tíma félagsins. Umræður urðu allmiklar umræður um málið.

4. Formaður talaði um íþróttir. Minntist á að nefnd hefði verið kosin til að annast um framfarir á því sviði, eins og lögin hafa tileinkað sér, að íþróttir skuli iðkaðar. Tíðræddast varð honum um sundið. Gaf þeirri íþrótt mörg fögur meðmæli að verðleikum. Taldi þetta U. M. F. sem önnur, hljóta að eiga eftir íhugun um verklega sundskaparsemi innan félagsins og að koma sér upp sundstað. Sundlaugarstaði taldi hann í tveim stöðum

í námd við Víðivelli allgóð. Að mikla kosti annar sá staður myndi félaginu heimill til sundlaugarbyggingar nú þegar eða við fyrsta tækifæri. Umræður urðu allmiklar á við og dreif. Réttmenn komu auga á það, að sérstakt barnaskólahús myndi rísa upp og þá eðlilega á þeim stað, sem sundstæði væri fyrir hendi. Fundurinn ályktaði með öllum atkvæðum að félagið teldi til með einbeittum og samhuga vilja, að hrinda þessu máli í framkvæmd, að því er allan undirbúning snerti. Svo sem um stað, kostnaðaráætlun o. fl. Formaður upplýsti, að áður kosin nefnd hafi einungis verið ætlað að finna sundstað, en ekki annað í því sambandi.
Ákveðið var að kjósa nefnd fyrir þetta mál. Formaður stakk fyrst upp á Árna Jónssyni; var síðan stungið upp á, Vagni Gíslasyni, Stefáni Jónssyni, Ingimar Jónssyni og Jóni Eiríkssyni. Tillögur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Málið tekið út af dagskrá.

Formaður gat þess, að þetta yrði sennilega síðasti fundurinn, er hann héldi sökum burtfarar sinnar. en varaformaður þyrfti í hans stað að fylla upp lög ákveðna.

fundartölu og halda 1 fund enn á þessu
félagsári.

Fleira gerðist ekki á fundinum.
Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Vagn Gíslason (fundarstj.)

Ingimar Jónsson (ritari)

Sunnudaginn 10. júní árið 1934 var aðalfundur ungmennafélags „Glóðafeykir“ settur og haldinn að Stóru-Ökrum. Formaður félagsins setti fundinn og stýrði honum. Nefndi hann til ritara Sigurð Jóhannsson í fjarveru félagsritara.

Á fundinum mættu 15 félagsmanna.

I. mál. Lagðir fram reikningar félagsins og tók gjaldkeri félagsins, Gísli Gottskálksson til máls. Síðan bar formaður reikningana undir atkvæði og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

II. mál Starfsemi félagsins. Framsögumaður Vagn Gíslason. Talaði hann um dauf-sókn félagsmanna, og hversu hægt gengi að fá menn til að taka til máls á fundum.

Einnig minntist hann á sundlaugarmálið. Þar hefði verið kosin 5 manna nefnd til starfa. Sundstað kvað hann heppilegt við Víðivalla-laug.

Um hag félagsins fór hann nokkrum orðum og minntist á hina slæmu afkomu þess.

Skemmtisamkomur hefðu verið haldnar 2 og skemmtifundur einn, sem ágóði hlaust til tiltölulega mestur af. — Skemmtiförina kvað hann hafa verið ánægjulega. Hið nauðsynlegasta fyrir félagsmenn taldi hann, að þeir öll væru haldin og aðra-menn nú ettu, að hlú að félagi sínu og rétta hver öðrum hjálpandi hönd.

Næstur tók til máls Gísli Gottskálksson. Þakkaði hann formanni fyrir hans snjöllu ræðu. Sneri sér síðan að sundlaugarmálinu. Taldi hann Reykjalaug, sem svo nærri er, hafa í þessu máli. Hvatti hann félagsmenn, að liggja ekki á liði sínu, svo myndi mál þetta verða framkvæmanlegt. Það taldi hann og nauðsynlegt, að félagsmenn hefðu það mál í framkvæmdum, sem sinna meir mætti að notum koma.

Nakkur tók til máls Rögnvaldur í Hvammi. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með sund-laugarmálinu, og því ekki rætt um það. Gerði hann fyrirspurn til formanns um leiguna, og líka þess, svaraði formaður því.
Gísli Gottskálksson taldi eina gott, að blett-urinn væri leigður, þar sem félagsmenn hefðu af honum erfiði eitt og félagið skaðaðist.
Formaður gerði síðan tillögu um það hvort leigja skyldi blettinn eða ekki og hljóðaði hún þannig - Fundurinn er því samþykkur, að leigja hinu U.M.F. Glettfeykir fáist viðunandi boð í það, að fela stjórninni, sem nú verður kosin, að öðrum kosti gjöri stjórnin um miðjan tímann. Tillaga þessi var samþykt með tveim greiddum atkvæðum.
III. Mál. Skemmtiför félagsins. Samþykt var með öllum greiddum atkvæðum, að fara út í Þórðarhöfða og jafnvel lengra. Þriggja manna stjórn var tilnefnd, þeir Vagn Gíslason, Rögnv. Jónsson og Gísli Sigurðsson.
IV Mál. Kosin stjórn. Mæltust þeir Gísli Gott. og Vagn Gíslason, til þess, að þeir yrðu ekki endurkosnir. Endurkosinn var Vagn Gíslason

formaður með 11 atkv. Gjaldkeri var kosinn Björn á Framnesi með 7 — Ritari var kosinn Sigrún á Víðivöllum með 8 - . Formaður nefndi varastjórn. Form. Stefán Hákst., gjaldk. Sigurð Ulfst. og ritara Sigrúnu Ulfst.
V Mál. Kosnir voru endurskoðendur reikninga. Endurkosnir voru þeir Stefán Hákst. og Björn Stein-Ákveðið var að halda að minsta kosti 2 skemmtisamkomur. Nefndi form. í skemmtinefnd: Sigurð Jóhannsson, Jón Jónsson og Þóru Þorkelsdóttur.
Þórunn Gunnarsdóttir, María Þorsteinsdóttir og Ágúst Jónsson gengu úr félaginu.
Fleira gerðist ekki á fundinum.
Fundargerðin lesin upp og samþykt.
Fundi slitið

Vagn Gíslason (fundarstjóri)

Sigurður Jóhannsson (ritari)

Laugardaginn 17 nóv. 1934 var settur og
haldinn fundur í U.M.F. Glóðafeykir, að
Stóru Ökrum, samkv. undangengnum fundarboðum.
Fundinum stjórnaði form. félagsins Vagn Gíslason.
Á fundinum voru mættir 22 fél.
Form. gat þess í byrjun, að sökum þess að
framsögumann, sá er átt hefði að hafa framsögu
fyrst samkv. dagskrá fundarins væri ókominn,
þá byrjaði hann á öðru máli á dagskrá, en
það var upplestur:
Las form. þá upp blað sambands U.M.F.S.,
sem honum þá hefði verið sent fyrir nokkru.
Blað þetta „Kolbeinn ungi", sem var fyrir yfirstandandi ár var að mörgu leyti fróðlegt, var þar
drepið á höfuðstarfsemi samb. á undanförnum
árum. Nú eru 24 ár liðin síðan samb. var stofnað.
Eru nú í samb. 8 félög en 6 utan þess.
Í blaði þessu var getið meðal annars um
sundiðkun innan sýslunnar, og talað um nauðsyn
þess að efla þá íþrótt af alefli svo hún
meir en þegar væri. Talin voru upp sund-
staði hér og þar í sýslunni og síðan rætt um
framtíðarstarfsemi samb. á því sviði; var bent
til í blaðinu að U.M.F.G. væri í sambands

við „U.M.F. Seyluhrepps" og Hegra um
sundlaug við Reykjarhól. Í blaðinu var
getið um starfsemi samb. áhrærandi íþróttaiðkun
og fjárframlög samb. til þess, hér í sýslu á liðnu
ári. Í blaðinu var einnig minnst á að samb.
þyrfti, að hafa sérstakan stað innan sýslunnar
fyrir samkomur sínar. Var talað um Litla-Garð
í Hegranesi, sem ákjósanlegan stað, sökum legu
og söguminninga er við staðinn eru tengdar. Sagt var
að staðinn væri hægt að fá annaðhvort til leig-
u eða kaups.
Form. gat þess að uppl. loknum, að í þessu blaði
væri einkum tvennt, sem fél. „Glóðaf." áhrærði:
1. Inntaka í samb. 2. Sundlaugarmálið.
Um inntöku í samb. sagðist hann ekki hafa
fullmyndað sér skoðun. Um sundlaugarmálið sagði
hann, að hann væri á móti því, að U.M.F.G. væri
með um sundlaugarbygginguna utan félagssvæðis;
þar sem fyrir lægi fundarsamþykkt um, að byggja
sundlaug innan félagssvæðis og staðurinn væri til.
Um blaðið Kolbein unga tóku þessir til máls:
Gísli Gottskálksson og Jón Eiríksson. Voru þeir báðir
mjög ákveðnir um afstöðu sína til þess hvort
þeim fyndist ákjósanlegt, að fél. gengi í samb. eða

ið ekki. Jón gat þess að fyr. meir hefði einkum strandað á því, að meðlimum fél. hefði þótt gjaldið fyrir hverri flaggstöng fullhátt, einnig að í lögunum. Sömu hefði verið bindindisheit, en í þessu blaði segist að það ákvæði væri þegar búið að vera. Form. gat þess þarnæst, að fyrst enginn hefði beðið um orðið tæki hann málið út af dagskrá.

II Mál. Jón Eiríksson flutti erindi. Gat framm. þess í byrjun, að hann hefði einkum búist við í sambandi við erindi sitt, að eiga orðaskipti við tvo menn innan fél. Þá Sra Lárus og Björn á Framnesi. Nú þótt hvorugur þeirra væri þá mættur sagðist hann þó mundi flytja þetta erindi. Framsögum. gat þess að ýmsir teldu stjórnmál og trúmál þau mál sem ekki ætti að ræða á fundum sem þessum. Taldi þó framsm. slíkt ei rétt, ef um umræður væri að ræða á eftir fluttu erindi, sagði einnig að þessi mál gripu inn á flest svið mannlífsins. — Erindi sitt nefndi framsögum: Frelsi. Framsögum. gat þess hversu öllum bæði mönnum og málleysingjum væri frelsi í blóð borið. Minnti hann fundarmenn á það hversu fyrstu landnemarnir hefðu þráð frelsið sem best sést á því er þeir hefðu flutt hingað til landsins frá óðulum sínum. Taldi framsögum. vera það, að við núlifandi Ísl. værum komnir af þessum frelsisvinum. Hitt sagði framsm. að sér dyldist ekki að þeir menn sem nú færu með stjórn í landinu virtust ekki vera frelsisvinir. Það sem þeir vildu nú skipuleggja hvað eina. Sem dæmi um þá skipulagningu nefndi framsm. hina nýju skipulagsnefnd, sem skipulegði svo að segja allt, sem dæmi um það skipul. gat hann um skipulag. á fólksflutn. á ákveðnum vegum á ákveðnum leiðum, framkv. af vissum bílstjórum. Fleiri dæmi um skipulagning stjórnarinnar nefndi (gat) hann, svo sem kjöt og mjólkursölu innanlands o. fl. Sagðist hann þá vonast eftir að gifta Íslands væri svo mikil, að landið yrði aldrei hjáleiga hins rússneska ráðstjórnarríkis, þó nú virtist af stjórnarvöldum keint í það horf. Erindi þetta var snjallt og vel flutt, var það þakkað með lófataki. Um þetta mál tóku til máls auk framsögum. form., Björn Sigurðsson og Gísli Gottskálksson. Um málið urðu nokkrar umræður á við og dreif, það síðan tekið út af dagskrá.

III. Mál. Skemtisamkoma félagsins. Form. gat þess að venja væri, að samkoma væri haldin að vetrinum. Formaður gat þess, að samkoma hefði verið haldin í sumar með góðum árangri, um 30 kr. hagnaði.
Næst gat hann þess að frá oddv. hreppsins hefði komið áskorun til ungmennafél. um að halda samkomu til ágóða fyrir bágstadda á jarðskjálftasvæðinu. Jón í Dal gerði fyrirspurn hvort ekki hefði einnig skorað á kvenfél. hreppsins með samkomuhald. Einn á Úlfsstöðum gerði fyrirspurn hvort ekki stæði nær, að styrkja einhv. einn sveitarmann t.d. Þorstein á Hólsfit, vegna fjósbruna hans í haust. Form. svaraði fyrirspurn sagði hann að á kvenfél. A. hefði verið skorað með samkomu, en það mun þegar hefði átt, að var búið að tilkynna U.M.F.G. ef það hefði ætlað sér að gera það. Það að styrkja Þorstein sagðist hann sist letja, en taldi þó að fél. gæti haldið 2 samk. sína til styrktar hvoru fyrirtæki, ef ungmenna fél. vildi. Sagði annars að Þorsteinn hefði farið betur út úr fjósbrunanum í vor en margir aðrir.
Næstur tók til máls Magnús á Vöglum.

Var hann staddur á fundi, þó hann væri ei í fél. en hefði málfrelsi. Taldi hann skyldu hreppsins og ekki síst U.M.F.G. að styrkja bágstadda á jarðskjálftasvæðinu, lýsti M.G. með mikilli mál-skrúði þörfinni og skyldunni að koma(?).
Þá kom fram svohlj. till. frá form.
„Fundurinn er því samþykkur að U.M.F.G. gangist fyrir því að haldin verði skemtisamkoma nú á vetrinum, til ágóða fyrir bágstadda á jarðskjálftasvæðinu"
Till. samþ. með öllum greiddum atkv. Næst kosin 5 manna nefnd til að sjá um samkomu. Kosningu hlutu:

| | | |
|---|---|---|
| Gísli Gottskálksson | með | 14 atkv. |
| Vagn Gíslason | — | 12 — |
| Jón Eiríksson | — | 7 — |
| Hallbjörg Gísladóttir | — | 7 — |
| Björn Sigtryggsson | — | 6 (með hlutk.) |

Næst var kosin dagskrárnefnd til næsta fundar. Þessir voru tilnefndir: Stefán Jónsson og Gísli Gottskálksson. Á fundinum gjekk í fél. Pétur Pálsson Víkurkoti. Fleira gerðist ekki á fundinum. Fundargjörð upplesin og samþ. Fundi slitið.

Vagn Gíslason (fundarstjóri)    Gísli Gottskálksson (ritari)

Ár 1935, hinn 26. jan. var fundur settur og haldinn í U.M.F. Glóðafeykir, að Steinsstöðum, samkvæmt undangengnum fundarboðum.
Fundinn setti formaður félagsins Dagur Gíslason Miðhúsum og tilnefndi hann Björn Sigtryggsson á Framnesi til fundarstjóra og séra Lárus Arnórss. á Miklabæ til fundarskrifara. Auk þessara manna voru þessir félagar mættir á fundinum: Stefán Jónsson Höskuldsstöðum, Gísli Gottskálksson, Árni Jónsson Víðimýri, Erlendur Jónsson, Hólmsteinn Jóhannesson, Gísli Jónsson, Jón Pálsson, Jón Jónasson Víðimýri, Sigrún Jóhannsdóttir, Hólmfr. Jóhannsdóttir.
Fundurinn var settur kl. 20⁴⁰ ([illegible])
Dagskrá var lögð fram á fundinum:

1. [illegible] (Stefán Jónsson framsm.)
2. Sundlaugarmálið (Gísli Gottskálksson).
3. Starfsnefnd fyrir síðasta samk. skilar af sér
4. Önnur mál, sem fyrir kunna að koma.

Þá er ganga skyldi til dagskrár, gat Stefán Jónsson þess, að með því að málefni það, sem hann hefði í hyggju að reifa, væri ekki félagsmál í jafnríkum mæli og önnur mál dagskrárinnar en nú orðið mjög áliðið dags — þá væri athugandi hvort ekki væri rétt að fresta sínu málefni, þar til síðar á fundinum, ef tími ynnist til. Var sú uppástunga studd. Samkv. þessu gerðist þetta á fundinum.

— I. Gísli Gottskálksson: Sundlaugarmálið.
Frummælandi reifði málið í rækilegu erindi. Gat þess fyrst hversu íþróttir almennt væru nauðsynlegar og stór þáttur í ungmennafélagsskapnum væri, enda hefði hið fyrra Umf. hér í sveit sinnt íþróttum af kappi. En nú það hefði mjög skift í tvö horn, er félagið var endurreist, eða félagið Glóðafeykir stofnað. — Þá minntist frummælandi sundíþróttarinnar sérstaklega, hversu holl hún væri og gagnleg, svo að oft yrði jafnvel til að bjarga mannslífum. Hvatti ræðum. til þess, að félagið gengist fyrir byggingu sundlaugar innan félagssvæðisins og benti á stað í Víðivalla-landi. — Um málið urðu talsverðar umræður og hnigu þær allar til stuðnings málinu. — Þessir tóku til máls: Dagur Gíslason, Björn Sigtryggsson, Stefán Jónsson og séra Lárus, allir oftar en einu sinni.
Að umr. loknum bað fundarstj. fundarmenn, að sýna hug sinn til þessa máls með handauppslyftingu, og voru þá allar hendur á lofti.
Að því búnu voru kosnar 2 nefndir, önnur

til að hugsandi himni yfir hlið andsins í framkvæmd. sem um kaup á bátsi undir væntanlega sundlaug við landeiganda Gísla Sigurðsson Víðivöllum, svo og gera athugun á fyrirkomulagi laugarinnar, útvega uppdrátt o.s.frv., — hin nefndin til þess að afla fjár til fyrirtækisins. — Í þessar nefndir hlutu þessir kosningu: Í fyrri nefndina: Gísli Gottskálksson, Vagn Gíslason, Björn Sigtryggsson. — Í þá síðari: Stefán Jónsson, Björn Sigurðsson, Ingimar Jónsson, Lárus Arnórsson og Magnús Kr. Gíslason.

II Skemmtisamkomunefnd skilar af sér.
Form. félagsins Vagn G. hafði form. fyrri nefndina, enda var hann í henni: — Skemmtisamkoma sú er um ræðir var haldin — fyrir tilmæli hreppsnefndar — oddv. Gísla Björnssonar Vöglum, til ágóða fyrir fólk á jarðskjálftasvæðinu við Eyjafjörð. Ágóði af samkomunni varð kr. 44.00 og gat formaðurinn þess, að félagsstjórnin hefði ráðist í að bæta við þá upphæð kr. 6.00 úr félagssjóði, til þess að fylla kr. 50.00, sem þegar hefði verið afhentar sýslumanninum á Sauðárkróki, sem gjöf frá U.M.F. Glóðafeykir.

III Þá Lárus Arnórsson vakti í fáeinum orðum máls á því, hve óviðeigandi það væri, að félagið Glóðafeykir legði niður öll fundarhöld síðari hluta vetrar, þótt form. fél. fari brott á fél.svæðinu í atvinnuleit (til Vestm. eyja) — svo sem verið hefði s.l. vetur. — Taldi að til þess væru varastjórnir í félögum: að hlaupa í skarðana, þá er aðalstjórn að einhverju leyti missti við. Taldi ræðum., að allir samankomnir síðari hluta vetrar hefðu lítinn áhuga til fundarhalda. Form. svaraði fáeinum orðum. Sagði þegar hafa verið fullnægt lagaákvæðum um fundarhöld í félaginu, því svo haldnir hefðu verið 5 fundir á starfsárinu, og hefði hann ekki gert ráðstafanir til frekari fundarhalda, en heimilt væri félagsmönnum það sín vegna, ef þeir kysu það, og fyllilega væri það á sér. —
Engin ályktun var gerð.
Þá er hér var komið málum kom bílstjóri nokkur ölvaður í fundinn og gaf mönnum færi fyrir það á „fari" heimleiðis. Varð þá uppi fótur og fit og fundarstörfum ekki sinnt meir. Gafst fundarritara ekki tími til að bóka fundargerð og fundarstj. vannst tími til að slíta fundi, enda var honum sjálfhætt. —
Varð slitið um kvöldið og fór hver heim til sín hið snarasta.
Á fundinum var hvorki sungið né dans stiginn.

Björn Sigtryggsson — en Lárus Arnórsson
(fundarstjóri) — (ritari)

Ár 1935 þann 10. júní, var aðalfundur ungm. fél. „Glaðafeykir" settur og haldinn að Stóru Ökrum.

Formaður setti fundinn og stýrði honum og nefndi til ritara Jón Jónasson, sökum þess, að aðalritari félagsins var ekki mættur. Á fundinum voru mættir 16 félagsmenn.

I mál – Lagði fram reikningar félagsins og lagði formaður þá fram vegna þess, að gjaldkeri félagsins var ekki mættur. Voru reikningarnir samþykktir með 13 atkvæðum.

II mál – Næsta mál var um starfsemi félagsins, og skýrði formaður frá starfsemi þess síðastl. ár, sem var þá fyrst og fremst um meðferð á túnbletti félagsins, hafði túnið verið leigt s.l. ár og fengist sæmileg leiga eftir það. Var þá næst rætt um, hvernig skyldi hafa það næsta ár, gaf formaður orðið laust, ef menn skyldu vilja ræða málið; en það var þá heldur dauft hljóðið í fundarfólki (líklega að því hefir verið kalt). Samt tók til máls Björn á Ökrum og taldi honum best að leigja það áfram, ef sæmileg leiga fengist eftir það. Tóku þá fleiri að láta til sín heyra og voru þeir á sama máli. Svo var borin upp þessi tillaga: „Fundurinn er því samþykkur að tún félagsins á Grundsholti verði leigt út með svipuðu fyrirkomulagi og s.l. ár" Samþykkt með 13 samhljóða atkv.

III mál – Næst var rætt um framtíðarstarfsemi félagsins og þá aðallega sundlaugarmálið og var form. félagsins framsögumaður. Skýrði hann frá því, að það hefði verið kosnar 2 nefndir s.l. vetur, að sjá um allan undirbúning í þessu máli. Sagðist hann hafa verið í þessari nefnd, og sagði að sitt hlutverk hefði verið, að fá áætlun fyrir sumar, um það hvað laugin mundi kosta, og var búist við að hún mundi verða um 3 þús. kr. Hvatti form. ungm. félaga til þess að standa fast saman með að hrinda þessu máli áfram, og hélt hann langa og góða ræðu um það, hvað þetta væri nauðsynlegt að fá laugina, sérstaklega fyrir unglingana. En sökum þess, að voru ekki fleiri nefndarmenn mættir, þá var ekki rætt meira um þetta á þessum fundi, og málið því tekið út af dagskrá.

4. mál. – Næst var kosið í stjórn félagsins og þá fyrst formaðurinn. Beiddist form. Vagn Gíslason undan því að vera kosinn form. áfram. Samt var hann kosinn formaður áfram með 16 atkv. og varaformaður Gísli Gottskálksson. Gjaldkeri var kosinn Björn Sigtryggsson með 8 atkv. varagjaldkeri Björn Sigurðsson. – Ritari var kosinn Stefán Jónsson með 8 atkv. en vara-ritari Sigrún Jónsdóttir.

5. mál – Síðast var rætt um skemtiferð félagsins, sem er ákveðið, að fara skuli á hverju sumri. Voru allir með því að förin yrði eitthvað norður á bóginn. Stefán á Höskuldsstöðum stakk uppá því að förin yrði í Svarfaðardal. Fundarmenn voru nokkuð tvískiftir um það hvert fara skyldi. Kom fram tillaga frá Sigrúnu Jóhannsdóttur: „Fundurinn er því samþykkur að farin verði skemtiferð austur að Mývatni". Tillagan

samþykkt með 9 atkv. gegn 3. Önnur tillaga kom fram frá Stefáni Jónssyni: „Fundurinn ákveður að farin verði skemtiferð norður í Svarfaðardal á þessu sumri". Tillagan felld með 5 atkv. gegn 4. — Var því ákveðið að fara austur að Mývatni og var kosin nefnd til þess að sjá um ferðina; og urðu það Hólmfríður Jónsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir, Jón Jónasson og Erlendur Jónsson.

Síðan var fundi slitið og hafði hann staðið í 4. tíma

Vagn Gíslason
form.

Jón Jónasson
fundarritari

---

Ár 1935 þann 11 Ágúst var fundur settur og haldinn í U.m.f. „Glóðafeykir" að Ökrum að undangengnum fundarboðum. Form. fél. Vagn Gíslason setti fundinn og skipaði honum og var Gísli Jónsson tilnefndur fundarritari, sökum þess að ritari félagsins og varavitari voru ekki mættir. Á fundinum voru 9 fél. menn mættir. Auk þess sátu fundinn nokkrir gestir.

Í félagið gekk í fundarbyrjun Birna Þorsteinsdóttir Kráksstöðum

1. mál á dagskrá var ákveðið framsögumaður Stefán Jónsson

Þetta málefni Stefáns var ekki tekið fyrir, því af sérstökum ástæðum gat hann ekki setið fundinn.

II málefni fundarins var það að lesnar voru, af formanni fundargerðir tveggja síðustu funda. Gerði hann við þær lítilsháttar athugasemdir; síðan bar hann þær upp til samþykktar.

3ja málefni fundarins var, að nefndir þær, sem starfað höfðu að sundlaugarmálinu skili frá störfum sínum. Önnur nefndin var fjáröflunarnefnd og voru þrír í þessari nefnd, en ekki nema einn mættur á fundinum, Björn á Ökrum. Tók hann til máls fyrir hönd nefndarinnar og skýrði frá því, að hún hefði aldrei komið saman til skrafs og ráðagerða, en þó hefðu 2 úr nefndinni gengist fyrir því, að haldin yrði samkoma til ágóða fyrir sundlaugina og ágóðinn af þeirri samkomu hefði numið um Kr. 55,00 — Hin nefndin hafði verið skipuð til að semja um kaup á sundlaugarstaði við Víðivallalaug við eiganda þess, Gísla bónda á Víðivöllum. Þrír höfðu verið kosnir í þessa nefnd, en ekki nema einn mættur - formaður félagsins Vagn Gíslason. Gat hann þess, að nefndin hefði komið saman á fund, að Víðivöllum, og gengið þar frá óskráðum samning um sundlaugarstaðið, og að Gísli bóndi hefði látið ungm.félaginu sundlaugarstaðið í té, endurgjaldslaust og auk þess, nokkra spildu austan við laugina, til leikvallar, en sú spilda væri þýfð, og þyrfti því nauðsynlega að brjóta það land, sem allra fyrst. Gat formaður þess, að gjafabréf mundi verða samið af Gísla bónda á Víðivöllum, von bráðar.

4ða málefni fundarins var að kjósa skemtinefnd.

Formaður gat þess, að komið hefði fram raddir um að halda skemtisamkomu, kvaðst hann vera því fylgjandi, ef ágóðanum af þeirri samkomu yrði varið til sundlaugarbyggingarinnar. Voru félagsmenn þessu samþykkir.

Formaður tilnefndi þær Aðalbjörgu Gísladóttur og Halldóru Jónsdóttur, til að sjá um samkomuna og var sú tilnefning samþykt.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum — Fundi slitið.

Vagn Gíslason (formaður)

Gísli Jónsson (fundarritari)

---

Sunnudaginn 5. júlí 1936 var haldinn aðalfundur í ungmennafélaginu „Glóðafeykir" að Stóru-Ökrum, að undangengnum fundarboðum. Ellefu félagsmenn voru mættir. Formaður setti fundinn og stýrði honum, nefndi hann til ritara Sigríðu Jóhannsdóttur. — Í félagið gengu: Pétur Sumarliðason og Sigurður Helgason. Formaður lýsti yfir því, að sökum löglegra forfalla, hefði fundurinn ekki getað orðið í maí, eins og lög mæla fyrir.

1. Formaður talaði um starfsemi félagsins á liðnu ári og þá aðallega sundlaugarmálið, sem lengi hefði verið á stefnuskrá félagsins. Las hann og upp styrkbeiðni félagsins til sundlaugarbyggingarinnar, til fjármálaráðherra, og kvað hann hann hafa tekið vel í það.

2. <u>Tún félagsins</u>. Formaður skýrði frá því, að tún félagsins hefði verið leigt að undanförnu. Sr. Lárus gerði fyrirspurn um, hvort tíð væri að leigja það á komandi ~~[illegible]~~ vori. Urðu nokkrar umræður um túnið, og hvort það skyldi leigt eða ekki. Kom tillaga frá sr. Lárusi: „Fundurinn samþykkir að fela stjórninni að leigja tún félagsins þegar í stað, fyrir yfirstandandi sumar og ráðstafa því framvegis ekki seinna, en seint á vetri, fyrir næsta slátt". Tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

3. Lagði fram reikninga félagsins. Stóð sr. Lárus upp og kvað reikningana ekki nógu glögga, eða vel sundurliðaða, einnig væru óinnheimt ársTillög nokkurra félagsmanna. Tók þá til máls Björn Sigurðsson og kvað hann ekki það við reikningana að athuga, að ekki mætti bera þá upp. Urðu talsverðar umræður um þetta mál, fyrir Birni og presti. Tók þá til máls Pétur Sumarliðason og hvatti fundarmenn til að láta álit sitt í ljósi um þetta mál, svo að hægt væri að taka það út af dagskrá. Eftir nokkrar umræður var borin upp svohljóðandi tillaga frá sr. Lárusi: „Í trausti þess, að reikningar félagsins fyrir s.l. starfsár þess, verði endurskoðaðir af báðum endurskoðendum og í þann hátt sundurliðun á sjóðeign fél. (eign í peningum og óinnheimt) og að ekki falli undir liðinn „óinnheimt" nema í hæðsta lagi ársTillög fárra félagsmanna felst fundurinn á að samþykkja reikningana". Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og reikningarnir þar með samþykktir.

4. <u>Framtíðarstarfsemi félagsins</u>. Formaður talaði nokkur orð um framtíðarstarfsemi félagsins bæði tún þess og sundlaugarmálið, og lét í ljósi áhuga ~~sinn~~ fyrir því, enda hefði hann verið góður talsmaður þess, frá upphafi. Sr. Lárus talaði um framtíðarstarfsemi þess, ~~[illegible]~~ á víð og dreif og kvað það heldur athafnalítið. Nefndi hann mikið hversu slæmur andi ríkti í þessum félagsskap og óstundvísi væri mikil og margt fleira sem kom þar til greina. Einnig talaði hann um að fundir væru ekki nógu margir, eftir því sem lög mæla fyrir.

Talaði þá form. og kvað ekki gott að koma á fundum, þar sem þeir væru svo illa sóttir, og fáir fengjust til að koma með málefni. Kvað hann og oftlega erfitt að stjórna þess um félagsskap, sem svo slæmur félagsandi ríkti í. Pétur Sumarliðason kvað sér þykja leitt að heyra hve dauft hljóð væri í mönnum með þennan félagsskap. Hvatti hann fél. menn til að auka íþróttir og skemtana líf, og kvað þá verða að standa saman um sín áhugamál og myndi sundlaugarmálið ágætt málefni að sameinast um. Einnig taldi hann sjálfsagt að fá unglinga til að tala á fundum. Var því ákveðið að koma með spurningar til félagsmanna sem þeir skyldu svara á næsta fundum. Voru þær þessar:

1. sp. Hverjar eru orsakir óstundvísinnar? Kom frá br. Lárusi og nefndi hann til að svara Vagn Gíslason.

2. sp. Hvað er það sem mest getur prýtt og mest lýtt hvern unglíng og hvers vegna? Kom frá br. Lárusi og nefndi hann til að svara Sigríður Jóhannsdóttir.

3. sp. Hvaða fornmann eða fornkonu þekkir þú versta eða og hvers vegna. Kom frá Pétri Sumarliðasyni og nefndi hann til að svara: Pétur Pálsson, Björn Þorsteinsdóttur og Hólmfríði Jóhannesdóttur.

5. <u>Skemtiferð</u>. Stungið var upp á að fara norður í Svarfaðardal og það samþykkt með miklum meiri hluta. Var þá kosin skemtiferðanefnd og kosningu hlutu: Sigurður Jóhannsson Friðfinnur Hjartarson og Pétur Sumarliðason. Var þessari nefnd falið að annast um skemtiferðina.

6. <u>Kosin stjórn</u>. Þessir hlutu kosningu: Vagn Gíslason formaður, með 11 atkvæðum. Stefán Jónsson ritari, með 8 atkv. Björn Sig-tryggsson gjaldkeri, með 11 atkv. Varastjórn: Lárus Arnórsson formaður, Sigríður Jóhannsd. ritari, Björn Sigurðsson gjaldkeri.

Fundargerð lesin upp og samþykt. Fundi slitið.

Vagn Gíslason
form.

Sigríður Jóhannsd.
(fundar.ritari)

---

Ár 1937 laugardaginn 16. Jan. var haldinn fundur í ungm. fél. „Glóðafeykir" að Stóru Ökrum. Formaður Vagn Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum. Br. Lárus Arnórsson fundarritari. Mættir voru auk formanns: Sig. Úlfsstöðum, Gísli Sölh.gerði, Gísli J. Víðiv. Lárus Arnórsson, Ólafur Júlíusson, Stefán Jónsson, Friðfinnur Hjartarson. Alls 8. Auk þess mætti utanfél. m. Magnús á Vöglum.

1. <u>Sundlaugarmálið</u>. Form. Vagn G. hreyfði því og sagði að vilyrði hefði fengist hjá Hér. Guðm. um fjárveitingu til laugarinnar, 1937 og þyrfti að sjá að því öllum árum, að koma málinu í framkvæmd. Gat þess að á döfinni væri sundlaugar mál hjá Seiluhreppingum, við Reykjarhól. Hefði komið til máls, þar um, að báðir hrepparnir sameinuðust um laug þar. Umræður um þetta mál urðu nokkrar og hnigu allar í þá

átt að halda sig við laugarbygginguna hér í hreppi og halda því máli til streitu, og var lagt til að hefja verkið þegar á næsta vori, hvort sem styrkur fæst frá því opinbera eða ekki. Rætt var um að láta þrýsta á þetta mál við hlutaðeigandi ráðherra og kom tillaga um að formaður talaði við alþm. sr. Sigfús Jónsson, til þess að fá hann til að knýja á málið. Einnig að formaður talaði við ráðherra, ef hann færi til Reykjavíkur í næsta mánuði. – Til máls tóku í þessu máli auk form. Magnús Vagnsson, Stefán Höskuldsst. sr. Lárus Arnórsson Gísli Gottskálksson – Tillaga um að hefja verkið í vor, samþykkt með öllum atkv. allra fundarmanna. Tillaga kom einnig fram um að safna vinnuloforðum á einhvern vissan ½ mánuð á vorinu og nefnd sé kosin til að hafa umsjón með verkinu með leyfi til þess, að ráða mann til þess að sjá um verkið. Kosnir voru: Stefán Jónsson, Gísli Gottskálksson og Sigurður Jóhannsson.

Í félagið gekk: Gunnar Valdimarsson Bólu og Ólafur Júlíus. Miklabæ.

2\. Tún félagsins. Talað var um hvernig fara skyldi með leigu á túni félagsins eftirleiðis. Valtið var máls á því, að ákjósanlegast væri að félagið sjálft nytjaði blettinn og ynni að heyskapnum í félagsskap. Formaður upplýsti, að sú aðferð hefði verið reynd fyrsta árin og gefist illa, fyrir slæma sókn. Valtið var máls á því, að leigja túnið ekki nema með því móti að hreppi væri, að útlendur áburður væri nægilega mikill

borinn á túnið. Formaður upplýsti að þess hefði verið gætt og hefði svo alltaf verið. Tillaga um að fela stjórninni að ráða framvegis um þetta mál, samþykkt án atkvæða.

3\. Skemtisamkoma. Sumir vildu halda hana strax, en aðrir fresta því til sumars. Engin ákvörðun tekin í bili. Stefáni á Höskuldsstöðum var falið að stinga upp á mönnum í samkomunefnd. Stakk hann upp á Sigurði Jóhannss. Hólmsteini Jóhannessyni og Ólafi Júlíussyni.

4\. Jón í Djúpadal átti að hafa framsögu á fundarmáli; en mætti ekki og tók enginn að sér, að hlaupa í skarðið fyrir Jón.

Fundargerð upplesin. Fundi slitið.

(Fundur stóð frá 6,13 – 7.40 Hafði verið boðaður kl. 4.)

Vagn Gíslason (form.)

Lárus Arnórsson (fundarritari)

---

Ár 1937 mánudaginn 26 April var haldinn aukafundur í U.m.f. „Æskufylki", að Stóru Ökrum. Mættir voru þessir félagsmenn auk formanns ~~sem~~ voru, sem stýrði fundinum: Stefán Jónsson, Birna Þorsteinsdóttir, Aðalbjörg Gísladóttir, Hólmfríður Jóhannesdóttir. Fundur var settur kl. 7½.

Fundarmál voru þessi:

I. Sundlaugarmálið. Formaður gat þess, að fyrsta málið og aðalmálið á dagskrá væri sundlaugarmálið, og að hann hefði búist við, að Lúli Gottskálksson yrði þar frummælandi en nú væri hann ekki mættur. Fór hann svo nokkrum orðum um þetta fyrirtæki félagsins og minntist meðal annars á fjáröflunarleiðir því til handa. Gat þess í því sambandi, að ekki mætti teljast óráðlegt, að leita til Kvenfélagsins með fjárstyrk og jafnvel til hreppsfélagsins. Upplýsti hann að á morgun yrði Kvenfélagsfundur og skaut því til fundarmanna, hvort ekki myndi ráð, að senda þeim fundi ávarp um fjárbeiðni, eða fá mann á fund þeirra, til að frambera beiðni þessa. Umræður urðu litlar en fram komu tvær tillögur; frá L.Á. „Fundurinn felur stjórninni, ásamt nefndinni frá síðasta fundi, að stuðla að því, að þegar í stað verði hafist handa, með undirbúning á sundlaugarbyggingunni, svo að vinna geti hafist á ~~næsta vori~~ sem allra fyrst á næsta vori." Tillagan samþykkt með öllum greiddum atk. — Síðari tillagan sem samþykkt var með samhljóða atkvæðum, var þannig:
„Fundurinn felur stjórninni að leita hófa um fjárframlag til sundlaugarinnar, bæði hjá Kvenfélagi sveitarinnar og hreppsfélaginu".

II. Birna Þorsteinsdóttir svaraði spurningu þeirri, sem lögð var fyrir hana á síðasta aðalfundi. Spurningin var:
„Hvaða fornmann eða fornkonu þykir þér vænst um og hvers vegna?" — Birna kvað sér þykja vænst um fornkonuna Ásdísi á Bjargi og mest um hana vert. Flutti hún fram álit sitt á Ásdísi og rök fyrir því áliti í stuttu en prýðilega sömdu erindi. Þakkaði formaður erindið. Umræður urðu engar.

III. Formaður vakti máls á því, að nú orðið væri mjög illt að fá góða „músik" á samkomum ungmennafélagsins og annara félaga. Hún væri orðin rándýr, og þó væri um fáa að gera, sem spiluðu svo vel, að fólki líkaði. Lagði til, að félögin hér í sveit slægju sér saman um að kaupa góðan grammofón með hljóðauka (Forstærkjara).
Kom hann svo fram með þessa tillögu: „Fundurinn telur vandræði fyrir félög sveitarinnar hve hár kostnaðarliður felst í „músikinni" á skemmtisamkomum þeirra, og telur æskilegt að ungm.f. „Glóðafeykir" beiti sér fyrir því, að settur yrði hljóðauki í Akraþinghúsið, svo að unnt væri að nota grammafónsmúsik fyrir dans." Samþykkt.

Fundargjörð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið

Lárus Arnórsson
(varaformaður)

Stefán Jónsson
(ritari).

Ár 1937. sunnudaginn 30. maí var haldinn aðalfundur í u.m.f. „Glóðafeykir“ að Stóru Ökrum kl. 6 síðd. (boðaður kl. 4). Formaður setti fundinn og stýrði honum. Á fundinum voru mættir þessir félagar: Vagn Gíslason, Björn Sigtryggsson, Stefán Jónsson, Sig. Jóhannsson, ~~Guðm. Ólafsson~~, Ólafur Júlíusson, Gísli Jónsson, Árni Jónsson, Hólmfríður Jónsdóttir, Hólmfríður Jóhannesd. Aðalbjörg Gíslad., Pétur Pálsson, Valdimar Jónsson, Jón Eiríksson, Gísli Gottskálksson, Jón Hallsson, Nikólína Þorkelsdóttir.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Í félagið gengu Skarphéðinn Eiríksson Lilja Valdimarsdóttir og Guðmundur Ólafsson ~~og sátu þau öll~~. Úr félaginu gekk Björn Sigurðsson á Ökrum.

II. Gjaldkeri (Bj. Sigtr.) lagði fram og las upp reikning fél. s.l. ár 1936–37 og gat þess að hann væri óendurskoðaður. Þar eð reikningarnir voru ekki endurskoðaðir voru þeir ekki bornir upp til samþykktar og umræður um þá engar.

III Stjórnarkosning: Formaður (Vagn G.) og gjaldkeri (B. Sigtr.) gáfu ekki kost á sér til endurkosningar. Fór þá fram kosning og féll hún þannig:

Formaður: Gísli Gottskálksson (13 atkv.)
Ritari: Stefán Jónsson (13 atkv.)
Gjaldkeri: Gunnar Valdimarsson (5 atkv.) með hlutkesti milli hans og Sigurðar Jóhannssonar.
Varaformaður: Sigurður Jóhannsson (með 10 atkv.)
Vara-ritari: Jón Eiríksson (– 5 –)
vara gjaldkeri: Ingimar Jónsson (– 5 –) með hlutkesti milli hans og Gísla Jónssonar.

Endurskoðendur kosnir Ingimar Jónsson og Vagn Gíslason með samhljóða atkvæðum.

IV. Formaður fór nokkrum orðum um starfsemi félagsins á árinu og mintist fyrst á fundahöld félagsins, sem á liðna árinu hefðu verið fremur dauf. Á sundlaugar-málið mintist hann einnig og skýrði frá því, hvernig því máli væri komið, kvað hann þegar byrjað á verkinu og allar líkur til þess, að því verði lokið á þessu vori. Gísli Gottskálksson talaði í máli þessu og gat þess, að framkvæmda-nefndin hefði þegar í vor safnað allmiklu af gjafadagsverka-loforðum ~~og~~ bæði hjá ungm. félögum og utanfélagsmönnum, hér í sveitinni og hefðu nú þegar allmörg af þeim verið unnin. Auk þess hefðu verið unnin og mundu vinnast allmörg gjafadagsverk sem félagar í Prestafélagi Miklabæjarsóknar hefðu á fundi hjá sér, fyrir einu eða tveimur árum, samþykkt að gefa þessu fyrirtæki. Ennfremur gat hann þess, að einn gamall sveitungi og félagi Pétur Jónsson (frá Þorleifsst.) nú á S.krók. hefði lofað að gefa 1 sementstunnu, eða sem því svaraði. Mintist ræðumaður þakksamlega á undirtektir og framlög þessara gefenda allra.

Stefán Jónsson sagði, að þar eð síðasta ræðumanni hefði láðst að geta þess, þá væri einnig vert að minnast þakksamlega á framlag það, sem Kvenfélag Akrahrepps hefði lofað til sundlaugarinnar, á síðasta fundi þess, sem hefði verið 100 krónur, einnig að hreppsnefndin hefði tekið vel í að styrkja mál þetta, með fjárframlagi úr sveitarsjóði er numið gæti allt að 200 kr. Þá gat hann þess einnig að í vetur, er hann dvaldi í Rvík hefði ~~traktor~~ hann fyrir hönd form. Ungm.f. (U.S.) fundið atvinnumálaráðherra Har. Guðm. og hefði hann gefið loforð um að styrkur til sundlaugar þessarar skyldi veittur úr ríkissjóði 1000 til 1200 krónur, er greiddist smátt og smátt, eftir því sem verkinu miðaði áfram. — Var svo umræðum um þetta mál lokið.

Jón Eiríksson tók til máls um stefnubreytingu í starfsemi félagsins og taldi @ fundir væru illa sóttir. Kom hann með þá uppástungu, að félagsmönnum væri skift niður í flokka og að hver flokkur ætti svo að sjá um einn fund og að á fundunum væri svo borin fram mál-efni af flokknum, upplestur hafður, (bæði sögur og kvæði) og hvað fleira, sem þeim flokki dytti í hug að hafa, til skemtunar og uppbyggingar á fundum og svo væri sennilega ekki svo óheppilegt, að hafa dans á eftir fundum. ~~Tillaga~~ Umræður urðu töluverðar um þetta mál.

Stefán Jónsson kvaðst hafa hreyft þessu máli, í svipuðu sniði, einkum því, hvað bætt gæti fundarsókn félagsmanna — nú fyrir nærri tveim árum, á fundi. Á þeim fundi hefði verið talað um, að reynandi væri, að breyta um fundarstaði; hafa þá dreifðari um okkar langa félagssvæði. Annars kvaðst hann mundi vera samþykkur uppástungu Jóns, eða hverju því, sem stuðlaði að bættri fundarsókn og betra félagslífi. Gísli Gottskálksson tók í sama streng og taldi að nauðsynlegt væri, að reyna hver þau ráð, sem bætt gætu fundi félagsins og fundarsókn. Tillaga kom fram frá Jóni Eiríkssyni og samþykt með samhljóða atkvæðum: „Fundurinn ályktar, að fela stjórn félagsins, að skifta ~~fundar~~[félags]mönnum niður í 6 nefndir, er sjái um 1 fund hver á árinu í samráði við formann félagsins og sé einn skipaður formaður nefndarinnar".

Þá tilnefndi formaður félagsins fyrstu nefndina, til að sjá um næsta fund, sem æskilegt væri, að gæti orðið um 14 helgina. Í þeirri nefnd voru: Jón Eiríksson formaður, Valdimar Jónsson, Nikólína Þorkelsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Hólmfríður Jóhannesdóttir, Gunnlaugur Jóhannsson, Pétur Pálsson.

V. Skemtiferð félagsins. Tillaga kom fram frá Vagni Gíslasyni um að fara skemtiferð í Vesturdal. Hún felld með 8 atkv. gegn 5. Önnur tillaga frá Sigurði Jóhannssyni og fleirum um að fara austur að Ásbyrgi og Dettifossi, samþykt með 8 atkv gegn 4. — Samþykt [var] með öllum atkvæðum, að leyfa ekki utan-

félagsmönnum þátttöku í skemtifundum félagsins. Í skemtifundanefnd voru kosnir: Sigurður Jóhannsson, Árni Jónsson og Gísli Jónsson.

VI. Tún félagsins — Formaður gat þess, að tilboð hefði komið í tún félagsins með 60 króna leigu, og væri leigutaki á það 4 poka af Nitrophoska og er þegar búið að bera á einn þeirra,

Formaður (G.G.) þakkaði fráfarandi formanni (V.G.) fyrir starf hans, sem formanns félagsins undanfarin ár.

Fleira ekki til umræðu. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið.

Vagn Gíslason (p.t. formaður)     Stefán Jónsson (ritari)

---

Sunnudaginn 15. Apríl 1937 ~~var boðað~~ átti samkvæmt fundarboðum, að halda aukafund í ungm.f. „Glóðafeykir“, að Stóru Ökrum. Formaður (G.G.) mætti og 2 menn aðrir (Guðr. J. og St. J.), Varð því ekkert af fundi.

Stefán Jónsson

---

Miðvikudaginn 10. Nóv. 1937 átti samkvæmt fundarboðum að halda aukafund í ungm.f. „Glóðafeykir“ að Stóru Ökrum. Af fundi gat ekki orðið, þar eð ekki mættu aðrir félagsmenn, en formaður (G.G.) og 2 aðrir.

Stefán Jónsson.

---

Des. 1937 átti samkvæmt fundarboðum að halda aukafund í ungm.f. „Glóðafeykir“ að Stóru-Ökrum. Fundur var ekki haldinn, þar eð ekki mættu aðrir en formaður og 1 félagsmaður, auk hans.

Stefán Jónsson.

---

Ár 1938 Föstudaginn 25. Febr. var haldinn aukafundur í Ungm. fél. „Glóðafeykir“, að Stóru-Ökrum. Á fundinum voru mættir þessir 5 félagsmenn: Gísli Gottskálksson, Stefán Jónsson, Jón Eiríksson, Vagn Gíslason, Aðalbjörg Gísladóttir.

Formaður setti fundinn og skýrði frá því, að þetta væri í 4ða sinn, sem hefði verið boðað til fundar, í sumar og vetur og í þrjú skiftin án árangurs, en í þetta sinn varla fundarfært, vegna fámennis, og bæri þetta vott um mjög dauft félagslíf, eða félagsanda. Sagði formaður, að hann byggist við, að úr því að Jón í Djúpadal — sem frummælandi og formaður nefndar þeirrar, sem átti að byggja upp þenna fund — væri hér kominn, þá mundi hann búinn undir fundinn. En á hinn bóginn væri líklegt, að honum mundi þykja fundurinn of fámennur, til að flytja þar erindi, sem ætlast væri til, að næði fleiri eyrum, en hér væru, og tilætlunin sú, að umræður yrðu um.

Jón í Djúpadal kvaðst vera undirbúinn að flytja erindi sitt, en hann kvað sér þykja fundurinn fámennur, því erindi

það, sem hann hefði ætlað að flytja væri þess eðlis, að það tæki til þorra manna í félaginu hér, og þó einkum eldri-lýðs sveitarinnar – Fundarmönnum kom saman um það, að Jón frestaði framsöguræðu sinni til næsta fundar – með því líka, að enginn af mótnefndarmönnum var á fundinum.

Formaður fór nokkrum orðum um sundlaugarmálið og sundlaugina, sem var að mestu fullgerð s.l. haust, og verður lokið við í vor. Í sambandi við það snérist mál manna að því, að nauðsynlegt væri að kenna yngri sund í vor við laugina, því það væri vilji og ósk margra hér í sveit. Umræður um sundkennsluna urðu talsverðar, á víð og dreif; voru allir sammála um það, og að sund yrði kennt í vor við laugina. – Fundurinn samþykkti að fela stjórn félagsins, að sækja um sundkennslustyrk til sýslunefndar. Einnig að ráða mann til sundkennslunnar.

Samþykkt var að leita samskota – gjafadagsverka – meðal félagsmanna í vor, til að vinna að því að rækta og laga til í kringum laugina og grafa skurð þann frá henni, sem nauðsynlegt er, að gerður verði á næsta vori.

Talað var talsvert um fjáröflunarleiðir félaginu til handa og í því sambandi minnst á skemmtisamkomu, tombólu, krónuveltu o.fl. Engin ákvörðun var tekin í þetta sinn, en slegið á frest til næsta fundar, sem vænta mætti, að yrði eitthvað mannfleiri, en þessi.

Fleira ekki rætt. Fundargjörð lesin og samþ. – Fundi slitið.

Stefán Þórisson.

Sunnudaginn 12 júní 1938 var settur og haldinn aðalfundur ungmennafélagsins „Gljúfrabúi" að Skóg-Ótrum. Form. félagsins Gísli Gottskálksson setti fundinn og stýrði honum. Ritari félagsins nefndi til skrifara Guðm. Valdemarsson. Í félagið gengu: Páll Ólafsson. Pétur Sigurðsson og Jóhannes Stefáns. Úr félaginu gengu: Björn Sigtryggsson, Þuríður Jónsdóttir, Ingimar Þórisson og Sigrún Jónsdóttir

1. Reikningar félagsins. Lesnir upp endurskoðaðir reikningar félagsins er endurskoðendur samþykktu án athugasemda. Voru reikningar samþykktir með öllum greiddum atkv. eftir mjög litlar umræður.

2. Starfsemi félagsins s.l. ár. Fundarstjóri skýrði frá byggingu sundlaugar félagsins, milli Vítivalla og Mikla-bæjar. Við byggingu laugarinnar var Jón Þ. Sigfússon yfirsmiður. Í tilefni af því að félagið réðist í þetta fyrirtæki hafði því áskotnast ofurlítið af gjöfum er form. þess minntist með þakklæti. Taldi hann byggingu laugarinnar verða ævarandi aukulýð Blönduhlíðar til heilla og blessunar. Þá minntist hann skemmtiferðar félagsins s.l. sumar. er það fór austur að Ásbyrgi og Dettifossi. Var förin hin ánægjulegasta í alla staði. Drap fundarstjóri á starfsemi þess að fleiri leyti svo sem skemmtanir er það hélt o.fl.

3. Framtíðarstarfsemi félagsins. Fundarstjóri minntist fyrirhugaðrar sundkenslu við laug félagsins. ~~Skýrði~~ hann frá að sundkennari væri ráðinn Hjalti Jónsson frá Valadal.
Fundarstjóri gat þess að vegna byggingar fyrir sundlaugar væri félagið í allmikilli fjárþröng og yrði því að finna leiðir til fjáröflunar því, af fremsta megni. Gat form. þess að tekjur af útisamkomu er félagið hélt s. l. sumar hefðu orðið vonum meiri og taldi ráðlegt að halda útiskemtun aftur nú í sumar.
Í tilefni af umræðum um fjáröflun félaginu til handa voru kosnir í samkomunefnd, Skarphéðinn Eiríksson, Gunnl. Jóhannsson og Guðm. Valdemarsson. Er til ætlast að fyrnefnd samkoma skuli haldinn um það leyti er sundkenslu verði lokið við laug félagsins ef því verður við komið.
Þá minntist fundarstjóri á að árlega hefði verið farin skemtiferð af félögum ungmennafélagsins og taldi líklegt að félagarnir hefðu í hyggju að fara í ferðalag á sumri komandi. Á fundinum komu ekki fram ákveðnar raddir um hvert fara skyldi. Séra Lárus á Miklabæ gat þá í sambandi við fyrnefnd ferðalög að sér
..

fyndist rétt að fara við og við í skemri ferðalög en form hefði orðið og minntist þess jafnframt að æskilegt og skemtilegt væri fyrir félagsmenn að kynnast fyrst og fremst sveit sinni og sjá það er hún hefði til síns ágætis af náttúrunnar og fegurð að bjóða. Í skemtiferðarnefnd voru kosin Gísli Gottskálksson, Skarphéðinn Eiríksson, og Nikólína Þorkelsdóttir. Fram kom tillaga frá Stefáni á Höskuldsstöðum þess efnis að taka ekki utanfélagsfólk í skemtiferð ef form yrði. Var hún feld með 6 gegn 5 atkv.
4. Kosin stjórn félagsins:
Formaður: Gísli Gottskálksson með 16 atkv.
Gjaldkeri: Guðm. Valdemarsson – 11 –
Ritari: Sigurður Jóhannsson – 9 –
Varastjórn:
Sagn Gíslason form. Gunnlaugur Jóhannsson gjaldkeri og Hólmfríður Jóhannesdóttir ritari
5. Kosnir endurskoðendur: Jón Eiríksson og Sagn Gíslason.
6. Ákveðinn fundur í ungmennafélaginu á 1. sunnudag í sumri og voru tilnefndir þar til að koma með málefni, Jón Eiríksson, sr. Lárus Arnórsson og ~~Lína Þorkelsdóttir~~. Kristjmar Hjörtsson.
Fleira gerðist ekki. Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið. Gísli Gottskálksson. Guðm. Valdemarsson

Sunnudaginn 4. sept. 1938 komu nokkrir félagar U.M.F. „Glóðafeykir“ saman að Hrólfsstöðum til heyskapar fyrir félagið. Að því loknu var félögum boðið heim að Hrólfsstöðum til kaffidrykkju. Er menn höfðu drukkið sig metta af kaffi og étið fínustu kökur, og spjallað saman um daginn og veginn um nokkra stund var haldið að Stóru-Ökrum og settur og haldinn fundur þar. Form. félagsins Gísli Gottskálksson setti fundinn og stýrði honum. Til fundarskrifara nefndi hann Guðmund Valdimarsson. Á dagskrá voru tvö mál:
I. Varmahlíðarskólinn. Framsögum. Jón Eiríksson
II. Sundlaugin —〃— Gísli Gottskálksson
Þar sem orðið var áliðið dags er fundur var settur var fyrra málið tekið út af dagskrá. Þá talaði fundarstjóri um sundlaugina, var það aðallega um skurð, sem landeigendur óskuðu eftir að gerður yrði frá lauginni, svo engjar blotnuðu ekki er vatninu væri hleypt úr henni að sumrinu, taldi hann það og nauðsynlegt að hleypa vatninu úr lauginni, eftir þörfum, án þess að gera

með því nokkurn skaða. Fór hann fram á að félagar ynnu þetta verk á komandi hausti, endurgjaldslaust. Urðu um þetta mál litlar umræður og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
II. Þá tók til máls Jón í Dal og talaði aðallega um félagslíf ungmennafél. Hann taldi það vera farið að dofna frá því fyrst eftir stofnun þess, taldi hann nauðsynlegt að gera allt sem hægt væri til þess að glæða félagslífið og laða ungt fólk á félagssvæðinu í félagið. Þá tók til máls Gísli kennari og tók í sama streng og Jón. Óskaði hann álits fundarmanna á, af hverju þetta stafaði, en allir vörðust frétta um það. Fleira gerðist ekki á fundinum, fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið
Gísli Gottskálksson. Guðm. Valdimarsson.
(form.) (fundar-ritari)

Ár 1939 þann 21. janúar var settur og haldinn fundur í U.M.F.G. að St. Ökrum. Á fundinum voru mættir þessir félagar: Gísli Gottskálksson, Stefán Jónsson, Sig. N. Jóh. Sig. Helgason, Páll Ólafsson, Guðm. Ólafsson, Pétur Sigurðsson, Sigrún Jóhannsd. Hólmfríður Jónsd. Birna Þorsteinsd. sr. Lárus Arnórss. Fundinn setti G. G. form. félagsins. Framsögu á þessum fundi áttu að hafa, Stefán Jónsson og Jón í Dal en sá síðar nefndi mætti ekki. Fyrstur tók til máls sr. Lárus. Talaði hann um félagslíf U.M.F.G. Um starfsemi þess hvað snerti málfundi og áhrif þeirra á meðlimina. Um gildi og verðmæti þess manns er ótrauð gengur að settu borðinu og hins er æfingarleysi og óframfærni banna að verja málstað sinn hversu sem áhuginn kann að vera mikill. Um möguleikana fyrir stofnun Unglingadeildar innan félagsins. Um starfsemi félagsins á liðna tímanum, og einnig hin mörgu önnur verkefni, sem fyrir hendi liggja. Um íþróttalíf þess og hversu því væri ábóta vant. Drap hann á óstundvísina hversu hún væri drepandi fyrir félagsskapinn.
Næstur tók til máls G. G. og þakkaði hann presti erindið. Talaði hann um starfsemi fél. og hversu samheldnin slyppkleist við dvínandi störf saman kominna félaga. Tóku síðan félagar allir til máls hver af öðrum því ekki urðu nú allir margorðir. Stefán Jónsson talaði um slæma fundarsókn og galla málfundanna. Hófst svo önnur umferð þar sem hver félagi var skyldugur að standa upp og tala minnst 1 mínútu — mínútumumferðin — Tók nú Stefán Jónsson til máls. Las hann upp sögu frá 19. öld eftir ónefndan höfund. Fjallaði hún um sjósókn og þá erfiðleika er henni fylgdu á þeim tíma. Hófust umræður um söguefnið milli sr. Lárusar og frammælanda. Síðan drap sr. Lárus á þá verkaskiftingu að t. d. fundarstj. og ritari nefndu mann í stað sinn fyrir sig til þess að sem flestir nytu æfingar í slíkum störfum. Taldi hann og rétt að dagskrárefni væru tilkynnt í fundarboðum, og var ákveðið að skilti skildi gera. Rætt var dálítið um flutning fundarstaðar og ákveðið að hafa fundi heima hjá félögum til skiftis. Bauð sr. Lárus að næsta fund mætti halda hjá sér. Fundi slitið.

Gísli Gottskálksson
form.

Sig. Nordal Jóh.
ritari.

og voru þeir samþykktir eftir litlar umræður.
II. Form. talaði um starfsemi fjelagsins. Hefði hann þá nýbreyttni að samkenslu hafði farið fram á síðast liðnum vetri við lang fjelagsins. Samkennari var Hjalti í Valadal. Form. gat þess að fundarhöld hefðu verið dauf, og seinnipart vetrarins hefði borið mikið á dansfýllum svo lítið hefði orðið úr samkomum og fundarhöldum. Taldi hann starfsemi fjelagsins hafa verið þá sömu og undanfarið.
III. Framtíðarstarfsemi fjelagsins. Form. gat þess að girðing fjel. í kringum túnið þyrfti endurbætur og þyrfti viðgerðir á minnsta form. á samkenslu við laugina og hafði hann ráðið Hjalta í Valadal til að annast kensluna. Einnig gat hann þess að setja þyrfti skýlið í lag, en þakjárn hafði fokið af því um veturinn. Að skurð þyrfti að gera frá lauginni og hafði hann boðað fjelaga til vinnunnar en fáir mættu og skáradist lítið eitt.
Að ólagfært væri enn í kringum laugina og þyrfti það nauðsynlega að gerast. Ákveðið var að vinna að skurðgreftrinum og skyldi unnið annan í hvítasunnu og byrjað kl. 11 f.h. og unnið til kl. 4.
IV. Ákveðin skemtiferð. Kosningu í skemtiferðarnefnd hlutu Guðm. Valdimarsson, Gunnl. Jóhannsson og Valdimar Jónsson.
V. Ákveðið var að halda ball á sumrinu. Í skemtinefnd voru kosnir: Stefán Jónsson Sig. Norðdal og Sólveig Jóhannesdóttir.
VI. Kosin stjórn. Formaður Guðm. Valdimarsson með 10 atkv. vara Sig. Norðdal. Gjaldkeri Valdimar Jónsson með 6 atkv. vara Gunnl. Jóh. Ritari Sig. Norðdal með 9 atkv. vara Gísli Jóns. Endurskoðendur Vagn Gíslason og Jón í Dal. Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið.

Gísli Gottskálksson
form.

Gunnl. Jóhannsson
fundar.ritari

Ár 1939, sunnudaginn 6. ágúst var
settur og haldinn aukafundur í U.M.f.G.
að St.Gkrum, að af slöðnum heyskap hjá
félaginu. Fundinn setti form. G.V. Á fundinn
voru mættir auk form. Valdimar Jóns. Sig. Nordal
Gunnl. Jóh, Friðfinnur Hjartars. Pétur Sig.
Lína Þorkels, Birna Þorsteinsd. Guðrún Þorst.
Skarphéðinn Dal. Fyrstur tók til máls
Guðm. Vald. og ræddi um félagslífið og
þá möguleika til þess að glæða það
sem hann taldi þá helst úti íþróttir
og sérstaklega knattspyrnu. Bar hann
fram tillögu er hljóðaði upp á inntöku
Knattspyrnufél. Blönduhl. í U.M.f.G.
Hófst þá hin gamla mínúta um ferð.
Snérust umræður um væntanlegt samstarf
milli félaganna og einnig um félagslífið
innan U.M.f.G.
Ákveðið var að halda skemtisamkomu
á hausinu. Í skemtinefnd voru
kosnir Sig. Nordal, Stefán Jóns og Hólmfr.
Jóh. Til þess að koma með málefni á næsta
fund stakk form. upp á Línu Þorkels,
Gísla Gottskalks. Vald. Jóns og Friðfinni Guðm.

Í félagið gekk Emil Gunnlaugsson Vöglum,
Guðrún Þorsteinsd. Hrólfsstöð.
Fleira gerðist ekki. Fundargerð lesin upp
og samþykkt. — Fundi slitið

Guðm. Valdimarsson
formaður.

Sigurður Nordal
ritari.